# Fundargerðir bæjarstjórnar 1947-1949

Aðfnr. 5048

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

BORGAR-
SKJALASAFN

Fundargerðir bæjarstjórnar

Afrit

1947 - 1949

.075.1
AÐFANGATALA
5048

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# F U N D A R G E R Ð I R
# B Æ J A R S T J Ó R N A R
# R E Y K J A V Í K U R
# 1947 - 1949

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1947, fimmtudaginn 16. jan., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jóhann Hafstein, Gunnar Thoroddsen, Auður Auðuns, Hallgrímur Benediktsson, Sveinbjörn Hannesson, Einar Erlendsson, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Pálmi Hannesson og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.
Brunabótavirðingagjörðir, 43 að tölu, voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 9. jan. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 20. des. lögð fram.
Tillagan í 18. lið samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 3. jan. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 10. jan. lögð fram.
Ályktunin í 23. lið samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð hafnarstjórnar frá 14. jan. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerðir sjávarútvegsnefndar (útgerðarráðs) 17. og 21. des., 7. og 9. jan. lagðar fram.

VIII. Frv. um breytingar á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Reykjavík. Fyrri umr.
Frv. vísað til síðari umr. með shlj. atkv.

IX. Reikningar Reykjavíkurkaupstaðar og stofnana hans 1945 lagðir fram til úrskurðar.
Steinþór Guðmundsson bar fram svo hljóðandi tillögur til ályktunar:

I. Bæjarstjórnin telur nauðsynlegt, að störfum bæjarins verði sem allra mest þann veg fyrir komið, að hver maður beri ábyrgð á sérstökum verkum, og taki fyrir þau ákveðin laun, en yfirvinna og tvöfaldar eða margfaldar launagreiðslur hverfi úr sögunni, nema alveg sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

III Bæjarstjórnin átelur, að þau mistök skuli hafa komið fyrir við úthlutun lóða, er geri bæjarfélagið skaðabótaskylt um tugi þúsunda, og telur mikils um vert, að meiri aðgæzla verði höfð með þeim málum framvegis en hingað til.

II. Bæjarstjórn ályktar, að framvegis skuli ekki fara fram vínveitingar í samkvæmum, sem haldin eru á vegum bæjarins eða bæjarstofnana.

IV. Bæjarstjórnin telur óviðunandi, að húsaleigunefnd skuli þurfa 6 vikur til þess að komast að niðurstöðu um, hvort braggahverfi skuli notað eða ekki, og eyða þannig 10 þúsund krónum til óþarfrar varðstöðu.
Þá telur bæjarstjórnin það óviðunandi skilagrein fyrir fé því, sem varið er til braggaviðgerða, að ekki skuli fylgja reikningnum skýrsla um það, hverja bragga er við gert og handa hverjum.

V. Bæjarstjórnin telur rétt, að munir, sem keyptir eru, til þess að selja einstökum bæjarstofnunum síðar meir, séu keyptir inn á reikning Innkaupastofnunar bæjarins, og að reikningsskil fyrir þá stofnun fylgi bæjarreikningunum.

VI. Bæjarstjórnin telur rétt, að Strætisvagnar Reykjavíkur eigi þau húsakynni, sem sérstaklega hafa verið gerð handa strætisvögnunum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögur í sambandi við till. Steinþórs Guðmundssonar:

I. Bæjarstjórn felst á, að óhjákvæmilegt sé að greiða starfsmönnum bæjarins aukaþóknun fyrir störf, sem þeir vinna utan síns áskilda starfstíma og óskyld eru aðalstarfi þeirra, enda væri annað í ósamræmi við reglurnar um greiðslu fyrir eftirvinnu, sem bæjarstjórnin sjálf hefur sett. Hinsvegar telur bæjarstjórnin það mikilsvert, að dregið sé úr allri slíkri aukavinnu eftir því, sem föng eru frekast til.

II. Bæjarstjórn felur bæjarráði og borgarstjóra að kveða á um, hvernig háttað skuli veitingum í samkvæmum og veizlum á vegum bæjarins, eftir því sem við á hverju sinni, en telur eðlilegt, að svipaður háttur sé á þessu hafður og tíðkast í veizlum ríkisins og öðrum slíkum almennum samkvæmum.

III. Þar sem það er einsdæmi, að bæjarsjóður verði skaðabótaskyldur vegna mistaka við lóðaúthlutun, og þar sem vitað er, að bæjarráð hefir þegar gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir slík mistök, þykir bæjarstjórn ekki ástæða til að gera ályktun um málið á þessu stigi.

IV. Bæjarstjórn telur sjálfsagt, að reikningar Innkaupastofnunar bæjarins fylgi héðan í frá reikningum Reykjavíkurkaupstaðar, og mælir svo fyrir, að reikningsskil fyrir þann hluta ársins 1945, sem stofnunin starfaði, skuli gerð með reikningum 1946.

V. Bæjarstjórn felur bæjarráði að kveða á um, hvort hús þau, sem notuð eru fyrir strætisvagnana, skuli haldast í eigu bæjarsjóðs eða verða seld Strætisvögnunum.

Pálmi Hannesson fór af fundinum kl. 6.45 með leyfi forseta.

Fundarhlé kl. 8 - 9½.

Kl. 9½ var fundinum haldið áfram, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, allir þeir sömu bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar, sem áður sátu fundinn nema Katrín Pálsdóttir. Í stað hennar var kominn Jónas Haralz varabæjarfulltrúi.

Reikningur Reykjavíkurkaupstaðar og stofnana hans árið 1945 samþ. með shlj. atkv.

I. till. borgarstjóra samþ. með 10 : 3 atkv.
II. - - - - 9 : 5 -
III. - - - - 8 : 4 -
IV. - Steinþórs Guðmundssonar vísað til bæjarráðs með 9 : 2 atkv.
IV. till. borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.
V. - - - - - -

X. Reikningur Reykjavíkurhafnar árið 1945 lagður fram til úrskurðar. Reikningurinn samþ. með shlj. atkv.

XI. Tillaga um fjárgreiðslur úr bæjarsjóði.
Tillagan er svo hljóðandi:

"Bæjarstjórn heimilar borgarstjóra að inna af höndum úr bæjarsjóði, á reikning ársins 1947, venjulegar og óhjákvæmilegar greiðslur, þar til samþykkt hefir verið áætlun um tekjur og gjöld bæjarins á árinu".

Tillagan var samþ. með shlj. atkv.

XII. Frv. um breytingar á gjaldskrá fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.
Frv. vísað til 2. umr. með shlj. atkv.

XIII. Fundargerð framfærslunefndar frá 9. jan. lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 11.25.

Bjarni Benediktsson. Guðm. Ásbjörnsson. Gunnar Thoroddsen.
Jóhann Hafstein. Auður Auðuns. Sveinbjörn Hannesson.
Einar Erlendsson. Hallgr. Benediktsson. Stþ. Guðmundsson.
Sigfús Sigurhjartars. Jónas H. Haralz. Jón Axel Pétursson.
Jóhanna Egilsdóttir. Björn Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögur í sambandi við till. Steinþórs Guðmundssonar:

I. Bæjarstjórn felst á, að óhjákvæmilegt sé að greiða starfsmönnum bæjarins aukaþóknun fyrir störf, sem þeir vinna utan síns áskilda starfstíma og óskyld eru aðalstarfi þeirra, enda væri annað í ósamræmi við reglurnar um greiðslu fyrir eftirvinnu, sem bæjarstjórnin sjálf hefur sett. Hinsvegar telur bæjarstjórnin það mikilsvert, að dregið sé úr allri slíkri aukavinnu eftir því, sem föng eru frekast til.

II. Bæjarstjórn felur bæjarráði og borgarstjóra að kveða á um, hvernig háttað skuli veitingum í samkvæmum og veizlum á vegum bæjarins, eftir því sem við á hverju sinni, en telur eðlilegt, að svipaður háttur sé á þessu hafður og tíðkast í veizlum ríkisins og öðrum slíkum almennum samkvæmum.

III. Þar sem það er einsdæmi, að bæjarsjóður verði skaðabótaskyldur vegna mistaka við lóðaúthlutun, og þar sem vitað er, að bæjarráð hefir þegar gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir slík mistök, þykir bæjarstjórn ekki ástæða til að gera ályktun um málið á þessu stigi.

IV. Bæjarstjórn telur sjálfsagt, að reikningar Innkaupastofnunar bæjarins fylgi héðan í frá reikningum Reykjavíkurkaupstaðar, og mælir svo fyrir, að reikningsskil fyrir þann hluta ársins 1945, sem stofnunin starfaði, skuli gerð með reikningum 1946.

V. Bæjarstjórn felur bæjarráði að kveða á um, hvort hús þau, sem notuð eru fyrir strætisvagnana, skuli haldast í eigu bæjarsjóðs eða verða seld Strætisvögnunum.

Pálmi Hannesson fór af fundinum kl. 6.45 með leyfi forseta.

Fundarhlé kl. 8 - 9½.

Kl. 9½ var fundinum haldið áfram, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, allir þeir sömu bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar, sem áður sátu fundinn nema Katrín Pálsdóttir. Í stað hennar var kominn Jónas Haralz varabæjarfulltrúi.

Reikningur Reykjavíkurkaupstaðar og stofnana hans árið 1945 samþ. með shlj. atkv.

I. till. borgarstjóra samþ. með 10 : 3 atkv.
II. - - - - 9 : 5 -
III. - - - - 8 : 4 -
IV. - Steinþórs Guðmundssonar vísað til bæjarráðs með 9 : 2 atkv.
IV. till. borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.
V. - - - - - -

X. Reikningur Reykjavíkurhafnar árið 1945 lagður fram til úrskurðar. Reikningurinn samþ. með shlj. atkv.

XI. Tillaga um fjárgreiðslur úr bæjarsjóði.
Tillagan er svo hljóðandi:

> "Bæjarstjórn heimilar borgarstjóra að inna af höndum úr bæjarsjóði, á reikning ársins 1947, venjulegar og óhjákvæmilegar greiðslur, þar til samþykkt hefir verið áætlun um tekjur og gjöld bæjarins á árinu".

Tillagan var samþ. með shlj. atkv.

XII. Frv. um breytingar á gjaldskrá fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Frv. vísað til 2. umr. með shlj. atkv.

XIII. Fundargerð framfærslunefndar frá 9. jan. lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 11.25.

| | | |
|---|---|---|
| Bjarni Benediktsson. | Guðm. Ásbjörnsson. | Gunnar Thoroddsen. |
| Jóhann Hafstein. | Auður Auðuns. | Sveinbjörn Hannesson. |
| Einar Erlendsson. | Hallgr. Benediktsson. | Stþ. Guðmundsson. |
| Sigfús Sigurhjartars. | Jónas H. Haralz. | Jón Axel Pétursson. |
| Jóhanna Egilsdóttir. | | Björn Bjarnason. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1947, þriðjudaginn 4. febr., var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 2 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Katrín Pálsdóttir, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Björn Bjarnason, Jón Axel Pétursson, Guðrún Jónasson, Jóhann Hafstein, Pálmi Hannesson, Þorsteinn Árnason, Auður Auðuns, Gunnar Thoroddsen og Hallgrímur Benediktsson.
Fundurinn var haldinn í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

I. Borgarstjóri óskaði þess, að verða leystur frá borgarstjóraembættinu þar sem ráðið væri, að hann tæki sæti í ríkisstjórninni. - Var það samþ. með shlj. atkv.

II. Kosning borgarstjóra fyrir þann tíma, sem eftir er af núverandi kjörtímabili.
Kosningu hlaut Gunnar Thoroddsen með 8 atkv., en 6 seðlar voru auðir.
Jóhanna Egilsdóttir kom á fundinn að aflokinni atkvæðagreiðslu.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 2.15.

Guðm. Ásbjörnsson.

| | |
|---|---|
| Gunnar Thoroddsen. | Stþ. Guðmundsson. |
| Björn Bjarnason. | Pálmi Hannesson. |
| Sigfús Sigurhjartarson. | Þ. Árnason. |
| Auður Auðuns. | Katrín Pálsdóttir. |
| Jón Axel Pétursson. | Hallgr. Benediktsson. |
| Jóhann Hafstein. | Guðrún Jónasson. |
| Jóhanna Egilsdóttir. | Bjarni Benediktsson. |

Nefnd þessi ljúki störfum hið fyrsta. Ákvörðun um hækkun á gjaldskrá rafveitunnar sé frestað þar til nefndarálit þetta er fyrir hendi".

Fulltrúar Alþýðuflokksins báru fram svo hljóðandi tillögu:

"Með því að gera má ráð fyrir, að nýgerður málefnasamningur hinnar nýju ríkisstjórnar muni tryggja bæjar- og sveitarfélögum hagkvæm lán til nauðsynlegra framkvæmda, en sérhver hækkun á nauðsynjum almennings eykur vandræði, sem af dýrtíðinni stafa, ákveður bæjarstjórnin að láta verð á rafmagni og heimtaugum óbreytt standa, en felur bæjarráði og rafmagnsstjóra að láta fara fram athugun á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1947, fimmtudaginn 6. febr., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Auður Auðuns, Hallgrímur Benediktsson, Sveinbjörn Hannesson, Sigfús Sigurhjartarson, Jónas Haralz, Hannes Stephensen, Jón Axel Pétursson, Helgi Sæmundsson, Björn Bjarnason og Gísli Halldórsson.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 30. jan. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 17. jan. lögð fram.
Tillaga frá Sigfúsi Sigurhjartarsyni um að fella burtu skilyrðið í 24. lið var felld með 7:4 atkv.
24. liður samþ. með shlj. atkv.
29. - - - - -
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 25. jan. lögð fram.
Sigfús Sigurhjartarson bar fram svo hljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórn samþykkir að taka upp þá reglu, að leita umsagnar Matsveina- og veitingaþjónafélags Íslands um umsóknir um veitingaleyfi og ákveður að fresta ákvörðun um þær umsóknir, sem liggja fyrir þessum fundi".

Viðaukatillaga frá Jóni Axel Péturssyni:

"Á eftir: Matsveina- og veitingaþjónafélags Íslands, komi:Veitingaþjónafélags Reykjavíkur og Félags veitingamanna í Reykjavík".

21. lið vísað aftur til bæjarráðs með shlj. atkv.
29. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillögum Sigfúsar Sigurhjartarsonar og Jóns Axels Péturssonar vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 1. febr. lögð fram.
10. lið vísað aftur til bæjarráðs með shlj. atkv.
Tillagan í 6. lið samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð hafnarstjórnar frá 28. jan. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerðir sjávarútvegsnefndar (útgerðarráðs) 14. jan., 21. jan., 28. jan. lagðar fram.

VII. Frv. um breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur síðari umr.
Fulltrúar Sósíalistaflokksins báru fram svo hljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin samþykkir að kjósa nefnd þriggja manna til að athuga rekstur rafveitunnar og gera tillögur um betra og ódýrara fyrirkomulag hans, sérstaklega hvað snertir verðlagningu, innheimtu og kostnað við aukningu bæjarkerfisins. Í því sambandi sé einnig tekið til athugunar möguleikar á sameiginlegri innheimtu allra bæjarstofnana. Nefnd þessi ljúki störfum hið fyrsta. Ákvörðun um hækkun á gjaldskrá rafveitunnar sé frestað þar til nefndarálit þetta er fyrir hendi".

Fulltrúar Alþýðuflokksins báru fram svo hljóðandi tillögu:

"Með því að gera má ráð fyrir, að nýgerður málefnasamningur hinnar nýju ríkisstjórnar muni tryggja bæjar- og sveitarfélögum hagkvæm lán til nauðsynlegra framkvæmda, en sérhver hækkun á nauðsynjum almennings eykur vandræði, sem af dýrtíðinni stafa, ákveður bæjarstjórnin að láta verð á rafmagni og heimtaugum óbreytt standa, en felur bæjarráði og rafmagnsstjóra að láta fara fram athugun á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því, á hvern hátt unnt sé að draga úr rekstrarkostnaði Rafmagnsveitunnar".

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi ályktunartillögu út af tillögu fulltrúa Sósíalistaflokksins:

"Bæjarstjórn telur það hlutverk og skyldu bæjarráðs og borgarstjóra að fylgjast með því, að forstöðumenn hinna einstöku bæjarfyrirtækja gæti ýtrustu hagsýni og sparnaðar í rekstri bæjarfyrirtækjanna, og telur ekkert fram komið, er gefi tilefni til þess að skipa sérstaka rannsóknarnefnd á hendur Rafmagnsveitu Reykjavíkur".

Tillaga þessi var samþ. með 8:4 atkv.
Tillaga fulltrúa Alþýðuflokksins var felld með 8:3 atkv.
Tillaga um að bera upp í einu lagi breytingartillögur við alla gjaldskrárliðina nema $B_2$, var samþ. með shlj. atkv.

| | | | |
|---|---|---|---|
| $A_1$ - $B_1$ | samþ. | með 8:6 | atkv. |
| $B_2$ | - | - 8:6 | - |
| $B_3$ - $III_2$ | - | - 8:6 | - |

Breytingartillögurnar í heild samþ. með 8:6 atkv.
Frv. verður fært inn í fundarbókina á eftir fundargerðinni.

VIII. Frv. um breytingar á samþykkt um lokunartíma sölubúða, o.s.frv., síðari umr.
Frv. verður fært inn í fundarbókina á eftir fundargerðinni.
Frv. samþ. með 9:4 atkv.

Tillaga um að fela forseta og skrifurum að ganga frá fundargerðinni og undirskrifa hana var samþ. með shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 9.1o.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1947, fimmtudaginn 20. febr., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra þessir bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Auður Auðuns, Hallgrímur Benediktsson, Sveinbjörn Hannesson, Jóhann Hafstein, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Pálmi Hannesson og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Kosning forseta bæjarstjórnar og tveggja varaforseta.
Forseti var kosinn
Guðmundur Ásbjörnsson
með 8 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

Fyrri varaforseti var kosinn
Hallgrímur Benediktsson
með 8 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn
Auður Auðuns
með 8 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

II. Kosning tveggja skrifara bæjarstjórnar og tveggja til vara.
Kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Friðrik Ólafsson
Björn Bjarnason.

Varamenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Sigurður Sigurðsson
Steinþór Guðmundsson.

III. Kosning 5 bæjarfulltrúa í bæjarráð og 5 bæjarfulltrúa til vara.
Kosnir af þrem listum án atkvæðagr.:

Guðmundur Ásbjörnsson
Gunnar Thoroddsen
Jóhann Hafstein
Sigfús Sigurhjartarson
Jón Axel Pétursson

Varamenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagr.:

Bjarni Benediktsson
Auður Auðuns
Hallgrímur Benediktsson
Björn Bjarnason
Jón Blöndal.

IV. Kosning 5 manna í framfærslunefnd og 5 varamanna.
Kosin af þrem listum án atkvæðagreiðslu:

Guðmundur Ásbjörnsson
Guðrún Jónasson
Auður Auðuns
Katrín Pálsdóttir
Soffía Ingvarsdóttir

Varamenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagr.:

Gunnar Thoroddsen
María Maack
Stefán A. Pálsson
Zophonías Jónsson
Jóhanna Egilsdóttir.

V. Kosning 3 manna í byggingarnefnd og 3 varamanna.
Kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:

Guðmundur Ásbjörnsson
Ársæll Sigurðsson
Tómas Vigfússon.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Varamenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagr.:

Einar Erlendsson
Magnús Árnason
Kjartan Ólafsson.

VI. Kosning hafnarstjórnar:
a. Kosning 3 bæjarfulltrúa í hafnarstjórn og 3 bæjarfulltrúa til vara.
Kosnir af tveim listum án atkvæðagr.:

Friðrik Ólafsson
Hallgrímur Benediktsson
Jón Axel Pétursson

Varamenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagr.:

Jóhann Hafstein
Gunnar Thoroddsen
Jón Blöndal

b. Kosning 2 manna utan bæjarstjórnar í hafnarstjórn og 2 til vara.
Kosnir af tveim listum án atkvæðagr.:

Hafsteinn Bergþórsson
Sigurður Jóhannsson

Varamenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagr.:

Þórður Ólafsson
Hannes Stephensen.

VII. Kosning 5 manna í fræðsluráð.
Kosin af þrem listum án atkvæðagr.:

Gunnar Thoroddsen
Helgi H. Eiríksson
Auður Auðuns
Steinþór Guðmundsson
Ingimar Jóhannesson

Varamenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagr.:

Guðrún Jónasson
Guðrún Pétursdóttir
Guðrún Guðlaugsdóttir
Björn Sigfússon
Ragnar Jóhannesson.

VIII. Kosning 3 manna í heilbrigðisnefnd:
a. bæjarráðsmanna.
Kosningu hlaut
Jóhann Hafstein
með 8 shlj. atkv.

b. verkfræðings í þjónustu bæjarins.
Kosningu hlaut
Bolli Thoroddsen
með 8 shlj. atkv.

c. óbundinni kosningu.
Kosningu hlaut
Sigurður Sigurðsson
með shlj. atkv.

IX. Kosning eins bæjarfulltrúa í sóttvarnanefnd.
Kosningu hlaut
Sigurður Sigurðsson
með shlj. atkv.

X. Kosning eins manns í stjórn Fiskimannasjóðs Kjalarnessþings.
Kosningu hlaut
Guðmundur Ásbjörnsson
með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XI. Kosning eins manns til að semja verðlagsskrá
Kosningu hlaut
Þorsteinn Þorsteinsson
með shlj. atkv.

XII. Kosning 3 bæjarfulltrúa í stjórn Eftirlaunasjóðs.
Kosin af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Jóhann Hafstein
Auður Auðuns
Steinþór Guðmundsson.

XIII. Kosning 3 endurskoðenda bæjarreikninganna og 3 varamanna.
Kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:
Ari Thorlacius
Óskar Sigurðsson
Ólafur Friðriksson
Varamenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagr.:
Björn Steffensen
Steinþór Guðmundsson
Jón Brynjólfsson.

XIV. Kosning eins endurskoðanda Styrktarsjóðs sjómanna- og verkamannafélaganna í Reykjavík.
Kosningu hlaut
Alfred Guðmundsson
með shlj. atkv.

XV. Kosning 2 endurskoðenda Musiksjóðs Guðjóns Sigurðssonar.
Kosnir af tveim listum án atkvæðagr.:
Eggert Claessen
Hallgrímur Jakobsson.

XVI. Fundargerð byggingarnefndar frá 13. febr. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

XVII. Fundargerð bæjarráðs frá 7. febr. lögð fram.
Þessar tillögur komu fram:

Frá Katrínu Pálsdóttur:

"Bæjarstjórnin ákveður að fela bæjarráði að tilnefna þrjá menn, einn frá hverjum flokki, sem sæti á í ráðinu, til þess að framkvæma ítarlega rannsókn á rekstri, ástandi og ferðum strætisvagna og gera tillögur um úrbætur á því, sem nefndin telur að áfátt sé í þessum efnum".

Frá Jóni Axel Péturssyni
(í sambandi við 18. lið):

"Með því að tannlækningar í barnaskólum bæjarins eru með öllu ófullnægjandi vegna vöntunar á tannlæknum, en fyrir liggur tilboð frá Tannlæknafélagi Íslands um aðstoð við ráðningu á læknum, þá samþykkir bæjarstjórn að taka tilboði félagsins og felur borgarstjóra að semja við það".

Tillaga Jóna Axels Péturssonar samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.
Tillögu Katrínar Pálsdóttur vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.

XVIII. Fundargerð bæjarráðs frá 10. febr. lögð fram.

XIX. Fundargerð bæjarráðs frá 12. febr. lögð fram.

XX. Fundargerð bæjarráðs frá 14. febr. lögð fram.
Tillaga frá Steinþóri Guðmundssyni um að fresta 4. lið var felld með 6:6 atkv.
1. - 3. liður samþ. með shlj. atkv.
4. liðnr samþ. með 8:4 atkv.
5. - 28. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XXI. Fundargerð fræðsluráðs frá 6. febr. lögð fram.

XXII. Fundargerð skólanefndar Melaskólans frá 30. jan. lögð fram.
2. liður samþ. með shlj. atkv.
3. liður samþ. með shlj. atkv.

XXIII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 18. febr. lögð fram.
2. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga meiri hlutans í 3. lið samþ. með 10:2 atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

XXIV. Fundargerðir sjávarútvegsnefndar 4. og 11. febr. lagðar fram.

XXV. Umsóknir um meðmæli til að fá veitingaleyfi frá Ragnari Jónssyni, Þórði Teitssyni, Láru Pétursdóttur og Jensínu Jóhannesdóttur.

Meðmæli með erindi Ragnars Jónssonar samþ. með 6:2 atkv.
Meðmæli með erindi Þórðar Teitssonar samþ. með 8:2 atkv.
Meðmæli með erindi Láru Pétursdóttur samþ. með shlj. atkv.
Meðmæli með erindi Jensínu Jóhannesdóttur samþ. með shlj. atkv.

XXVI. Frv. að áætlun um tekjur og gjöld bæjarsjóðs Reykjavíkur og stofnana hans árið 1947. - Fyrri umræða.
Forseti tilkynnti, að breytingartillögur við frumvarpið skyldu vera komnar til borgarstjóra fyrir hádegi mánudaginn 3. marz n.k., því ætlast væri til, að lokaumræða færi fram 6. marz n.k.
Frv. vísað til 2. umræðu með shlj. atkv.

XXVII. Frv. að áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs árið 1947. - Fyrri umræða.
Frv. vísað til 2. umræðu með shlj. atkv.

XXVIII. Fundargerð framfærslunefndar frá 13. febr. lögð fram.

Tillaga um að fela forseta og skrifurum að ganga frá fundargerðinni og undirskrifa hana var samþ. með shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 9.30.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1947, fimmtudaginn 6. marz, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Auður Auðuns, Hallgrímur Benediktsson, Sigurður Sigurðsson, Jóhann Hafstein, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Pálmi Hannesson og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 27. febr. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 21. febr. lögð fram.
Tillaga meiri hlutans í 23. lið samþ. með 10:2 atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 28. febr. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 4. marz lögð fram.
1. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga um að fresta 2. lið var felld með 8:5 atkv.
2. liður samþ. með 10:2 atkv.

V. Fundargerð sjávarútvegsnefndar (útgerðarráðs) 13., 19., 25. og 26. febr. lagðar fram.

VI. Fundargerð hafnarstjórnar frá 4. marz lögð fram.
1. - 3. liður samþ. með shlj. atkv.

VII. Frv. að áætlun um tekjur og gjöld bæjarsjóðs Reykjavíkur og stofnana hans árið 1947, - 2. umræða.

Þessar breytingartillögur og ályktunartillögur komu fram:

Frá bæjarfulltrúum Alþýðuflokksins:

Tekjur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| VI,7 | Fyrir leyfi til kvikmyndasýninga.<br>Liðurinn hækki úr kr. 250.000.- í | kr. | 500.000.00 |
| VII,5 | Atvinnuútsvör útlendinga.<br>Liðurinn hækki úr kr. 200.000.- í | - | 400.000.00 |

Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| VI, 4.a. | Laun.<br>Liðurinn lækki úr kr. 400.000.- í | - | 200.000.00 |
| VIII. | Nýr liður, er verði 21.<br>Til styrktarsjóðs Verkakvennafélagsins Framsókn, til styrktar verkakonum í veikindatilfellum | - | 5.000.00 |
| VIII,22 | Liðurinn lækki, í stað kr. 200.000.- komi | - | 120.000.00 |
| XII. | Nýr liður, er verði 23.<br>Til æskulýðshallar, fyrsta greiðsla, gegn framlagi frá ríkinu | - | 250.000.00 |
| XIII. | Nýr liður, er verði 14.<br>Til endurbóta og viðbyggingar á Sundhöll Reykjavíkur | - | 350.000.00 |
| IX, 4 | Liðurinn orðist svo:<br>Til annara framkvæmda, þar af til byggingar skýla vegna farþega á strætisvagnaleiðum | - | 100.000.00 |
| XI, 8 | Mjólkur-, lýsis- og matargjafir skólabarna.<br>Liðurinn hækki úr kr. 70.000.00 í | - | 170.000.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Frá Framsóknarflokknum:

Tekjuáætlun:

| | | | |
|---|---|---|---|
| II. 1. | Fasteignagjöld: (Húsagjald), fyrir kr. 1.200.000.- komi | kr. | 1.280.000.00 |
| VI. 7. | Ýmsar tekjur: (Leyfi til kvikmyndasýninga) fyrir kr. 250.000.- komi | - | 375.000.00 |
| VIII. | Útsvör. Orðin "auk 5 - 10% umfram", falli burt. | | |

Gjaldaáætlunin:

| | | | |
|---|---|---|---|
| XIII. 11. | Til íþrótta og útiveru. (Til Ferðafélags Íslands, til fjallaskála) fyrir kr. 1.500.- komi | - | 15.000.00 |
| XIV. 4. | Ýmsar greiðslur: (Til girðingar um Heiðmörk o.fl.) fyrir 30 þús. kr. komi | - | 80.000.00 |
| 9. | (Óviss útgjöld), fyrir 300 þús kr. komi | - | 150.000.00 |
| XVIII. 5. | Til byggingaframkvæmda og áhaldakaupa. Liðurinn orðist svo: Til húsbygginga, eftir ákvörðun bæjarráðs enda verði kr. 500.000.- af upphæðinni varið til byggingar matsöluhúss. | - | 3.540.000.00 |

## Frá bæjarfulltrúum Sameiningarflokks alþýðu - Sósíalistaflokknum:

Tekjur:

| | |
|---|---|
| I,7. | (Arður af skuldlausri eign bæjarins í Rafveitunni). Liðurinn falli niður. |

Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| VIII,4. | Til starfsemi Líknar, í stað kr. 100.000.- komi | kr. | 130.000.00 |
| VIII,12. | (Til Elliheimilisins Grundar) Liðurinn falli niður. | | |
| VIII,21. | (Framlag til vetrarhjálpar) Liðurinn falli niður. | | |
| VIII,22. | (Til vinnumiðlunar) Í stað kr. 200.000.- komi | - | 100.000.00 |
| VIII. | Nýr liður, er verði VIII,21. Til húsgagnakaupa í herbergi þau, sem bærinn gaf Nýja stúdentagarðinum | - | 25.000.00 |
| XIII,12. | (Leikvellir) Í stað kr. 350.000.- komi | - | 800.000.00 |
| XIV. | Nýr liður, er verði 5. liður: Til Skógræktarfélags Reykjavíkur | - | 30.000.00 |
| XIV,5. | (Kostnaður vegna húsnæðiseklu). Í stað kr. 400.000.- komi | - | 1.000.000.00 |
| XVIII,5. | (Til húsbygginga eftir ákvörðun bæjarráðs). Í stað kr. 3.300.000.- komi | - | 4.000.000.00 |
| XVIII. | Nýr liður, er verði 7. Til stofnunar dagheimila | - | 1.000.000.00 |
| XVIII. | Nýr liður, er verði 8. liður. Til heilsuverndarstöðvar | - | 500.000.00 |
| XVIII. | Nýr liður, er verði 9. liður. Til bæjarsjúkrahúss | - | 300.000.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá bæjarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins:

Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| XII,18. | Liðurinn orðist svo: Lúðrasveitin Svanur, þar af til hljóðfærakaupa kr. 15.000.-, síðari greiðsla | kr. | 25.000.00 |
| XII,19. | (Tónlistarskólinn). Í stað kr. 25.000.-komi | - | 35.000.00 |
| XIII,3. | Nýr liður: Til viðgerða og endurbóta á Sundhöllinni | - | 250.000.00 |
| XIII,6. | (Íþróttafélög). Í stað kr. 20.000.- komi | - | 30.000.00 |
| XIII,8. | Nýr liður: Til undirbúnings þáttöku Íslendinga í Olympiuleikunum 1948 (fyrri greiðsla) | - | 25.000.00 |
| XIV. | Til jarðhitarannsókna í Hengli og til kaupa á jarðbor, eftir ákvörðun bæjarráðs og gegn jafnmiklu framlagi frá ríkissjóði | - | 500.000.00 |
| XIV,4. | Liðurinn orðist svo: Til girðingar um Heiðmörk | - | 60.000.00 |
| XVIII. | Nýr liður: Til stækkunar Elliheimilisins Grundar, með skilyrðum, er bæjarráð setur, fyrri greiðsla | - | 200.000.00 |
| XVIII,5. | (Húsbyggingar). Í stað kr. 3.300.000.- komi | - | 3.500.000.00 |

Strætisvagnar:

Tekjur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Í stað kr. 3.000.000.- komi | - | 3.100.000.00 |

Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Á eftir 5. komi nýr liður: Til biðskýla á viðkomustöðum strætisvagna | - | 100.000.00 |

Frá Jóhanni Hafstein:

| | | | |
|---|---|---|---|
| XIV. | (Nýr liður): Til undirbúnings sýningar úr þróunarsögu byggðar í Reykjavík | - | 50.000.00 |

Frá Sigurði Sigurðssyni:

| | | | |
|---|---|---|---|
| XVIII. | (Nýr liður): Til heilsuverndarstöðvar | - | 150.000.00 |

Frá Auði Auðuns:

| | | | |
|---|---|---|---|
| VIII,13. | (Hallveigarstaðir). Í stað kr. 50.000.- komi | - | 75.000.00 |

Frá bæjarfulltrúum Alþýðuflokksins:

I. Bæjarstjórnin ákveður að fela borgarstjóra og bæjarráði, með aðstoð stofnana, verkfræðinga og hagfræðinga bæjarins, að gera heildaráætlun um helztu framkvæmdir bæjarins, sem fyrirhugaðar eru á yfirstandandi kjörtímabili.
Áætlun þessi sé lögð fyrir bæjarstjórnina eigi síðar en 15. júlí 1947, og sé hún gerð þannig, að hægt sé að auka eða draga úr ýmsum af hinum fyrirhuguðu framkvæmdum og mannvirkjum eftir því, hvernig horfur eru á atvinnumarkaðinum á hverjum tíma.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Telur bæjarstjórnin rétt að við samningu áætlunarinnar sé höfð hin nánasta samvinna við ríkisstjórnina og stofnun þá, er Alþingi kann að fela störf Nýbyggingarráðs, og að höfð verði hliðsjón af þeim framkvæmdum, sem þessir aðilar ráðgera.

II. Bæjarstjórnin samþykkir að hefja byggingu íbúðarhúsa í stórum stíl, til viðbótar húsum þeim, sem nú eru í byggingu hjá bænum. Skal lögð á það megináherzla að koma upp tveggja og þriggja herbergja einföldum en heilsusamlegum íbúðum. Í þessu sambandi felur bæjarstjórnin borgarstjóra að leita nú þegar samninga við ríkisstjórnina um:

1. Að tryggja þessum framkvæmdum nauðsynlegt lánsfé.

2. Forgangsrétt að efni.

3. Tryggja framkvæmdunum vinnuafl, með því meðal annars, ef nauðsyn krefur, að gera ráðstafanir til þess, að frestað verði byggingarframkvæmdum, sem ekki eru jafn aðkallandi vegna almenningsheilla.

III. Bæjarstjórnin lýsir ánægju sinni yfir komu hins nýja togara, Ingólfs Arnarsonar, jafnframt samþykkir hún, að bærinn geri út á sama hátt þá fjóra togara, sem smíðaðir verða fyrir Reykjavíkurbæ á þessu og næsta ári. Heimilast borgarstjóra að verja fé úr Framkvæmdasjóði til þessara framkvæmda.

IV. Bæjarstjórnin samþykkir að fela borgarstjóra og bæjarráði, í samráði við bústjórann að Korpúlfsstöðum, að koma nú þegar upp svo stóru fyrirmyndarbúi að Korpúlfsstöðum, sem sú jarðeign og aðrar nærliggjandi í eign bæjarins leyfa, með það fyrir augum að framleiða barnamjólk og fleiri lífsnauðsynjar fyrir stofnanir bæjarins og bæjarbúa.

V. Með tilliti til þess, að tilfinnanlegur skortur er á sjúkrahúsnæði hér í bæ, svo að fjöldi fólks bíður tímum saman eftir því að komast á sjúkrahús, þá samþykkir bæjarstjórn að fela borgarstjóra og bæjarráði að taka upp samninga við heilbrigðisstjórnina um það mál og hefja undirbúning að byggingu fullkomins sjúkrahúss fyrir Reykjavík.

VI. Til þess að draga úr hinum mikla kostnaði við mánaðarlegan aflestur og innheimtu Rafmagnsveitunnar, samþykkir bæjarstjórn, að fela borgarstjóra og bæjarráði að afla, ef þörf krefur, lagaheimildar til þess að áætla megi rafmagns- og hitaveitugjald hvers notanda eftir notkun næsta árs á undan og innheimta eftir því, en leiðrétta hinar áætluðu upphæðir með aflestri einu sinni til tvisvar á ári.

VII. Með tilliti til hinna stórfelldu framkvæmda, sem þegar er lokið og framundan bíða og óhjákvæmilegar eru vegna hins öra vaxtar bæjarins, og þess, að rekstur bæjarfélagsins verður stöðugt af eðlilegum ástæðum umfangsmeiri, ályktar bæjarstjórnin að kjósa fjögra manna nefnd til þess að gera tillögur um breytingar á framkvændarstjórn bæjarmálefnanna. Jafnframt skal nefndin taka til athugunar hvort eigi sé tímabært að gera breytingar á því fyrirkomulagi, sem nú gildir um álagningu skatta, útsvara, til bæjarins.

VIII. Þar sem sýnt er, að nauðsynlegu skipulagi á veigamesta hluta bæjarins verður eigi komið á sem almenningsheill krefur að óbreyttum lögum, þá samþykkir bæjarstjórn að fela borgarstjóra að beita sér fyrir lagasetningu, er heimili Reykjavíkurbæ eignarnám á húsum og lóðum á svæðum, sem skipuleggja þarf, með vissum afnotarétti fyrir eigendur, þá endurbyggt er, við verði, er miðist við söluverð eignanna á þessum svæðum fyrir stríð, að viðbættri hæfilegri hækkun nánar tilgreindri í slíkum lögum, að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðherra, er um þessi mál fjallar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IX. Bæjarstjórnin ákveður, að kvikmyndahús bæjarins greiði sýningargjald til bæjarsjóðs, er nemi sem hér segir fyrir hvert sæti í sýningarsal:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| kr. 6.00 | á mán. fyrir allt að | 10 | sýningum vikulega | |
| - 8.00 | - - - - - | 11-16 | - - | |
| - 10.00 | - - - - - | 17 | - - | og þar yfir. |

Gjaldið greiðist með álagi samkvæmt verðlagsvísitölu. Gjalddagar eru 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 31. desember fyrir liðinn ársfjórðung.
Ætlast er til, að gjald þetta greiðist frá byrjun þessa árs að telja og þar til annað verður ákveðið.

X. Þar sem sýnt er, að upphæð sú, sem jafnað verður niður með útsvörum á þessu ári, verður svo há, að ókleift verður að jafna þeim réttlátlega niður, ef bannað er að leggja útsvör á þann hluta tekna einstaklinga og fyrirtækja, sem er yfir 200 þús. kr., skorar bæjarstjórn á Alþingi að nema þetta ákvæði úr lögum. Jafnframt ályktar bæjarstjórn að beina því til niðurjöfnunarnefndar, að haga niðurjöfnun útsvaranna svo, að verulegur hluti þeirra hvíli á eignaaukningu þeirri, sem orðið hefir síðan stríðið hófst.

XI. Bæjarstjórnin samþykkir að láta renna í Framkvæmdasjóð það af stríðsgróðaskatti, sem umfram verður eina milljón króna af því, er kemur í hlut bæjarins.

XII. Bæjarstjórnin telur brýna nauðsyn á því, að komið verði upp æskulýðs- og tómstundaheimili í Reykjavík, þar sem æskulýðurinn eigi þess kost að ástunda holla leiki og skemmtanir undir handleiðslu uppeldisfræðinga. Samþykkir bæjarstjórn að leggja til lóð á hentugum stað í bænum undir slíkt heimili og að leita samvinnu við ríkisstjórn og Alþingi um málið og felur borgarstjóra framkvæmdir í því efni.

## Frá bæjarfulltrúum Sameiningarflokks alþýðu - Sósíalistaflokknum:

I. __Húsnæðismál:__

Þar sem þegar liggur fyrir úrskurður héraðslæknis um að 652 kjallara- og braggaíbúðir hér í bæ verði að teljast heilsuspillandi, og víst má telja, að slíkar íbúðir séu til muna fleiri, ákveður bæjarstjórn, með hliðsjón af III. kafla laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, að láta reisa á vegum bæjarins eigi færri en 200 íbúðir árlega á árunum 1947 - ´48 og ´49.
Til þess að gera bænum þessar framkvæmdir mögulegar og til að greiða fyrir byggingarframkvæmdum byggingarfélaga verkamanna, byggingarsamvinnufélaga og einstaklinga, sem byggja hóflega stórar íbúðir til eigin afnota, ákveður bæjarstjórn:

a) Að skora á ríkisstjórn og Alþingi að tryggja með lögum og reglugerðum, að bæjarfélög, sem reisa íbúðir til að útrýma heilsuspillandi húsakynnum hafi skilyrðislaust forgangsrétt að byggingarefni, og að byggingar sumarbústaða, óhóflega stórra íbúða og aðrar miður þarfar byggingarframkvændir verði bannaðar með öllu, meðan búið er í heilsuspillandi íbúðum og húsnæðisskortur er tilfinnanlegur.

b) Að skora á Alþingi að gera ráðstafanir til að byggingarfélög verkamanna og byggingarsamvinnufélög eigi kost á lánum í samræmi við ábyrgðarheimildir gildandi laga, og einstaklingar, sem byggja hóflega stórar íbúðir til eigin afnota, geti fengið hagkvæm lán, er nemi eigi minna en 50% byggingarkostnaðar.
Ennfremur ákveður bæjarstjórn, að leita upplýsinga um, hve

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mikil brögð muni vera að því, að bygging húsa, sem nú eru í smíðum, sé stöðvuð vegna vöntunar lánsfjár, og athuga möguleika á, að bærinn greiði að einhverju leyti úr þeirri vöntun, gegn því skilyrði, að húsin verði notuð fyrir húsnæðislaust fólk, eða fólk, sem býr í heilsuspillandi íbúðum.
Loks ákveður bæjarstjórn, að í sambandi við þau hús, sem bærinn lætur reisa, verði ætíð komið fyrir dagheimilum og leiksvæðum fyrir börn.

II. Útgerðarmál:

Bæjarstjórn samþykkir að byrja nú þegar að leita fyrir sér um smíði á 10 togurum. Skip þessi verði útbúin fullkomnustu tækjum til hagnýtingar aflans, svo sem vélum til vinnslu úr öllum fiskúrgangi o.fl.
Við teikningu skipanna verði stuðst við þá reynslu, er fæst af hinum nýju togurum, sem nú eru að koma til landsins. Af þessum skipum verði að minnsta kosti 6 gerð út af bænum sjálfum.

III. Fiskiðjuver:

Bæjarstjórnin samþykkir að fela sérfræðingum á sviði fiskiðnaðarins að gera tillögur, uppdrætti og kostnaðaráætlanir um byggingu fiskiðjuvers í Reykjavík, er geti unnið úr öllum þeim fiskúrgangi, sem nú og á næstu árum mun falla til, og jafnframt gæti unnið úr lifur og tekið að sér síldarvinnslu, þegar svo ber undir. Fiskiðjuveri þessu yrði valinn staður á sem hentugustum stað við Reykjavíkurhöfn eða í nágrenni hennar, með það fyrir augum, að þar megi einnig koma fyrir aðgerða-, flökunar- og söltunarstöð. Um undirbúning þessa máls sé haft samráð við samtök útvegsmanna og sjómanna í Reykjavík og sömuleiðis við eigendur hraðfrystihúsa. Að loknum þessum undirbúningi beiti bærinn sér fyrir byggingu slíks fiskiðjuvers og reki það annað hvort sjálfur eða í samvinnu við útvegsmenn og hraðfrystihúsin með það fyrir augum, að hægt sé að greiða sem hæst verð fyrir hráefnið.

IV. Fisksölumiðstöð:

Bæjarstjórn samþykkir að fela borgarstjóra og bæjarráði að herða á því, að fullgert verði húsnæði það, sem ætlað er fyrirhugaðri fisksölumiðstöð bæjarins í húsi Fiskiðjuvers ríkisins. Jafnframt verði leitað samninga við stjórn Fiskiðjuversins um það, að Fiskiðjuverið taki að sér starfrækslu Fisksölumiðstöðvarinnar.

V. Búskapur bæjarins:

Bæjarstjórn samþykkir að fara þess á leit við Pálma Einarsson, jarðyrkjuráðunaut, Edvard B. Malmquist, ræktunarráðunaut bæjarins og Svein Tryggvason, mjólkurfræðing, að þeir ásamt bústjóranum á Korpúlfsstöðum, Stefáni Pálmasyni, leiti að orsökum hinnar lélegu afkomu Korpúlfsstaðabúsins, semji greinargerð um landbúnað bæjarins í heild og geri tillögur um hvernig bærinn geti notað jarðeignir sínar til framleiðslu landafurða á hagkvæmastan hátt. Sérstaklega er þess óskað, að þeir athugi hvort ekki muni framkvæmanlegt og hagkvæmt að framleiða barnamjólk á Korpúlfsstöðum.

VI. Heilsuverndarstöð:

Bæjarstjórnin ákveður að fela borgarstjóra ásamt nefnd þeirri, er samið hefur tillögur um heilsuverndarstöð í Reykjavík, að hefja nú þegar undirbúning að byggingu heilsuverndarstöðvar með það fyrir augum að verklegar framkvæmdir geti hafist á þessu ári.

VII. Farsóttahús:

Bæjarstjórn ályktar að fela borgarstjóra að hraða sem mest má verða framkvæmdum í sambandi við byggingu farsóttahúss.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VIII. Bæjarsjúkrahús:

Bæjarstjórn samþykkir að fela nefnd sérfróðra manna að gera áætlanir og tillögur um byggingu bæjarsjúkrahúss. Nefnd þessi hafi samvinnu við heilbrigðisstjórn ríkisins til þess að ákveða verkaskiptingu í þessu efni milli ríkis og bæjar. Nefndin ljúki störfum hið fyrsta.

IX. Hjálparstöð fyrir ofdrykkjumenn:

Bæjarstjórn samþykkir að vinna að því í samráði við upplýsingastöð þingstúku Reykjavíkur, að auðið verði að koma ofdrykkjumönnum til stundardvalar og aðhlynningar á hentugan stað meðan þeir bíða eftir plássi á Kleppi eða drykkjumannahæli.

X. Hreinlætismál:

Bæjarstjórnin samþykkir að fela heilbrigðisfulltrúanum, dr. Jóni Sigurðssyni, að ganga hið fyrsta frá endanlegum tillögum um tilhögun sorphreinsunar í bænum.
Ennfremur samþykkir bæjarstjórnin að hefja auglýsinga- og áróðursherferð, sem miði að því að vekja almennan áhuga meðal bæjarbúa fyrir góðri og þrifalegri umgengni í bænum.

XI. Náðhús:

Bæjarstjórn samþykkir að láta reisa á þessu ári hæfilega mörg "náðhús" í bænum. Staðsetningu þeirra og útbúnaði verði hagað á svipaðan hátt og tíðkast í borgum nágrannalanda okkar.

XII. Skólamál:

1. Bæjarstjórnin ákveður, að allar kennslustofur í Melaskólanum verði gerðar nothæfar til kennslu fyrir byrjun næsta skólaárs, svo og leikfimissalurinn. Sömuleiðis skal vinda bráðan bug að því að gera sundlaug við skólann og fullgera leiksvæðin.

2. Bæjarstjórnin ákveður að byggja á þessu ári barnaskóla í Kleppsholtinu og annan á Bústaðahálsi, sé framkvæmdum hraðað svo, að 2-3 kennslustofur á hvorum staðnum verði nothæfar þegar á næsta hausti.

3. Bæjarstjórnin telur þess brýna nauðsyn, að skólakerfi bæjarins komist sem allra fyrst í það horf, sem hin nýju lög um barnafræðslu og um gagnfræðanám gera ráð fyrir. Meðan stendur á byggingu gagnfræðaskóla, ber að leggja á það áherslu að hagnýta húsnæði barnaskólanna, og þá einkum Melaskólans í þágu gagnfræðanámsins, auk þess húsnæðis, sem nú er til umráða fyrir framhaldsskóla bæjarins.

XIII. Dagheimili:

1. Bæjarstjórnin ákveður að hefja nú þegar byggingu tveggja dagheimila fyrir börn innan 7 ára aldurs. Gera skal ráð fyrir, að í sambandi við dagheimilin verði starfrækt tómstundaheimili fyrir skólabörn. Samtímis sé unnið að undirbúningi þess, að framvegis geti árlega risið upp að minnsta kosti 2 slík heimili, uns þörfinni er fullnægt.

2. Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að beita sér fyrir því, að byggingafélög, sem byggja margar íbúðir, hugsi væntanlegum íbúum fyrir leikvöllum og dagheimilum fyrir börnin, enda láti bæjarfélagið í té fjárhagslegan stuðning til þess.

XIV. Íþróttamál:

Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir að láta fara fram athugun á því, hvar heppilegast sé að reisa sundhöll til afnota fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

íbúa vesturbæjarins, og láta gera kostnaðaráætlun og tillögur um byggingu slíkrar sundhallar.

XV. Æskulýðshöll:

Bæjarstjórnin ályktar að skora á Alþingi að samþykkja frumvarp til laga um Æskulýðshöll, sem nú liggur fyrir þinginu.

XVI. Rekstur kvikmyndahúsa:

Bæjarstjórn ályktar að skora á Alþingi að samþykkja frumvarp það um kvikmyndastofnun ríkisins, er nú liggur fyrir þinginu, þó með þeirri breytingu, að bæjarfélög eigi kost á að taka að sér rekstur kvikmyndahúsa, og skiptist ágóði milli bæjarfélaganna og kvikmyndastofnunarinnar.

XVII. Fæðissölumál:

Bæjarstjórn samþykkir, að gengið verði að framkomnu tilboði Fæðiskaupendafélags Reykjavíkur um leigu á húsnæði í "Camp Knox", ásamt áhöldum til matreiðslu og fæðissölu, enda hefji félagið þar almenna fæðissölu með sanngjörnu verði.

XVIII. Lóðamál:

Bæjarstjórn skorar á Alþingi að setja lög, er heimili bænum að taka eignarnámi allar lóðir og lendur í lögsagnarumdæminu á föstu verði og með ákveðnum greiðsluskilmálum, er feli í sér, að bærinn geti greitt þessi verðmæti með skuldabréfum til langs tíma.

XIX. Samkomu-, verslunarhús o.fl. í nýjum bæjarhverfum:

Bæjarstjórnin samþykkir að bærinn taki að sér að byggja í hinum nýju bæjarhverfum þær byggingar, sem miða að því að sjá hverfunum fyrir sameiginlegum þörfum íbúanna og ráð hefur verið fyrir gert á skipulagsuppdráttum, svo sem verslunum, póst- og símastofnun, kvikmyndahúsum og öðrum samkomuhúsum, matsölu- og kaffistofum o.s.frv. Að byggingum loknum taki bærinn annaðhvort sjálfur að sér rekstur þeirra stofnana, sem um er að ræða, eða leigi húsnæðið öðrum í þessu skyni, eftir því sem henta þykir og ákveðið verður á hverjum tíma.

XX. Samgöngur við höfnina:

Vegna hinnar brýnu nauðsynjar á bættum samgöngum við vesturhöfnina í sambandi við hinn stórum aukna atvinnurekstur þar, samþykkir bæjarstjórn, að þegar verði hafist handa um að framlengja Mýrargötu vestur að Seljavegi.

XXI. Vinnutilhögun á skrifstofum bæjarins og bæjarstofnana:

Bæjarstjórnin samþykkir að fá hæfan sérfræðing til þess að athuga vinnutilhögun á skrifstofum bæjarins og bæjarstofnana, og gera tillögur um endurbætur.

XXII. Innheimta rafveitunnar og annarra bæjarstofnana:

Bæjarstjórn ályktar að fela bæjarráði í samráði við rafmagnsstjóra að gera tillögur um nýtt fyrirkomulag á innheimtu rafveitunnar með það fyrir augum að gera það fyrirkomulag sem hagkvæmast og ódýrast. Sérstaklega skulu athugaðir möguleikarnir á því að fækka aflestrum og innheimtum og sameina þetta tvennt, ennfremur möguleikana á því að gera textakerfið einfaldara. Jafnframt skal bæjarráð gera tillögur um sameiginlega innheimtu bæjarstofnana og sameiginlega mælaaflestra rafveitu, hitaveitu og gasstöðvar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XXIII. Vinnumiðlunarskrifstofur:

Bæjarstjórn samþykkir að leggja ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar niður.

XXIV. Útsvarsálagning:

Bæjarstjórn beinir þeirri áskorun til niðurjöfnunarnefndar, að við samningu útsvarsstiga fyrir árið 1947, taki nefndin tillit til eftirfarandi atriða:

1. Að tekjur allt að kr. 8000.- verði útsvarsfrjálsar.

2. Að frádrag fyrir hvern ómaga á framfæri verði kr. 450.-.

3. Að útsvarsstigi á eign verði hækkaður um allt að helmingi. Þó taki nefndin tillit til þess, ef gjaldþegn lifir á eignum sínum að miklu eða öllu leyti.

4. Að veltuútsvar hjá fyrirtækjum og einstaklingum, sem hafa sjálfstæðan atvinnurekstur, verði hækkað um allt að helmingi frá því, sem verið hefir, og sérstaklega verði hækkað hjá þeim fyrirtækjum, sem versla með álagningarmiklar vörur.
Að öðru leyti verði útsvarsstiginn saminn með það fyrir augum, að hækkun komi sem mest niður á háum tekjum, gróða fyrirtækja og verslana.

XXV. Framkvæmdir við höfnina:

Sökum fyrirsjáanlegra erfiðleika á afgreiðslu hinna nýju togara, er koma munu á þessu og næsta ári, ályktar bæjarstjórn að stefnt skuli að því, að hin fyrirhugaða stækkun austurhafnarinnar verði lokið á tveim árum.

## Frá borgarstjóra:

I. Bæjarstjórnin ályktar að gera nú þegar ráðstafanir til þess að Heiðmörk verði friðland og skemmtigarður Reykvíkinga. Í því skyni felur bæjarstjórnin bæjarráði og borgarstjóra að leita samninga um kaup á Hólmshrauni sunnan Suðurár, Vatnsendalandi sunnan Hjalla, beitilandi úr Garða-torfu á Álftanesi og hluta af Vífilsstaðalandi. Náist slíkir samningar ekki, sé leitað til Alþingis um eignarnámsheimild. Jafnframt ákveður bæjarstjórn að girða Heiðmörk þegar er bærinn hefur fengið umráð þessara landa, og að láta gera áætlanir um framkvæmdir á Heiðmörk og afnot hennar, í samráði við Skógræktarfélag Reykjavíkur.

## Frá Sjálfstæðisflokknum:

I. Húsnæðismál.

Jafnframt dagskrártill. um I. till. Sósíalistafl. og II. till. Alþýðufl.:
Bæjarstjórn hefur í smíðum 72 eins og tveggja herbergja íbúðir við Skúlagötu, sem væntanlega verða allar fullgerðar á þessu ári, og 32 íbúðir við Miklubraut, sem á að verða lokið á þessu og næsta ári.
Bæjarstjórninni er ljóst, að til þess að útrýma sem fyrst heilsuspillandi íbúðum í bænum, verður bæjarfélagið að halda áfram byggingum íbúðarhúsa í stórum stíl. Telur hún sérstaklega brýna þörf á tveggja herbergja íbúðum og ákveður að hefja nú þegar undirbúning að byggingu 300 slíkra íbúða, er byggðar séu samkv. III. kafla laga nr. 44 frá 1946 um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skorar bæjarstjórnin á ríkisstjórn, Alþingi og væntanlegt fjárhagsráð að gera þessar framkvæmdir mögulegar með því að ríkið standi við skuldbindingar fyrrgreindra laga um lánveitingar og með því að veita forgangsrétt um nauðsynlegt efni til bygginganna.

II. Dagskrártill. við V. ályktunartill. Alþýðufl. og VII. og VIII. till. Sósíalistafl.:
Bæjarstjórn samþykkir að fela borgarstjóra og bæjarráð að taka nú þegar upp samninga við heilbrigðisstjórn ríkisins um sameiginlegar framkvæmdir ríkis og bæjar til fullnægingar sjúkrahúsa- og hælisþörfinni í samræmi við álit heilsuverndarstöðvarnefndar bæjarins, þar sem lögð sé áhersla á eftirfarandi:

1. Stækkun verði gerð á Landsspítalanum, þannig, að lyflæknisdeildin og handlæknisdeildin rúmi 100 - 120 sjúklinga hvor. Ennfremur að séð verði fyrir sérdeild, er rúmi 50 - 60 börn.

2. Komið verði upp deild eða sjúkrahúsi, er annist handlæknisaðgerðir vegna útvortis berkla, beinbrota og bæklunarsjúkdóma. Hæfileg stærð mundi vera 80 - 100 sjúkrarúm. Í sambandi við þessa deild þyrftu nauðsynlega að fara fram æfingalækningar, uns sjúklingar gætu útskrifast heim til sín eða til annarar hæfilegrar stofnunar.

3. Reist verði hæli, er taki við sjúklingum með langvinna sjúkdóma, er einkum þarfnast hjúkrunar, en ekki vandasamra læknisaðgerða á sjúkrahúsum inni í bænum. Þar ættu að fara fram vinnulækningar, er gætu orðið vistmönnunum til stælingar og þjálfunar, sem tengiliður milli hælisvistar og starfs. Vel mundi fara á því, að þetta hæli starfaði í tveim deildum. Tæki önnur við fólki, er ætla má, að yrði þar langdvölum, en hin við fólki til skemmri dvalar, t.d. í afturbata eftir slys, eða skurðlæknisaðgerðir á útlimum, sbr. 2.
Leggja ber áherslu á, að slíkt hæli yrði reist utanbæjar, en þó eigi mjög fjarri, svo að vistmönnum yrði kostur sem víðtækastra starfsskilyrða. Rekstur slíks hælis ætti að geta orðið mun ódýrari en venjulegra sjúkrahúsa. Örðugt er að gera sér fulla grein fyrir, hve stórt slíkt hæli þyrfti að vera, en naumast mætti það þó vera minna en svo, að það rúmaði 70 - 80 vistmenn til að byrja með.

4. Byggt verði farsótta- og sóttvarnahús, er rúmi 70 - 80 sjúklinga. Er þá gert ráð fyrir, að 10 - 20 rúm verði til ráðstöfunar fyrir berklasjúklinga, sem eigi er unnt að vista á heilsuhælum vegna veikinda þeirra.

5. Fjölgað verði sjúkrarúmum fyrir geðveikt fólk, svo að þau verði samtals allt að 400 fyrir allt landið. Auk þessa væri nauðsynlegt að sérdeild væri komið upp vegna ofdrykkjufólks.

6. Að komið verði upp fávitahæli fyrir allt landið, er rúmi allt að 100 fávita.

III. Dagskrártill. við XXIII. ályktunartill. Sósíalistafl.:
Bæjarstjórn samþykkir, að haldið verði áfram samningatilraunum til að sameina Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar og vinnumiðlunarskrifstofuna í eina stofnun.

IV. <u>Útsvarsmál.</u>

Dagskrártill. við XXV. till. Sósíalistafl. og X. till. Alþýðufl.:
Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi og ríkisstjórn að breyta gildandi skattalöggjöf í það horf, að hlutur sveita- og bæjarsjóða af tekjuskatti og stríðsgróðaskatti verði stórum aukinn, og bendir m.a. sérstaklega á, að réttur til útsvarsálagningar á háar tekjur er óhæfilega takmarkaður vegna skattheimtu ríkisins. Hinsvegar er ákvörðun gjaldstiga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við álagning útsvara á ábyrgð og valdi niðurjöfnunarnefndar, og telur bæjarstjórnin því ekki ástæðu til að gera sérstaka ályktun um það efni.

V. Dagskrártill. við XXI. og XXII. till. Sósíalistafl. og VI. og VII. till. Alþýðufl.:
Bæjarstjórn ályktar að fela hagfræðingi bæjarins og forstöðumanni endurskoðunarskrifstofunnar að gera tillögur um endurbætur og sparnað í rekstri bæjar og bæjarstofnana, í samráði við forráðamenn hverrar starfsgreinar.

VI. Skólabyggingar.
Dagskrártill. við XII. till. Sósíalistafl.:
Bæjarstjórn ákveður að haga framkvæmdum og undirbúningi skólabygginga á þessu ári sem hér segir:

1. Ljúka byggingu Melaskóla og Laugarnesskóla.

2. Hefja þegar undirbúning undir byggingu þriggja nýrra barnaskóla fyrir Langholtshverfi, Sogamýri, Elliðaárhverfi, Fossvog, Rauðarárholt og Hlíðahverfi, og hraða framkvæmdum sem mest til þess að á næsta skólaári verði a.m.k. einn þessara nýju skóla tilbúinn til afnota.

3. Vinna að því, að hraðað verði eftir föngum byggingu gagnfræðaskólans í Reykjavík og iðnskóla.

4. Hefja smíði á viðbótarhúsnæði fyrir húsmæðraskólann.

5. Að öðru leyti felur bæjarstjórn fræðsluráði að gera sem fyrst áætlun um skólaþörf næstu ára, miðað við það, að lögin um barnafræðslu og gagnfræðanám komi sem fyrst til framkvæmda.

VII. Sbr. XV. till. Sósíalistafl. og XII. till. Alþýðufl.:
Bæjarstjórn ályktar að skora á Alþingi að samþykkja frumvarp það um æskulýðshöll, sem liggur fyrir þinginu, og að veita fé af sinni hálfu í fjárlögum til að hefja framkvæmdir, enda er bæjarstjórnin reiðubúin til að veita fé úr bæjarsjóði til byggingar æskulýðshallar jafnskjótt og Alþingi veitir sinn stuðning.

VIII. Bæjarstjórnin samþykkir að fela borgarstjóra og bæjarráði að semja áætlun um verklegar framkvæmdir bæjarins og bæjarstofnana fyrir ár hvert í sambandi við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
Sé með slíkri áætlun að því stefnt að tryggja betur en ella að framkvæmdir bæjarins séu á hverjum tíma í sem fyllstu samræmi við áætluð útgjöld og þannig hagað, að sem best sé séð fyrir góðri hagnýtingu vinnuafls í bænum, enda sé gerð grein fyrir áætluðum kostnaði við hverja framkvæmd og kveðið á um það, í hvaða röð framkvæmdir skuli verða.

Frá Sigurði Sigurðssyni:

Bæjarstjórnin samþykkir að beina þeim tilmælum til nefndar, sem kosin var á bæjarstjórnarfundi 7. febr. 1946, til þess m.a. að gera tillögur um fyrirkomulag heilsuverndarstöðvar í Reykjavík, að halda áfram störfum.
Er þess einkum óskað, að nefndin vinni nú þegar að því, að velja hentuga lóð fyrir stöðina og sjá um að gerðir verði af henni fullkomnir uppdrættir svo fljótt sem unnt er á þessu ári, enda lýsir bæjarstjórn því yfir, að hún muni hefja byggingarframkvæmdir, þegar er þessum undirbúningi lýkur.
Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr bæjarsjóði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá Jóhanni Hafstein:

Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir að efna til almennrar sýningar, er sé við það miðuð að gefa til kynna þróunarsögu höfuðstaðar landsins og byggðar í Reykjavík frá fyrstu tíð.
Jafnframt samþykkir bæjarstjórnin að koma upp borgarsafni Reykjavíkur, þar sem varðveittar séu fornar minjar úr byggð og sögu bæjarins, og sé að því stefnt, að með bæjarsýningunni geti skapast til varðveislu stofn að slíku safni.
Í framangreindum tilgangi skal kosin 7 manna nefnd til þess að undirbúa og standa fyrir sýningunni og gera tillögur og áætlanir um framkvæmdir við stofnun borgarsafnsins. Kýs bæjarstjórn 5 án tilnefningar, en 2 skulu skipaðir eftir tilnefningu frá Reykvíkingafélaginu. Nefndin skiptir með sér verkum.
Nefndin miði störf sín við það, að sýningunni verði komið upp árið 1948.
Bæjarstjórnin samþykkir að veita á fjárhagsáætlun ársins 1947 kr. 50 þús. til undirbúnings sýningarinnar og annars kostnaðar af ákvörðunum og störfum nefndarinnar.

Frá Guðmundi Ásbjörnssyni,

Sigfúsi Sigurhjartarsyni og Jóni Axel Péturssyni:

Bæjarstjórn felur borgarstjóra, í samráði við bæjarráð, að veita Laugarnessókn bæjarábyrgð fyrir allt að kr. 200.000.00 - tvö hundruð þúsund króna - láni til að ljúka kirkjubyggingu.
Ályktun þessi prentast í fjárhagsáætluninni.

Frá Katrínu Pálsdóttur:

Brtt. við brtt. Sjálfstæðisfl. við gjl. XVIII. Ný liður.
Tillagan orðist svo:
Til byggingar nýs elliheimilis eftir nánari ákvörðun bæjarráðs, fyrsta greiðsla, kr. 250.000.00.

Frá Pálma Hannessyni:

Gjl. XVIII, 10. (Nýr liður).
Til rannsóknar og undirbúnings nýtízku þvottahúss, kr. 50.000.00.

Frá Sigfúsi Sigurhjartarsyni:

Gjl. XII, 19. Tónlistaskólinn.
Í stað 25.000.00 komi: 55.000.00.

Frá Sigurði Sigurðssyni og Friðrik V. Ólafssyni:

Gjl. XII, 19. Tónlistaskólinn.
Í stað 25.000.00 komi: 40.000.00.

Fundarhlé kl. 8-9½.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kl. 9½ var fundinum haldið áfram og voru þá komnir, auk borgarstjóra, allir þeir sömu bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar, sem áður sátu fundinn nema Katrín Pálsdóttir. Í hennar stað var kominn Jónas Haralz varabæjarfulltrúi.

Kl. 10.40 fóru Guðrún Jónasson og Sigurður Sigurðsson af fundinum, en Guðmundur H. Guðmundsson og Sveinbjörn Hannesson komu í þeirra stað.

Kl. 12 bar forseti undir atkvæði, hvort fundinum skyldi haldið áfram eftir miðnætti. Var það samþ. með öllum atkvæðum.

Þessar breytingartillögur og ályktunartillögur komu fram:

## Frá borgarstjóra:

Við gjl. XII. Nýr liður:
Til kaupa á húsgögnum í 5 herbergi Reykjavíkur í nýja stúdentagarðinum kr. 12.500.00

## Frá Steinþóri Guðmundssyni:

Brtt. við I. ályktunartill. Sjálfstæðisfl.:
a. Í 3. málslið: í stað "300 slíkra íbúða" komi: 600 slíkra íbúða.
b. Í 4. málslið: í stað "þessar framkvæmdir mögulegar" komi: mögulegt að ljúka þessum framkvæmdum á 3 árum.
c. Aftan við liðinn bætist:
og með lagasetningu, sem tryggi framkvæmdunum vinnuafl.
Hinar þar með teknar aftur.

## Frá Birni Bjarnasyni:

Upphæðin, kr. 5.000.00, í breytingartillögu Alþýðuflokksins við VIII, nýr liður er verði 21, færist á VIII.20.

## Frá Sjálfstæðisflokknum:

1. Um leið og bæjarstjórnin lætur í ljósi ánægju sína yfir komu hins nýja togara, Ingólfs Arnarsonar, lýsir hún yfir því, að hún muni vinna áfram að eflingu skipastólsins í bænum, í framhaldi af stuðningi bæjarins við kaup á 13 nýjum vélbátum frá Svíþjóð og 9 togurum, til þess að tryggja, að hér geti þrifist blómleg útgerð.
Telur bæjarstjórnin rétt að stuðla að því, að þeir bæjarbúar, sem vilja leggja fé sitt í útgerð, eigi þess kost, og vill af fremsta megni greiða fyrir útgerð einstaklinga og félaga.
Bæjarstjórn samþykkir að halda áfram aðgerðum sínum og framkvæmdum til að bæta afgreiðslu-starfsskilyrði sjávarútvegsins í bænum. Til viðbótar þeim 6 bátabryggjum, sem þegar eru fullgerðar og skapað hafa gott bryggjupláss fyrir 48 vélbáta, verði haldið áfram fyrirhuguðum framkvæmdum við bátahöfnina, bæði aukningu bryggjupláss og byggingu geymsluhúsa og verbúða.
Bæjarstjórn ályktar ennfremur, að hafnar verði eins fljótt og frekast er kostur framkvæmdir á byggingu nýs hafnargarðs, til að skýla austurhluta hafnarinnar, skv. till. hafnarstjóra og sjávarútvegsnefndar bæjarins, og um aukningu á bryggjuplássi togara á þessu svæði, þannig að hægt verði að afgreiða samtímis 8 togara austan Faxagarðs.
Bæjarstjórn samþykkir að fela sjávarútvegsnefnd að halda áfram rannsóknum sínum á því, hvernig best verði fyrir komið sem fullkomnastri hagnýtingu á vinnslu sjávaraflans, og hafi nefndin í því efni samráð við starfandi fiskiðnfyrirtæki í bænum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Óskar bæjarstjórn, að nefndin athugi möguleika á að framkvæma þá uppástungu, sem fram hefir komið hjá henni, um sameiginlega flökunar- og aðgerðarstöð og fiskimjölsverksmiðju í sambandi við hana, sem jafnframt mætti nota til síldarvinnslu.
Bæjarstjórn samþykkir að fela sjávarútvegsnefnd að gera tillögur um, á hvern hátt sé hagkvæmast að hagnýta afgreiðslu- og geymslupláss það, sem bærinn hefir tryggt sér í húsi Fiskimálanefndar við Grandagarð, til þess að greiða fyrir öflun og dreifingu nægilegs og góðs neyzlufiskjar í bænum.

2. Bæjarstjórn ályktar, að reynt verði að fá sem allra fyrst endanlega ákvörðun um skipulag bæjarins. Felur hún borgarstjóra að beita sér fyrir lagabreytingum, er geri kleift að framkvæma æskilegar skipulagsbreytingar í bænum. Í því skyni bendir bæjarstjórnin m.a. á þær leiðir, að sett verði lög um verðhækkunarskatt á lóðum, sem hækka í verði vegna skipulagsbreytinga, og að bæjarfélaginu verði tryggður forkaupsréttur að þeim fasteignum, sem bæjarstjórn telur rétt að kaupa vegna skipulagsbreytinga.

3. Með tilvísun til álits landbúnaðarnefndar bæjarins leggur bæjarstjórn áherslu á:

   1. að fram fari sem fyrst viðgerð á húsum jarðarinnar, bæði íbúðum starfsfólks og fjósi.

   2. Að útvegaðar verði þær búvélar, sem landbúnaðarnefndin hefir farið fram á.

   3. Að stefnt sé að því, að Korpúlfsstaðir verði reknir með fullri áhöfn, með það fyrir augum, að þar verði framleidd nýmjólk til neyslu í sjúkrahúsum og öðrum stofnunum, sem bærinn rekur, og athugað um framleiðslu barnamjólkur.

4. Þar sem fyrir liggja, skv. ályktun bæjarstjórnar frá fyrra ári, ýtarlegar tillögur heilbrigðisfulltrúa um tilhögun sorp- og gatnahreinsunar, felur bæjarstjórnin bæjarráði og borgarstjóra að ljúka þeim áætlunum og framkvæma þær eftir því sem við verður komið.

5. Bæjarstjórn ítrekar fyrri ákvarðanir sínar um frjálsan kvikmyndahúsrekstur, þannig, að þeir geti fengið leyfi til kvikmyndasýninga, sem fullnægja settum skilyrðum; hún lýsir yfir, að hún er andvíg einokun á þessu sviði og felur bæjarráði að athuga, hvort gerlegt sé að hækka sætagjöldin.

6. Bæjarstjórn ítrekar fyrri ákvörðun sína um að hefja byggingu tveggja dagheimila fyrir börn, og ákveður, að fé til þeirra framkvæmda sé varið af XVIII. lið 5 í fjárhagsáætluninni (til húsbygginga).

Frá Guðrúnu Jónasson og Auði Auðuns:

I. Bæjarstjórn ákveður að fela borgarstjóra að hlutast til um, að ráðnar verði á vegum bæjarins stúlkur til þess að aðstoða á illa stöddum heimilum í forföllum húsmóðurinnar.

II. Bæjarstjórnin ákveður að fela Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar að koma á vinnumiðlun fyrir húsmæður, er miði að því að útvega húsmæðrum, sem ekki hafa aðstoðarstúlkur á heimilum sínum, hjálp við að gæta heimilanna hluta úr degi eða á kvöldin þegar húsmóðirin þarf að komast að heiman.

Frá borgarstjóra:

(II) Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar eindregið á Alþingi að veita í fjárlögum þessa árs nægilegt fé til byggingar fávitahælis, eins og lög nr. 18 frá 1936 um fávitahæli gera ráð fyrir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Atkvæðagreiðsla:

Tekjur:

| | |
|---|---|
| I. 1. - 6. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sós. 1. - 7. felld með 9:6 atkv. |
| I. 7. | samþ. með 9:4 atkv. |
| I. 8. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Frams.fl. II. 1. felld með 8:3 atkv. |
| II. 1. | samþ. með shlj. atkv. |
| II. 2.-VI.6. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. VI. 7, felld með 8:6 atkv. |
| | Brtt. Frams.fl. VI. 7. felld með 8:6 atkv. |
| VI. 7. | samþ. með shlj. atkv. |
| VI. 8.-VII.4. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. VII. 5. felld með 8:3 atkv. |
| VII.5. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Frams.fl. VIII. tekin aftur. |

Gjöld:

| | |
|---|---|
| I. 1.-VI.3.f. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. VI. 4.a. felld með 8:7 atkv. |
| VI.4.a. | samþ. með shlj. atkv. |
| VI.4.b.-VIII.3. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sós. VIII.4. samþ. með shlj. atkv. |
| VIII.5.-6. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. bæjarráðs VIII.7. samþ. með shlj. atkv. |
| VIII.8.-11. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sós. VIII.12. felld með 8:4 atkv. |
| VIII.12. | samþ. með 8:4 atkv. |
| | Brtt. Auðar Auðuns VIII.13. samþ. með shlj. atkv. |
| VIII.14.-20 | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. VIII. (nýr liður, Framsókn) samþ. með 11:2 atkv. |
| | Brtt. Björns Bjarnasonar við brtt. Alþ.fl. VIII. felld með 7:4 atkv. |
| | Brtt. Sós. VIII. (nýr liður, húsgagnakaup) felld með 9:4 atkv. |
| | Brtt. Sós. VIII.21, felld með 9:4 atkv. |
| VIII.21. | samþ. með 10:4 atkv. |
| | Brtt. Sós. VIII.22. felld með 8:5 atkv. |
| | Brtt. Alþ. VIII.22. felld með 8:7 atkv. |
| VIII.22. | samþ. með shlj. atkv. |
| VIII.23-IX.2. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. bæjarráðs IX.3. samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Alþ. IX.4, felld með 8:4 atkv. |
| IX.4. | samþ. með shlj. atkv. |
| X.1.-XI.7. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Alþ. XI.8. felld með 8:4 atkv. |
| XI.8. | samþ. með shlj. atkv. |
| XI.9.-XII.17. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sjálfst.fl. XII.18. samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sigf. Sigurhjartarsonar XII.19. felld með 8:4 atkv. |
| | Brtt. Sig. Sig. og Fr. Ól. XII.19. samþ. með 14:1 atkv. |
| XII.20.-22. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Alþ. XII. (nýr liður, æskulýðshöll) felld með 8:7 atkv. |
| | Brtt. borgarstj. XII. (nýr liður, húsgögn) samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Guðm. Ásbjörnss. o.fl. (kirkjubygging) samþ. með 12:1 atkv. |
| XIII.1.-2. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Alþ. XIII. (nýr liður, sundhöll) felld með 8:7 atkv. |
| | Brtt. Sjálfst.fl. XIII. (nýr liður, sundhöll) samþ. með shlj. atkv. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| XIII.3. | samþ. með shlj. atkv. |
| XIII.4.-5. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sjálfst.fl. XIII.6. samþ. með shlj. atkv. |
| XIII.7. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sjálfst.fl. XIII.8. (nýr liður, olympiuleikar) samþ. með shlj. atkv. |
| XIII.8.-10. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Frams.fl. XIII.11. samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sós. XIII.12. felld með 8:4 atkv. |
| XIII.12. | samþ. með shlj. atkv. |
| XIII.13.-XIV.3. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Frams.fl. XIV.4. felld með 8:2 atkv. |
| | Brtt. Sjálfst.fl. XIV.4. samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sós. XIV. (nýr liður, Skógræktarfél.) fékk ekki stuðning. |
| | Brtt. Sós. XIV.5. felld með 9:4 atkv. |
| XIV.5. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sjálfst.fl. XIV. (nýr liður, jarðhitarannsóknir) samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Jóh. Hafst. XIV. (nýr liður, sýning) samþ. með shlj. atkv. |
| XIV.6.-8. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Frams.fl. XIV.9. felld með 8:1 atkv. |
| XIV.1.-XVIII.4. | samþ. með shlj. atkv. |
| XIV.9. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sós. XVIII.5. felld með 9:6 atkv. |
| | Brtt. Frams.fl. XVIII.5. felld með 8:2 atkv. |
| | Brtt. Sjálfst.fl. XVIII.5. samþ. með shlj. atkv. |
| XVIII.6. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sós. XVIII. (nýr liður, dagheimili) felld með 8:4 atkv. |
| | Brtt. Sós. XVIII. (nýr liður, heilsuverndarstöð) felld með 8:5 atkv. |
| | Brtt. Sig. Sig. XVIII. (nýr liður, heilsuverndarstöð) samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sós. XVIII. (nýr liður, bæjarsjúkrahús) felld með 8:5 atkv. |
| | Brtt. Frams.fl. XVIII. (þvottahús) felld með 8:7 atkv. |
| | Brtt. Katrínar Pálsdóttur við brtt. Sjálfst.fl. XVIII (elliheimili) felld með 9:6 atkv. |
| | Brtt. Sjálfst.fl. XVIII. (nýr liður, elliheimili) samþ. með 9:4 atkv. |
| XIX. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Tekjuliður VIII. með breytingum skv. atkv.gr. samþ. með shlj. atkv. |

Áætlun bæjarsjóðs í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.
Áætlun Korpúlfsstaðabúsins samþ. með 9:2 atkv.
Áætlun grjótnáms samþ. með shlj. atkv.
Áætlun sandnáms samþ. með shlj. atkv.
Áætlun pípugerðar samþ. með shlj. atkv.
Áætlun sundhallar samþ. með shlj. atkv.
Áætlun bæjarþvottahúss samþ. með shlj. atkv.
Áætlun vatnsveitu samþ. með shlj. atkv.
Áætlun hitaveitu samþ. með shlj. atkv.
Áætlun gasstöðvar samþ. með shlj. atkv.
Áætlun rafmagnsveitunnar samþ. með shlj. atkv.
Áætlun Sogsvirkjunar samþ. með shlj. atkv.

Áætlun strætisvagna:

Brtt. Sjálfst.fl., tekjur 1, samþ. með shlj. atkv.
gjöld 1 - 5 samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Sjálfst.fl., (nýr liður, biðskýli) samþ.shlj.
gjöld 6 samþ. shlj.
Áætlun strætisvagna í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

Áætlun garðyrkjustöðvar samþ. með shlj. atkv.

Fjárhagsáætlunin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ályktunartillögur:

| | | |
|---|---|---|
| VIII. | till. | Sjálfst.fl. (áætlun um framkvæmdir) samþ. með shlj. atkv. |
| I. | till. | Alþ.fl. kom því ekki til atkvæða. |
| I. | till. | borgarstjóra (Heiðmörk) samþ. með shlj. atkv. |
| II. | till. | borgarstjóra (fávitahæli) samþ. með shlj. atkv. Brtt. Steinþórs Guðmundssonar felld með 8:4 atkv. |
| I. | till. | Sjálfst.fl. (húsnæðismál) samþ. með shlj. atkv. |
| I. | till. | Sós. tekin aftur. |
| II. | till. | Alþ.fl. tekin aftur. |
| II. | till. | Sjálfst.fl. (heilbrigðismál) samþ. með shlj. atkv. |
| V. | till. | Alþ.fl., V., VII. og VIII. till Sós. komu því ekki til atkv. |
| III. | till. | Sjálfst.fl. (ráðningarstofa) samþ. með 8:6 atkv. |
| XXIII. | till. | Sós. kom því ekki til atkv. |
| IV. | till. | Sjálfst.fl. (útsvarsmál) samþ. með 8:6 atkv. |
| XXIV. | till. | Sós. og X. till. Alþ.fl. komu því ekki til atkv. |
| V. | till. | S-jálfst.fl. (sparnaður í rekstri) samþ. með 8:4 atkv. |
| XXI.og XXII. | till. | Sós. og VI. og VII. till. Alþ. komu því ekki til atkv. |
| VI. | till. | Sjálfst.fl. (skólabyggingar) samþ. með shlj. atkv. |
| XII. | till. | Sós. kom því ekki til atkv. |
| VII. | till. | Sjálfst.fl. (æskulýðshöll) samþ. með shlj. atkv. |
| XV. | till. | Sós. og XII. till Alþ. komu því ekki til atkv. |
| | Till. | Sigurðar Sigurðssonar (heilsuverndarstöð) samþ. með shlj. atkv. |
| VI. | till. | Sós. kom því ekki til atkv. |
| 3. | till. | Sjálfst.fl. (búrekstur og mjólkurframl.) samþ. með 8:5 atkv. |
| V. | till. | Sós. og IV. till. Alþ.fl. komu því ekki til atkv. |
| XI. | till. | Alþ.fl. (framkvæmdasjóður) samþ. með shlj. atkv. |
| IX. | till. | Sós. (drykkjumannahæli) samþ. með shlj. atkv. |
| 1. | till. | Sjálfst.fl. (útgerðarmál o.fl.) samþ. með 8:6 atkv. |
| II. og III. IV. og XXV. | till. | Sós. og III. till. Alþ.fl. komu því ekki til atkv. |
| 5. | till. | Sjálfst.fl. (kvikmyndahúsrekstur) samþ. með 9:6 atkv. |
| XVI. | till. | Sós. og IX. till. Alþ.fl. komu því ekki til atkv. |
| 4. | till. | Sjálfst.fl. (sorphreinsun) samþ. með 8:4 atkv. |
| X. | till. | Sós. kom því ekki til atkv. |
| XI. | till. | Sós. (náðhús) vísað til bæjarráðs með 10:4 atkv. |
| 2. | till. | Sjálfst.fl. (skipulagsmál) samþ. með shlj. atkv. |
| VIII. | till. | Alþ.fl. tekin aftur. |
| XVIII. | till. | Sós. kom því ekki til atkv. |
| XIX. | till. | Sós. felld með 10:4 atkv. |
| XX. | till. | Sós. vísað til bæjarráðs með shlj. atkv. |
| XVII. | till. | Sós. vísað til bæjarráðs með shlj. atkv. |
| XIV. | till. | Sós. vísað til bæjarráðs með shlj. atkv. |
| 6. | till. | Sjálfst.fl. (dagheimili) samþ. með 8:4 atkv. |
| XIII. | till. | Sós. kom því ekki til atkv. |
| II. | till. | Guðrúnar Jónasson og Auðar Auðuns (Ráðningarstofa) samþ. með shlj. atkv. |
| I. | till. | Guðrúnar Jónasson og Auðar Auðuns (stúlkur til hjálpar á heimilum) samþ. með shlj. atkv. |
| | Till. | Jóhanns Hafstein samþ. með shlj. atkv. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VIII. Frv. að áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs árið 1947, - 2. umr.
Tekjur og gjöld samþ. með shlj. atkv.
Brtt. hafnarstjórnar samþ. með shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

IX. Fundargerð framfærslunefndar frá 20. febr. lögð fram.

Tillaga um að fela forseta og skrifurum að ganga frá fundargerðinni og undirskrifa hana samþ. með shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 6 að morgni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1947, fimmtudaginn 20. marz, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Hallgrímur Benediktsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Auður Auðuns, Guðmundur H. Guðmundsson, Gísli Halldórsson, Sveinbjörn Hannesson, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Pálmi Hannesson og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 13. marz lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 8. marz lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 18. marz lögð fram.
Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

"Í sambandi við skýrzlu um mjólkureftirlitið í Reykjavík, sem lögð hefir verið fyrir bæjarráð og bæjarstjórn, gerir bæjarstjórnin eftirfarandi ályktun:
Það hefir um margra ára skeið verið alkunna meðal bæjarbúa, og nú og oft áður staðfest af skýrzlum sérfræðinga, að ástandið í mjólkurmálum höfuðstaðarins er og hefir um langt skeið verið algerlega óviðunandi og háskalegt fyrir heilbrigði fólksins. Kemur þar margt til, svo sem það, að mjólkin er oft meingölluð þegar hún kemur til mjólkurstöðvarinnar í Reykjavík, að vélar stöðvarinnar eru alls ófullnægjandi og óskiljanlegur dráttur á útvegun nýrra véla, að flöskumjólk er lítt fáanleg, að mjólkin stórspillist í búðunum vegna lélegs aðbúnaðar, skorts á kælingu o.fl.
Samkvæmt gildandi lögum eru mjólkurmálin ekki á valdi bæjarstjórnar. En bæjarstjórnin telur það skyldu sína vegna hollustu og heilbrigðismála í bænum að skora eindregið á Alþingi, ríkisstjórn og stjórn mjólkursamsölunnar að bjarga mjólkurmálunum nú þegar úr því ófrendarástandi, sem er til vansæmdar fyrir alla aðila".

Sigfús Sigurhjartarson bar fram svo hljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórn samþykkir að fela landbúnaðarnefnd að gera tafarlaust ráðstafanir til að útvega nauðsynlegar landbúnaðarvélar vegna Korpúlfsstaðabúsins og annara landbúnaðarframkvænda bæjarins, ennfremur að láta gera tillögur og kostnaðaráætlun um endurbætur á jarðarhúsum Korpúlfsstaða. Útgjöld samkvæmt þessari tillögu færist á XIV 3".

Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi viðaukatillögu við tillögu borgarstjóra:

"Jafnframt samþykkir bæjarstjórnin að fela borgarstjóra að kaupa nú þegar landbúnaðrvélar samkvæmt tillögu landbúnaðarnefndar og hefja nauðsynlegan undirbúning að endurbótum og nýbyggingu að Korpúlfsstöðum með hliðsjón af auknum búrekstri þar".

Meðmælin í 31. lið samþ. með shlj. atkv.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

Tillaga borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.

Tillögum Sigfúsar Sigurhjartarsonar og Jóns Axels Péturssonar vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.

IV. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 25. febr. lögð fram.

V. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 6. marz lögð fram.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VI. Fundargerð sjávarútvegsnefndar frá 4. marz lögð fram.

Fundargerðin lesin, staðfest og undirskrifuð.

Pálmi Hannesson óskaði bókað, að hann hefði gert fyrirspurn um afgreiðslu á lóðamáli Menntaskólans í Reykjavík.

Fundi slitið kl. 7½.

Gunnar Thoroddsen.

| | |
|---|---|
| Hallgr. Benediktsson. | F.V. Ólafsson. |
| Guðrún Jónasson. | Auður Auðuns. |
| Guðm. H. Guðmundsson. | Gísli Halldórsson. |
| Sveinbjörn Hannesson. | Sigfús Sigurhjartarson. |
| Stþ. Guðmundsson. | Jón Axel Pétursson. |
| Jóhanna Egilsdóttir | Björn Bjarnason. |

Pálmi Hannesson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1947, fimmtudaginn 17. apríl, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jóhann Hafstein, Guðrún Jónasson, Auður Auðuns, Hallgrímur Benediktsson, Sveinbjörn Hannesson, Gísli Halldórsson, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Sigurjón Guðmundsson og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.
Brunabótavirðingagjörðir, 81 að tölu, er bárust bæjarstjórninni með bréfi tryggingarfélagsins, dags. 25. marz s.l., voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 27. marz lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 21. marz lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

Gísli Halldórsson fór af fundinum að afloknum 3. lið, en Þorsteinn Árnason kom í hans stað.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 31. marz lögð fram.
Þessar tillögur komu fram:

Frá Katrínu Pálsdóttur:

"Bæjarstjórn Reykjavíkur telur nauðsyn ber til að taka öryggi barnanna í bænum til alvarlegrar athugunar og gera ýtrustu ráðstafanir til þess, að skapa aðstöðu til að ekkert barn þurfi að vera eftirlitslaust á götunni. Kýs bæjarstjórnin þriggja manna nefnd, sem ásamt bæjarverkfræðingi, garðyrkjustjóra og fulltrúa frá Slysavarnafélaginu, geri tillögur um, hvar setja skuli leikvelli, stærð þeirra og fyrirkomulag, svo og geri tillögur um, hvar dagheimilum skuli ætlaður staður. Skal nefndin skila áliti og tillögum eigi síðar en um miðjan júní 1947".

Frá borgarstjóra:

"Þar sem tillagan fer fram á það, sem ýmist er búið að gera eða er í undirbúningi, eða bæjarstjórn hefir þegar gert samþykktir um, telur bæjarstjórn tillöguna óþarfa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá".

Frá Jóni Axel Péturssyni:

"Bæjarstjórnin samþykkir að fela borgarstjóra og bæjarráði að taka upp nú þegar viðræður við yfirstjórn lögreglunnar um aukið eftirlit með ökuhraða, stöðu bíla á götum í bænum, svo og um útiveru barna á kvöldin og ferðir þeirra og leiki á aðalumferðargötum bæjarins".

1. - 22. liður samþ. með shlj. atkv.
Breytingartill., er um getur í 23. lið, samþ. með shlj. atkv.
Tillagan í 23. lið, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.
24. - 25. liður samþ. með shlj. atkv.
Samþ., með 7:1 atkv., að mæla með erindinu í 26. lið.
27. - 30. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Dagskrártillaga borgarstjóra samþ. með 8:4 atkv.
Tillaga Jóns Axels Péturssonar samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 2. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 12. apríl lögð fram.
18. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð bæjarráðs frá 17. apríl lögð fram.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 16. apríl lögð fram.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.

IX. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 25. marz lögð fram.

X. Fundargerð skólanefndar Austurbæjarskólans frá 10. apríl lögð fram.
2. liður samþ. með shlj. atkv.

XI. Fundargerð fræðsluráðs frá 15. apríl lögð fram.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.

XII. Fundargerðir sjávarútvegsnefndar (útgerðarráðs) 18. marz, 25. marz, 1. apríl, 8. apríl lagðar fram.

XIII. Kosning tveggja manna í stjórn Skóla Ísaks Jónssonar og tveggja varamanna.
Aðalmenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Gunnar E. Benediktsson
Aðalbjörg Sigurðardóttir.

Varamenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Othar Ellingsen
Einar Olgeirsson.

XIV. Kosning tveggja manna í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og tveggja endurskoðenda sparisjóðsins.
Í stjórn voru kosnir, af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Helgi H. Eiríksson
Ólafur H. Guðmundsson.

Endurskoðendur voru kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Björn Steffensen
Halldór Jakobsson.

XV. Kosning nefndar til undirbúnings sýningar úr þróunarsögu Reykjavíkur og borgarsafns, 5 menn. Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
Kosnir af 3 listum án atkvæðagreiðslu:

Soffía M. Ólafsdóttir
Einar Erlendsson
Jóhann Hafstein
Haraldur Pétursson
Ásgeir Hjartarson.

XVI. Kosning eins fulltrúa í stjórn Hallveigarstaða.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
Samþ. var, að fulltrúinn skyldi kosinn.
Kosningu hlaut Kristín L. Sigurðardóttir.

XVII. Fundargerð framfærslunefndar frá 21. marz lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.50.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Guðrún Jónasson.
Auður Auðuns.
Hallgr. Benediktsson.
Sveinbjörn Hannesson.
Þst. Einarsson.
Sigurjón Guðmundsson.

Jóhann Hafstein.
Sigfús Sigurhjartarson.
Stþ. Guðmundsson.
Katrín Pálsdóttir.
Jón Axel Pétursson.
Jóhanna Egilsdóttir.
Björn Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1947, fimmtudaginn 8. maí, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Hallgrímur Benediktsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Auður Auðuns, Sigurður Sigurðsson, Sveinbjörn Hannesson, Jóhann Hafstein, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Björn Bjarnason og Pálmi Hannesson.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 23. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 18. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 21. apríl lögð fram.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 23. apríl lögð fram.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 25. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 2. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð fræðsluráðs frá 30. apríl lögð fram.
1. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 15. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IX. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 28. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

X. Fundargerðir sjávarútvegsnefndar (útgerðarráðs) 15., 22. og 29. apríl lagðar fram og samþ. með shlj. atkv.

XI. Fundargerð framfærslunefndar frá 28. apríl lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.10.

Hallgr. Benediktsson.
Jón Axel Pétursson.
Katrín Pálsdóttir.
Stþ. Guðmundsson.
Sigfús Sigurhjartarson.
Auður Auðuns.
F.V. Ólafsson.

Björn Bjarnason.
Pálmi Hannesson.
Jóhanna Egilsdóttir.
Sveinbjörn Hannesson.
Guðrún Jónasson.
Sig. Sigurðsson.
Jóhann Hafstein.

Gunnar Thoroddsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1947, fimmtudaginn 22. maí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúa og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Auður Auðuns, Sigurður Sigurðsson, Einar Erlendsson, Sveinbjörn Hannesson, Sigfús Sigurhjartarson, Hannes Stephensen, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Helgi Sæmundsson, Pálmi Hannesson og Jónas Haralz.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.
Brunabótavirðingagjörðir, 57 að tölu, er bárust bæjarstjórninni með bréfi tryggingarfélagsins, dags. í des., voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 8. maí lögð fram.
Tillaga um að fresta 19. lið var samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 9. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 17. maí lögð fram.
Meðmælabeiðni Brands Búasonar í 27. lið fékk ekki stuðning.
Meðmælabeiðni Guðrúnar Ingólfsdóttur í 27. lið fékk ekki stuðning.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 21. maí lögð fram.
Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögur:

1. Bæjarstjórn samþykkir að hefja nú þegar viðgerðir og endurbætur á húsum Korpúlfsstaða, fyrst og fremst á fjósi og hlöðu, og að verja til þess fé af gjaldalið XIV.3 í fjárhagsáætlun.

2. Bæjarstjórn telur nauðsynlegt að hefjast handa um og efla framleiðslu á fyrsta flokks barnamjólk og jafnframt að tryggja eftir föngum, að þeir fái slíka mjólk til neyzlu, sem brýnasta þörf hafa fyrir hana. Í því skyni heimilar bæjarstjórn borgarstjóra að hefja samninga um, að bæjarsjóður gerist meðeigandi í mjólkurbúinu í Laxnesi í Mosfellshreppi, sem nú er eign h.f. Búkollu, enda verði tryggt, að bæjarsjóður verði eigandi að meiri hluta í búinu og bæjarstjórn tryggður umráðaréttur samkvæmt því, að bæjarsjóður fái rétt til að kaupa hluti annara eigenda eftir 3 ár fyrir nafnverð, eða eftir mati, ef bæjarstjórn kýs það heldur, að bæjarstjórn fái nú þegar til ráðstöfunar 200 lítra mjólkur daglega, en síðan alla aukningu á mjólkurmagni búsins frá því sem nú er.
Þeirri barnamjólk, sem bæjarstjórn fær til ráðstöfunar, skal úthluta eftir tilvísun hjúkrunarfélagsins Líknar, fyrst og fremst til veiklaðra barna.
Ályktar bæjarstjórn að leggja úr bæjarsjóði allt að kr. 400.000.00 til kaupa á framangreindum eignarhluta, enda samþykki bæjarráð alla kaupskilmála.

Katrín Pálsdóttir bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn Reykjavíkur felur bæjarráði að athuga möguleika á að hafa í sumar leikskóla og ef til vill dagheimili fyrir 2 - 5 ára börn, t.d. í Melaskólanum, Laugarnesskólanum og gamla stýrimannaskólanum.

Tillaga um að fresta 2. lið var samþ. með shlj. atkv.
1. - 7. liður, svo breyttir, samþ. með shlj. atkv.
1. tillaga borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.
8. lið og 2. tillögu borgarstjóra vísað til 2. umræðu með shlj. atkv.
Tillaga Katrínar Pálsdóttur samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VI. Fundargerð fræðsluráðs frá 19. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 20. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerðir sjávarútvegsnefndar (útgerðarráðs) 6. maí og 13. maí lagðar fram.

IX. Fundargerð framfærslunefndar frá 13. maí lögð fram.

Sigurður Sigurðsson fór af fundinum að afloknum V. lið, en Þorsteinn Árnason kom í hans stað.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.40.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Guðrún Jónasson.
Auður Auðuns.
Þst. Árnason.
Sveinbjörn Hannesson.
Pálmi Hannesson.

F.V.Ólafsson.
Einar Erlendsson.
Sigfús Sigurhjartarson.
Helgi Sæmundsson, með fyrirvara.
Jón Axel Pétursson, með fyrirvara.

Jónas H. Haralz.
Hannes M. Stephensen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1947, fimmtudaginn 5. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Auður Auðuns, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Einar Erlendsson, Guðmundur H. Guðmundsson, Sveinbjörn Hannesson, Jóhann Hafstein, Sigfús Sigurhjartarson, Hannes Stephensen, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Sigurjón Guðmundsson, Steinþór Guðmundsson og Katrín Pálsdóttir.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 29. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 8. maí lögð fram. 19. liður samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 30. maí lögð fram.
Hannes Stephensen bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn ákveður að skipa þriggja manna nefnd, er ásamt borgarstjóra leiti samninga fyrir bæjarins hönd um kaup og kjör í bæjarvinnu við Verkamannafélagið Dagsbrún, og leitast við eftir því sem í hennar valdi stendur, að greiða fyrir lausn Dagsbrúnardeilunnar.
Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverjum þeim þeirra þriggja flokka, sem fulltrúa eiga í bæjarráði og eftir tilnefningu þeirra.

Katrín Pálsdóttir bar fram svo hljóðandi tillögu:

Þar sem bæjarstjórn Reykjavíkur lítur svo á, að nauðsyn beri til að koma hið fyrsta á stofn leikskóla og dagheimili fyrir börn íbúanna í Kleppsholtinu, felur hún bæjarráði að athuga, hvort ekki sé heppilegt að nota húsið og lóðina á Hlíðarenda til þeirra hluta.

9. liður samþ. með shlj. atkv.
25. - - - - - -
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Hannesar Stephensen felld með 8:4 atkv.
Jón Axel Pétursson óskaði bókaða svo fellda athugasemd við atkvæðagreiðsluna:

Með því að upplýst er, að formaður Verkamannafélagsins Dagsbrún, Sigurður Guðnason, hafi fallist á og teldi heppilegt, að koma tilhögun verði höfð við samningagerð milli Verkamannafélagsins Dagsbrún og bæjarfélagsins og engin málaleitun hefir komið fram frá félaginu í heild um aðra tilhögun, sé eg ekki ástæðu til atkvæðagreiðslu um framkomna tillögu Hannesar Stephensen.

Tillögu Katrínar Pálsdóttur vísað til bæjarráðs með 11:4 atkv.

IV. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 20. maí lögð fram.

V. Fundargerð fræðsluráðs frá 4. júní lögð fram.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.

VI. Tillaga um heimild til samninga um kaup á hluta af mjólkurbúinu í Laxnesi, 2. umr. Málið tekið af dagskrá.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.

Auður Auðuns.

| | |
|---|---|
| Gunnar Thoroddsen. | Stþ. Guðmundsson. |
| Sigurj. Guðmundsson. | Jóhanna Egilsdóttir. |
| Hannes M. Stephensen. | Sigfús Sigurhjartarson. |
| Jóhann Hafstein. | Sveinbjörn Hannesson. |
| Guðm. H. Guðmundsson. | Einar Erlendsson. |
| Guðrún Jónasson. | F.V. Ólafsson. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1947, fimmtudaginn 19. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Auður Auðuns, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Guðmundur H. Guðmundsson, Einar Erlendsson, Sveinbjörn Hannesson, Gísli Halldórsson, Sigfús Sigurhjartarson, Hannes Stephensen, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Sigurjón Guðmundsson, Steinþór Guðmundsson.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.
Brunabótavirðingagjörðir, 106 að tölu, er bárust bæjarstjórninni með bréfum tryggingarfélagsins, dags. 18. júní, voru lagðar fram.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
Virðingagjörðirnar voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 12. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 7. júní lögð fram.
Jóhanna Egilsdóttir bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Með tilliti til þess, að brýnasta nauðsyn ber til að sjá börnum í þéttbýlustu hverfunum fyrir leiksvæðum, samþykkir bæjarstjórn að gera nú þegar gangskör að því að undirbúa og koma á fót leikvelli og barnagæzlu nálægt Hverfisgötu eða þar um slóðir.

Gísli Halldórsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir að fela borgarstjóra að útvega upplýsingar um breytingar, sem fyrirhugað er að gera á gatnaskipan Detroitborgar til þess að auka á öryggi og heilbrigði barna og fullorðinna þar í bæ svo að bæjarstjórninni megi gefast kostur á að kynna sér, hvort svipaðar breytingar gætu komið til greina á skipulagi Reykjavíkur.

Sigfús Sigurhjartarson bar fram svo hljóðandi viðbótartillögu:

> Ennfremur felur bæjarstjórn borgarstjóra og bæjarráði að láta fara fram endurskoðun á skipulagslögunum og vinna síðan að því að koma fram á Alþingi þeim breytingum á þessum lögum, sem nauðsynlegar teljast.

15. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillögu Jóhönnu Egilsdóttur vísað til bæjarráðs með 10:2 atkv.
Tillaga Sigfúsar Sigurhjartarsonar samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Gísla Halldórssonar samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 8. júní lögð fram og samþ. með 9:4 atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 13.júní lögð fram og samþ.með shlj.atkv.

VI. Fundargerð sjávarútvegsnefndar frá 3. júní lögð fram.

VII. Fundargerð bæjarráðs frá 30. maí, 25. liður. - 2. umræða.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
25. liður samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð framfærzlunefndar frá 11. júní lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.16.

Auður Auðuns.

| | |
|---|---|
| Gunnar Thoroddsen. | F.V. Ólafsson. |
| Guðrún Jónasson. | Guðm. H. Guðmundsson. |
| Einar Erlendsson. | Sveinbjörn Hannesson. |
| Sigfús Sigurhjartarson. | Gísli Halldórsson. |
| Jóhanna Egilsdóttir. | Jón Axel Pétursson. |
| Sigurj. Guðmundsson. | Stþ. Guðmundsson. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1947, fimmtudaginn 3. júlí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Auður Auðuns, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Einar Erlendsson, Sveinbjörn Hannesson, Þorsteinn Árnason, Lúðvík Hjálmtýsson, Sigfús Sigurhjartarson, Jónas Haralz, Katrín Pálsdóttir, Helgi Sæmundsson, Jóhanna Egilsdóttir, Sigurjón Guðmundsson og Steinþór Guðmundsson.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.
Brunabótavirðingagjörðir, 68 að tölu, er bárust bæjarstjórninni með bréfi tryggingarfélagsins, dags. 23. júní, voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 26. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 23. júní lögð fram.
23. lið vísað til 2. umr. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 27. júní lögð fram.
Fulltrúar Sósíalistaflokksins báru fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórnin samþykkir að verða við áskorun Landssambands íslenzkra útvegsmanna og Alþýðusambands Íslands um að gera þegar sitt ítrasta og láta einskis ófreistað til þess að leysa vinnudeilu þá, sem Reykjavíkurbær á nú í við verkamannafélagið Dagsbrún. Veitir bæjarstjórnin borgarstjóra og bæjarráði fullt umboð til að hefja tafarlaust samningaumleitanir um lausn deilunnar og ganga endanlega frá samningum, ef samkomulag næst.

Tillaga frá Steinþóri Guðmundssyni, um að vísa erindinu í 22. lið til umsagnar Matsveina- og veitingaþjónafélags Íslands og Félags veitingamanna, var felld með 8:4 atkv.
Meðmælin í 22. lið samþ. með 8:1 atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillögu fulltrúa Sósíalistaflokksins vísað til bæjarráðs með 8:4 atkv.

V. Fundargerð sjávarútvegsnefndar frá 24. júní lögð fram.

VI. Frv. að heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík, 1. umr.
Frv. vísað til 2. umr. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð framfærslunefndar frá 27. júní lögð fram.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórnin heimilar borgarstjóra að fella niður annan reglulegan bæjarstjórnarfund í júlí og ágústmánuði.

Tillagan var samþ. með shlj. atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.

Auður Auðuns.

| | |
|---|---|
| Gunnar Thoroddsen. | Katrín Pálsdóttir. |
| Stþ. Guðmundsson. | Jónas H. Haralz. |
| Sigurj. Guðmundsson. | Sigfús Sigurhjartarson. |
| Jóhanna Egilsdóttir. | Þst. Árnason. |
| Helgi Sæmundsson. | Einar Erlendsson. |
| Sveinbjörn Hannesson. | Guðrún Jónasson. |
| Ludvig Hjálmtýsson. | F.V. Ólafsson. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARSTJÓRN.

Ár 1947, fimmtudaginn 21. ág., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Hallgrímur Benediktsson, Friðrik Ólafsson, Guðmundur Helgi Guðmundsson, Guðrún Jónasson, Þorsteinn Árnason, Sveinbjörn Hannesson, Jóhann Hafstein, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Helgi Sæmundsson, Jóhanna Egilsdóttir, Björn Bjarnason og Sigurjón Guðmundsson.

Fundurinn var haldinn í fundarsal Efri deildar Alþingis.

Áður en gengið væri til dagskrár lýsti forseti því yfir, að til septemberloka mundu bæjarstjórnarfundir verða haldnir á þessum stað, og tjáði forsetum Alþingis þakkir bæjarstjórnarinnar.

Þá var gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Brunabótavirðingar.
Virðingargjörðir 100 húseigna, er bárust bæjarstjórninni með bréfi tryggingarfélagsins, dags. 17. júlí, voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 10. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð sömu nefndar frá 31. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð sömu nefndar frá 14. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 11. júlí lögð fram.
Tillaga um að fresta 21. lið samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 18. júlí lögð fram.
Meðmælin í 23. lið samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð bæjarráðs frá 7. ágúst lögð fram.
Þessar tillögur komu fram:

<u>Frá borgarstjóra:</u>

Bæjarstjórn samþykkir að leyfa tengingu raforkuveitu Árnessýslu og Grindavíkur við Sogsvirkjunina með því skilyrði, að veiturnar verði teknar úr sambandi við Sogsvirkjunina á þeim tíma, sem rafmagnsnotkunin í núverandi kerfi út frá Sogsvirkjuninni og Rafmagnsveitu Reykjavíkur er jöfn eða meiri en vélar rafstöðvanna geta annað.
Ennfremur, að sömu ákvæði um takmörkun á notkun gildi auk þess um þessar veitur og þau, er sett hafa verið um aðrar veitur, er tengdar hafa verið við kerfið.

<u>Frá Helga Sæmundssyni:</u>

Bæjarstjórnin samþykkir, að rafmagnsveitur ríkisins til Selfoss, Stokkseyrar, Eyrarbakka og Grindavíkur skuli tengdar við Sogsvirkjunina, þegar byggingu eimtúrbínustöðvarinnar við Elliðaár er lokið.

Tillaga borgarstjóra var samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Helga Sæmundssonar kom því ekki til atkvæða.
Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð bæjarráðs frá 18. ágúst lögð fram.
13. lið vísað til næstu fjárhagsáætlunar með shlj. atkv.
14. liður samþ. með shlj. atkv.
16. - - - - - -
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IX. Fundargerð fræðsluráðs frá 6. ágúst lögð fram.

X. Fundargerð fræðsluráðs frá 7. ágúst lögð fram.

XI. Fundargerð fræðsluráðs frá 20. ágúst lögð fram.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.

XII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 29. júlí lögð fram.

XIII. Fundargerð sjávarútvegsnefndar frá 1. júlí lögð fram.

XIV. Fundargerð sömu nefndar frá 8. júlí lögð fram.
Samþ. að fresta 2. lið með shlj. atkv.

XV. Fundargerð sömu nefndar frá 5. ágúst lögð fram.
Samþ. að fresta 3. lið með shlj. atkv.

XVI. Fundargerð framfærzlunefndar frá 17. júlí lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.30.

Hallgr. Benediktsson.

| | |
|---|---|
| Gunnar Thoroddsen. | Jóhann Hafstein. |
| Guðm. H. Guðmundsson. | Þst. Árnason. |
| F. V. Ólafsson. | Sveinbjörn Hannesson. |
| Guðrún Jónasson. | Sigfús Sigurhjartarson. |
| Helgi Sæmundsson. | Stþ. Guðmundsson. |
| Sigurj. Guðmundsson. | Jóhanna Egilsdóttir. |

Björn Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1947, fimmtudaginn 4. septbr., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Hallgrímur Benediktsson, Friðrik Ólafsson, Auður Auðuns, Þorsteinn Árnason, Sveinbjörn Hannesson, Björn Bjarnason, Sigurjón Guðmundsson, Jóhann Hafstein, Jóhanna Egilsdóttir, Jón Axel Pétursson, Hannes Stephensen, Steinþór Guðmundsson, Sigfús Sigurhjartarson og Guðrún Jónasson.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 28. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 22. ágúst lögð fram.
Þessar tillögur komu fram:

Frá Sjálfstæðisflokknum:

Bæjarstjórn ályktar að fela bæjarráði að skipa nefnd til þess að rannsaka atvinnuhorfur á vetri komandi og gera tillögur um aðgerðir til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi, ef rannsókn bendir til þess, að slíkra aðgerða verði þörf.

Frá Sósíalistaflokknum:

Bæjarstjórn samþykkir að fela hagfræðingi bæjarins að láta bæjarráði og bæjarstjórn hið bráðasta í té,

a) rökstudda greinargerð um atvinnuhorfur í bænum á komandi vetri.

b) rökstudda greinargerð um horfur í húsnæðismálum bæjarbúa.

c) rökstudda greinargerð um þörf fyrir úthlutun byggingarlóða á þessu og næsta ári.

Frá Jóni Axel Péturssyni, Sigurjóni Guðmundssyni og Jóhönnu Egilsdóttur, viðaukatillaga við tillögu Sjálfstæðisflokksins:

Skal nefndin jafnframt athuga, á hvern hátt Reykjavíkurbær getur bezt átt þátt í því, að dýrtíðin lækki, svo að fiskiskipaflotinn og aðrar lífrænar framkvæmdir ekki stöðvist eins og nú eru horfur á.

Meðmælin í 15. lið samþ. með 9:1 atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Sjálfstæðisflokksins samþ. með shlj. atkv.
Viðaukatillaga Jóns Axels Péturssonar o.fl. samþ. með shlj. atkv.
Tillögu Sósíalistaflokksins vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 29. ágúst lögð fram.
Jóhann Hafstein bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin ítrekar ákvörðun bæjarráðs frá 19. apríl s.l. um að lokið verði við að gera holræsi frá sjó að Sundlaugavegi til þess að þurka íþróttasvæðið í Laugardalnum, og leggur áherzlu á, að undirbúningsframkvæmdum við íþróttasvæðið sé að öðru leyti hraðað.
Bæjarstjórnin beinir þeim eindregnu tilmælum til viðskiptanefndar að veita umbeðið gjaldeyrisleyfi fyrir nauðsynlegum tækjum til holræsagerðarinnar að upphæð 16 þús.d.krónur, svo að frekari dráttur á því verði ekki til að tefja verkið.
Þá ákveður bæjarstjórn að lagðar skuli á sérstakan reikning íþróttasvæðisins í Laugardalnum kr. 450 þús., sem því eru ætlaðar í fjárhagsáætlun 1947, - enda ráðgert, að greitt verði inn á sama reikning framlag Íþróttasjóðs til þessara framkvæmda.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillaga frá Jóni A. Péturssyni um að vísa tillögu Jóhanns Hafstein til bæjarráðs var felld með 7:6 atkv.
Tillaga Jóhanns Hafstein var samþ. með 10:1 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IV. Fundargerð framfærzlunefndar frá 30. ágúst lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7½.

Hallgr. Benediktsson.

Gunnar Thoroddsen.
Sigurj. Guðmundsson.
Jón Axel Pétursson.
Stþ. Guðmundsson.
Sveinbjörn Hannesson.
Auður Auðuns.

Björn Bjarnason.
Jóhanna Egilsdóttir.
Hannes M. Stephensen.
Jóhann Hafstein.
Þst. Árnason.
Guðrún Jónasson.

F.V. Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1947, miðvikudaginn 10. sept., var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Auður Auðuns, Friðrik Ólafsson, Þorsteinn Árnason, Sveinbjörn Hannesson, Lúðvík Hjálmtýsson, Jóhann Hafstein, Hafsteinn Bergþórsson, Jónas Haralz, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Sigurjón Guðmundsson og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Mjólkurmálið.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn ályktar að heimila borgarstjóra að ábyrgjast fyrir hönd bæjarsjóðs allt að 200 þús.kr. lán fyrir h.f. Búkollu, Laxnesi, gegn eftirfarandi skilyrðum og skuldbindingum:

1. Bæjarsjóður fái veð í eignum félagsins, sem af dómkvöddum mönnum eru metnar á 847.820 kr., næst á eftir þeim þinglesnu veðum, að upphæð 376.600 kr., sem á eignunum hvíla.

2. Bæjarsjóður fái 1. veðrétt í þeim mjólkurvélum, sem félagið hefir pantað og nánar eru tilgreindar í bréfi félagsins, dags. 2. sept. s.l. Sá hluti ábyrgðarinnar, sem nemur andvirði vélanna, verði ekki veittur fyrr en greiðsla fer fram á þeim.

3. Félagið skuldbindur sig til að láta bænum í té til frjálsrar ráðstöfunar a.m.k. 100 lítra mjólkur á dag, þegar umræddar vélar eru komnar í notkun, og gangi andvirði þessarar mjólkur til greiðslu lánsins. Skal fulltrúi frá bæjarstjórn jafnan hafa rétt til að fylgjast með allri starfsemi félagsins og hafa aðgang að reikningum þess og skjölum.

Tillaga þessi var samþ. með 12 shlj. atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 5.45.

Auður Auðuns.

Gunnar Thoroddsen.
Þst. Árnason.
Ludvig Hjálmtýsson.
Hafsteinn Bergþórsson.
Stþ. Guðmundsson.
Jón Axel Pétursson.
Björn Bjarnason.

F. V. Ólafsson.
Sveinbjörn Hannesson.
Jóhann Hafstein.
Jónas H. Haralz.
Katrín Pálsdóttir.
Jóhanna Egilsdóttir.
Sigurj. Guðmundsson.

son, Guðrún Jónasson, Gunnar Thoroddsen, Hallgrímur Benediktsson, Helgi Sæmundsson, Jóhann Hafstein og Jón Axel Pétursson.
Nei sögðu: Björn Bjarnason, Jónas Haralz, Katrín Pálsdóttir og Steinþór Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1947, laugardaginn 13. septbr., var haldinn aukafundur í bæjarstjórninni.

Fundurinn var haldinn í skrifstofu borgarstjóra og settur kl. 6 síðdegis. Voru þá mættir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Hallgrímur Benediktsson, Katrín Pálsdóttir, Steinþór Guðmundsson, Friðrik Ólafsson, Einar Erlendsson, Björn Bjarnason, Guðrún Jónasson, Guðmundur H. Guðmundsson, Auður Auðuns, Jónas Haralz, Jóhann Hafstein, Helgi Sæmundsson, Jón Axel Pétursson og Sigtryggur Klemensson.

Þetta gerðist:

Dagsbrúnarsamningurinn.

Borgarstjóri bar fram svohljóðandi tillögu:

"Þar sem bæjarstjórnin telur rétt, að bærinn og bæjarstofnanir greiði framvegis sem hingað til það verkamannakaup, sem um semst á hverjum tíma milli Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Vinnuveitendafélags Íslands, - og þar sem gildandi samningi á milli þessara aðila hefir verið sagt upp, þá samþykkir bæjarstjórnin að segja nú upp, frá 15. oktbr. næstk., samningi milli Reykjavíkurbæjar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, dags. 5. júlí 1947".

Jón Axel Pétursson bað bókað:

"Í sambandi við uppsögn Dagsbrúnarsamninganna, vilja bæjarfulltrúar Alþýðuflokksins taka fram eftirfarandi:

Öllum hugsandi mönnum er nú orðið ljóst, að það er lífsskilyrði fyrir íslensku þjóðina, og nauðsyn fyrir launastéttirnar fyrst og fremst, að dýrtíðin verði ekki aðeins stöðvuð, heldur lækkuð að miklum mun.

Hvorugt verður gert nema með róttækum aðgerðum og fórnum og þá fyrst og femst með sparnaði þess opinbera og þegnanna, aukinni framleiðslu og auknum útflutningi íslenskra afurða - og lækkun á tilkostnaði við framleiðslu þeirra.

Þess verður að gæta, að þær fórnir, sem færa verður, komi fyrst og fremst á bök þeirra, sem bestar hafa aðstæðurnar, hæst launin og efnin mest.

Það ber því í fyrstu röð að lækka milliliðagróðann, færa niður laun sem eru umfram þurftarlaun, hækka skatta á hátekjum og stóreignum.

Jafnframt þessu verða bændum, iðnaðarmenn, verkamenn og sjómenn, yfirleitt allar vinnandi stéttir að taka sinn réttláta hluta af byrðunum, ekki annara vegna, heldur til að vernda atvinnu sína og lífskjör sín.

Í trausti þess, að þessi sjónarmið verði ríkjandi í framkvæmdum, sem snerta lækkun hinnar geigvænlegu dýrtíðar, greiða bæjarfulltrúar Alþýðuflokksins atkvæði með því að nýir samningar hefjist milli Reykjavíkurbæjar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, svo að úr því fáist skorið, hvort og á hvern hátt verkamenn í Reykjavík vilja taka þátt í baráttunni gegn dýrtíðinni".

Skömmu eftir að fundarinn var settur, kom á fundinn Guðmundur Kr. Guðmundsson vara-bæjarfulltrúi, í stað Sigtryggs Klemenssonar, sem hvarf af fundinum.

Tillaga borgarstjóra var samþykkt með 11 atkv. gegn 4, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu já: Auður Auðuns, Einar Erlendsson, Friðrik Ólafsson, Guðmundur H. Guðmundsson, Guðmundur Kr. Guðmundsson, Guðrún Jónasson, Gunnar Thoroddsen, Hallgrímur Benediktsson, Helgi Sæmundsson, Jóhann Hafstein og Jón Axel Pétursson.
Nei sögðu: Björn Bjarnason, Jónas Haralz, Katrín Pálsdóttir og Steinþór Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jóhann Hafstein gerði þessa grein fyrir atkv. sínu:

Tel ekki í framkominni tillögu felast kröfu um neina grunnkaupslækkun hjá verkamönnum, heldur í samræmi við fyrri venju um afstöðu bæjarstjórnar í hliðstæðum málum, að bærinn hafi aðstöðu til að binda sig við það, sem á hverjum tíma umsemst milli verkamanna og vinnuveitenda, en blanda sér sem minnst beinlínis í deilurnar - og segi því já.

Friðrik Ólafsson gerði sömu grein fyrir sínu atkvæði.

Helgi Sæmundsson og Jón Axel Pétursson vísuðu til framanskráðrar bókunar sinnar um leið og þeir greiddu atkvæði.

Fundargerð lesin,staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7,12.

Hallgr. Benediktsson.

Gunnar Thoroddsen.
Katrín Pálsdóttir.
Guðrún Jónasson.
Helgi Sæmundsson.
Jónas H. Haralz.
Guðm. H. Guðmundsson.
Jón Axel Pétursson.

Stþ. Guðmundsson.
Auður Auðuns.
F. V. Ólafsson.
Einar Erlendsson.
Björn Bjarnason.
G.Kr. Guðmundsson.
Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1947, fimmtudaginn 18. sept., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Hallgrímur Benediktsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Sveinbjörn Hannesson, Guðmundur Helgi Guðmundsson, Jónas Haralz, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Sigurjón Guðmundsson, Björn Bjarnason, Auður Auðuns og Einar Erlendsson.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 11. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 5. sept. lögð fram.
Borgarstjóri, Sigurjón Guðmundsson og Jónas Haralz báru fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórn lýsir sig samþykka þeim endurbótum, sem orðið hafa á þessu ári á starfsemi Strætisvagna Reykjavíkur með því að 17 nýir strætisvagnar verða teknir í notkun á þessu ári, og ályktar að fela bæjarráði að leggja fyrir bæjarstjórnarfund tillögur til endurbóta á rekstri Strætisvagna Reykjavíkur með hliðsjón af áliti nefndar þeirrar, er bæjarráð skipaði í marzmánuði s.l.

Tillaga þessi var samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 12. sept. lögð fram.
Tillaga um að fresta 10. lið var samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð fræðsluráðs frá 3. sept. lögð fram.
Katrín Pálsdóttir bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórn Reykjavíkur felur læknum skólanna að gera ýtarlegar skýrslur um heilsufar skólabarnanna og í því sambandi að rannsaka og gefa skýrslu um atvinnu foreldra barnanna og hverskonar húsnæði þau eiga við að búa.

Þessari tillögu var vísað til bæjarráðs og fræðsluráðs með shlj. atkv.
2. liður samþ. með shlj. atkv.
3. - - - - - -
Tillaga um að vísa 5. lið aftur til fræðsluráðs til nánari athugunar var samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð fræðsluráðs frá 17. sept. lögð fram.
Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti, að Gagnfræðaskóli Reykvíkinga verði frá og með þessu skólaári rekinn samkv. hinum nýju fræðslulögum frá 1946, eftir því sem nánar greinir í ályktun skólanefndar frá 17. sept. þ.á.

Till. samþ. með shlj. atkv.
3. liður samþ. með shlj. atkv.
4. - - - - - -
6. - - - - - -

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.30.

Hallgr. Benediktsson.

Gunnar Thoroddsen.
Auður Auðuns.
Sveinbjörn Hannesson.
Stþ. Guðmundsson.
Jóhanna Egilsdóttir.
Katrín Pálsdóttir.
Björn Bjarnason.

F.V. Ólafsson.
Guðrún Jónasson.
Einar Erlendsson.
Guðm. H. Guðmundsson.
Jónas H. Haralz.
Jón Axel Pétursson.
Sigurj. Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1947, fimmtudaginn 2. okt., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar: Hallgrímur Benediktsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Auður Auðuns, Guðmundur H. Guðmundsson, Sveinbjörn Hannesson, Jóhann Hafstein, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Sigurjón Guðmundsson og Björn Bjarnason.

Fundurinn var haldinn í Sjálfstæðishúsinu.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.
Brunabótavirðingagjörðir, 119 að tölu, er bárust bæjarstjórninni með bréfum tryggingarfélagsins, dags. 20. sept., voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 25. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 23. sept. lögð fram.
21. liður samþ. með shlj. atkv.
30. - - - - -
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 26. sept. lögð fram.
Katrín Pálsdóttir bar fram svohljóðandi tillögu:

> Fari svo, að nauðsynlegt reynist að taka upp mjólkurskömmtun hér í Reykjavík, beinir bæjarstjórn því til skömmtunaryfirvaldanna að haga henni þannig, að börn og barnshafandi konur fái aukaskammt, svo að þeim verði tryggð nægileg mjólk.

Katrín Pálsdóttir tók aftur þessa tillögu, en í stað hennar fluttu Jóhann Hafstein, Jóhanna Egilsdóttir og Katrín Pálsdóttir svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórn samþykkir að fela borgarstjóra að leita samkomulags við skömmtunarskrifstofu ríkisins varðandi fyrirkomulag mjólkurskömmtunar í bænum, er tryggi þeim aukaskammta, sem mesta þörf hafa fyrir mjólk, svo sem börn, barnshafandi konur, sjúklingar og gamalt fólk, og að mjólkurskömmtunin að öðru leyti komi réttlátlega niður og fyrirkomulag hennar með þeim hætti, að borgurunum sé sem minnst óhagræði af.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi viðaukatillögu við þessa tillögu:

> Ennfremur felur bæjarstjórnin bæjarráði og borgarstjóra að athuga, í samráði við framleiðsluráð landbúnaðarins, hvort unnt sé að auka við það mjólkurmagn, sem til bæjarins kemur, sbr. 27. gr. laganna um framleiðsluráð o.fl.

Tillaga Jóh. Hafsteins o.fl. samþ. með shlj. atkv.
Viðaukatillaga borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.
Tillaga frá Sigfúsi Sigurhjartarsyni, um að vísa 13. lið til fræðsluráðs til umsagnar, var felld með 8:5 atkv.
13. liður samþ. með shlj. atkv.
18. - - - - - -
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 27. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð fræðsluráðs frá 29. sept. lögð fram.
Guðmundur H. Guðmundsson óskaði bókað, að hann lýsti sérstakri ánægju sinni yfir tillögu þeirri, er fræðsluráðið hefði samþykkt í 10. lið fundargerðarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. liður samþ. með shlj. atkv.
4. - - - - -
8. - - - - -

VII. Frv. að heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík, 2. umr. Tillaga frá borgarstjóra um að fresta málinu til næsta fundar var samþ. með shlj. atkv.

VIII. Reikningar Reykjavíkurkaupstaðar árið 1946 lagðir fram.

Friðrik Ólafsson fór af fundi kl. 6 1/4, en Einar Erlendsson kom í hans stað.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.

Hallgr. Benediktsson.

| | |
|---|---|
| Einar Erlendsson. | Sigurj. Guðmundsson. |
| Björn Bjarnason. | Jón Axel Pétursson. |
| Jóhanna Egilsdóttir. | Stþ. Guðmundsson. |
| Katrín Pálsdóttir. | Sveinbjörn Hannesson. |
| Jóhann Hafstein. | Auður Auðuns. |
| Guðm. H. Guðmundsson. | Guðrún Jónasson. |
| Gunnar Thoroddsen. | Sigfús Sigurhjartarson. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N

Ár 1947, fimmtudaginn 16. okt., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Hallgrímur Benediktsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Auður Auðuns, Guðmundur H. Guðmundsson, Einar Erlendsson, Sveinbjörn Hannesson, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Jónas Haralz, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Pálmi Hannesson og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.
Brunabótavirðingagjörðir, 33 að tölu, er bárust bæjarstjórninni með bréfi tryggingarfélagsins, dags. 10. okt. s.l., voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 3. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 7. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 10. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 16. okt. lögð fram.
Jón Axel Pétursson og Sigfús Sigurhjartarson báru fram svo hljóðandi tillögu:

1. Aðaltillaga:
Bæjarstjórn ákveður að selja engan þeirra fimm togara, sem bærinn á, þ.e. einn fullbúinn og fjóra í smíðum, - og gera þá út fyrir bæjarins reikning jafnóðum og þeir verða fullbúnir.

2. Til vara:
Bæjarstjórn ákveður að gera út fyrir bæjarins reikning fjóra togara af þeim fimm, sem bærinn á nú, sumpart fullbúna og sumpart í smíðum.

Aðaltillagan felld með 8:7 atkv.
Tillaga um að fresta afgreiðslu varatillögunnar var samþ. með 8:7 atkv.
Tillaga borgarstjóra í 2. lið samþ. með 8:7 atkv.
Tillagan í 1. mgr. 2. liður samþ. með shlj. atkv.
3. lið vísað til 2. umræðu með shlj. atkv.
Fulltrúar Sósíalistaflokksins óskuðu bókað, að þeir greiði ekki atkvæði um þennan lið, þar sem þeir telji lánskjörin mjög óhagstæð.

VI. Fundargerð fræðsluráðs frá 13. okt. lögð fram.
2. liður samþ. með shlj. atkv.
3. - - - - -
5. - - - - -
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 7. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerðir sjávarútvegsnefndar frá 30. sept., 10. okt. og 14. okt. lagðar fram.

IX. Frv. að heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík, 2. umr.
5. liður í fundargerð bæjarráðs frá 16. okt. samþ. með shlj. atkv.

- Lagður fram til úrskurðar reikningur Reykjavíkurkaupstaðar og fyrirtækja árið 1946.
Borgarstjóri bar fram svohljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn staðfestir, að framlög til bæjarútgerðar og vegna smíða á vélbátum í Svíþjóð skuli talin með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eignum framkvæmdasjóðs.

Ennfremur samþykkir bæjarstjórn, að með eignum framkvæmdasjóðs skuli talið:

a. Stofnkostnaður vegna aukningar Vatnsveitunnar og nýrrar aðalæðar, að svo miklu leyti sem lántaka hrekkur ekki til.

b. Útborgað kaupverð Reykjahlíðar og hitaréttinda í Mosfellsdal.

c. Bráðabirgðalán til Rafmagnsveitu vegna byggingar eimtúrbínustöðvarinnar.

Fulltrúar Sósíalistaflokksins óskuðu bókaða svo fellda athugasemd:

Bæjarfulltrúar Sósíalistaflokksins átelja harðlega, að fé framkvæmdasjóðs hefir verið ráðstafað án þess að til kæmi samþykki bæjarráðs og bæjarstjórnar, en geta úr því sem komið er fallist á að fé hans verði talið þeim bæjarfyrirtækjum til skulda, sem upp eru talin í tillögu borgarstjóra, enda verði gefin út skuldabréf til skamms tíma fyrir þessum upphæðum, og jafnframt ákveðið að fé sjóðsins verði hér eftir alls ekki ráðstafað án samþykkis bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Borgarstjóri óskaði bókaða svo fellda athugasemd:

Undanfarin ár hefir fé framkvæmdasjóðs verið varið til ýmissa framkvæmda bæjarins, sem fé var ekki veitt til í fjárhagsáætlun, og er ekki kunnugt, að neinir bæjarráðsmenn hafi hreyft andmælum gegn því. Átölur um heimildarlausa ráðstöfun framkvæmdasjóðs eru því gripnar úr lausu lofti.

Sigfús Sigurhjartarson óskaði bókað:

Samþykkis fyrir umframgreiðslur úr bæjarsjóði hefir ekki verið leitað, en hinsvegar hafa þær oft verið átaldar af bæjarfulltrúum Sósíalistaflokksins. Bókun borgarstjóra er því gripin úr lausu lofti.

Reikningur Reykjavíkurkaupstaðar og fyrirtækja hans árið 1946 var samþ. með 9 shlj. atkv.
Tillaga borgarstjóra samþ. með 14 shlj. atkv.

XI. Lagður fram til úrskurðar reikningur Reykjavíkurhafnar árið 1946.
Reikningurinn samþ. með 11 shlj. atkv.

XII. Fundargerð framfærslunefndar frá 14. okt. lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 9½.

Hallgr. Benediktsson.

Gunnar Thoroddsen.
Guðrún Jónasson.
Guðm. H. Guðmundsson.
Sigfús Sigurhjartarson.
Stþ. Guðmundsson.
Jón Axel Pétursson.

F.V. Ólafsson.
Auður Auðuns.
Einar Erlendsson.
Sveinbjörn Hannesson.
Jónas H. Haralz.
Jóhanna Egilsdóttir.

Björn Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1947, fimmtudaginn 6. nóv., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Hallgrímur Benediktsson, Guðrún Jónasson, Jóhann Hafstein, Sveinbjörn Hannesson, Þorsteinn Árnason, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Jónas Haralz, Helgi Sæmundsson, Jóhanna Egilsdóttir, Sigurjón Guðmundsson, Björn Bjarnason, Auður Auðuns og Guðm. H. Guðmundsson.

Áður en gengið væri til dagskrár minntist forseti Jóns Blöndals bæjarfulltrúa, er látist hafði.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 30. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 27. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 31. okt. lögð fram.
Guðmundur H. Guðmundsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir að fresta frekari ákvörðun um einstefnuakstur í bænum, þar til umferðamálin í heild verða tekin til meðferðar með alhliða umbætur fyrir augum.

Tillaga um að fresta 1. málslið 12. liðar var samþ. með shlj. atkv.
Tillaga frá borgarstjóra um að vísa tillögu Guðmundar H. Guðmundssonar og 21. lið til bæjarráðs til athugunar var samþ. með shlj. atkv.
25. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga frá Jóhanni Hafstein um að fresta 28. lið og vísa honum til umsagnar bæjarráðs var samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 5. nóv. lögð fram.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
Jónas Haralz og Sigurjón Guðmundsson báru fram svo hljóðandi tillögu:

> Við tillögu bæjarráðs bætist nýr liður, er hljóði svo:
> g. Að gerðar verði ítrekaðar tilraunir með það að láta vagnana á leiðum 1 og 2 aka án biðar á Lækjartorgi og breyta fyrirkomulaginu í það horf, ef reynslan sýnir að það gefist vel.

2. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Jónasar Haralz og Sigurjóns Guðmundssonar samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð hafnarstjórnar frá 4. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Kosning varamanna í barnaverndarnefnd, sbr. 6. gr. laga 29/1947.
Kosin voru af þrem listum án atkvæðagreiðslu:

Svava Jónsdóttir
Guðrún Gísladóttir
Vigdís Blöndal
Hermann Þórðarson.

VII. Tillaga um lántöku vegna nýju vatnsveitunnar frá Gvendarbrunnum, 2. umr.
Tillagan samþ. með 10 shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VIII. Skipun varamanns í bæjarráð.
Samþ. með shlj. atkv. tillaga borgarstjóra um að Jóhanna Egilsdóttir skuli taka sæti Jóns sál. Blöndal sem varamaður í bæjarráði.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.38.

Hallgr. Benediktsson.

Gunnar Thoroddsen.
Björn Bjarnason.
Helgi Sæmundsson.
Þst. Árnason.
Auður Auðuns.
Jóhanna Egilsdóttir.

Sigfús Sigurhjartarson.
Sigurj. Guðmundsson.
Jónas H. Haralz.
Sveinbjörn Hannesson.
Guðrún Jónasson.
Stþ. Guðmundsson.

Guðm. H. Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1947, fimmtudaginn 20. nóv., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Auður Auðuns, Hallgrímur Benediktsson, Gísli Halldórsson, Jóhann Hafstein, Hannes Stephensen, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Björn Bjarnason, Steinþór Guðmundsson og Pálmi Hannesson.

Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 13. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 7. nóv. lögð fram.
Jóhann Hafstein bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn Reykjavíkur ályktar að lýsa yfir eftirfarandi:
Bæjarstjórn telur mjög aðkallandi og brýna nauðsyn þess, að nú þegar sé framkvæmd ýtarleg rannsókn á því, á hvern hátt verði með hagkvæmustum ráðum hægt að nýta til fulls síldveiðimöguleika þá, sem eru og verða kunna í Faxaflóa.
Í því sambandi leggur bæjarstjórnin sérstaka áherzlu á eftirfarandi:

1. Stofnað sé til rannsóknanna með samvinnu eftirtaldra aðila: Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Fiskifélags Íslands, Sjómannafélags Reykjavíkur og bæjarstjórnar Reykjavíkur.
2. Rannsókn málsins sé við það miðuð, að hægt verði að ljúka öllum nauðsynlegasta viðbúnaði fyrir byrjun næstu vertíðar, á hausti 1948.
3. Stefnt sé að því varðandi væntanlega mannvirkjagerð, svo sem byggingu síldarverksmiðju og annað í sambandi við hagnýtingu aflans, að efla sem víðtækast samstarf einstaklinga, félaga og þess opinbera, til þess í senn að flýta öllum framkvæmdum og um leið að dreifa þeirri áhættu, sem óhjákvæmilega er samfara slíkum framkvæmdum að svo komnu.

Felur bæjarstjórnin borgarstjóra og bæjarráði að hafa forgöngu um framkvæmd þessa máls.

Björn Bjarnason bar fram svo hljóðandi breytingartillögu:

Í stað "Sjómannafélags Reykjavíkur", komi Alþýðusambands Íslands.

Tillagan í 14. lið samþ. með shlj. atkv.
Meðmælin í 25. lið samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Björns Bjarnasonar felld með 10:5 atkv.
Tillaga Jóhanns Hafstein samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 14. nóv. lögð fram.
Katrín Pálsdóttir bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn Reykjavíkur felur borgarstjóra að hlutast til um, að í þeim braggahverfum, sem búið er í, sé vel séð fyrir nauðsynlegum tækjum til þrifnaðar, svo sem að íbúarnir eigi góðan aðgang að rennandi vatni,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að skolpræsi sé í fullkomnu lagi, og að hver fjölskylda hafi salerni fyrir sig.
Þá telur bæjarstjórn nauðsyn, að heilbrigðisfulltrúinn hafi stöðugt eftirlit með ytri umgengni við braggahverfin og hafi samvinnu við íbúana um að þrifnaðar sé gætt eftir því sem unnt er.
Ennfremur felur bæjarstjórn heilbrigðisfulltrúanum að gera nú þegar gangskör að að hreinsa burtu úr braggahverfunum salerni, sem ekki eru notuð, og annan óþverra, sem er stórhættulegur frá heilbrigðissjónarmiði og bænum til vansændar.

Tillaga um að fresta 13. lið var samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillögu Katrínar Pálsdóttur vísað til heilbrigðisnefndar til umsagnar með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 19. nóv. lögð fram.
Björn Bjarnason bar fram svo hljóðandi tillögu:

Vegna hins mikla rafmagnsskorts, sem nú er í bænum og þeirra óþæginda, er hann bakar atvinnurekstri bæjarbúa og á heimilunum, felur bæjarstjórn borgarstjóra að taka nú þegar upp samningaumleitanir við Félag járniðnaðarmanna um kaup og kjör, svo vinna geti hafist að nýju við "Toppstöðina" við Elliðaár.

Friðrik Ólafsson fór af fundinum kl. 7.40, en Guðmundur H. Guðmundsson kom í hans stað.
Jóhann Hafstein fór af fundinum á sama tíma, en Sveinbjörn Hannesson kom í hans stað.
Pálmi Hannesson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn ályktar að beina því til rafmagnsstjóra, að hann láti aðvara bæjarbúa gegnum útvarp og blöð hverju sinni, er slíkt spennufall verður á rafmagnskerfi bæjarins, að hætta þyki á, að rafmagnstæki á vinnustöðvum og í heimahúsum hljóti skemmdir af.

Gísli Halldórsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn felur borgarstjóra að fá upplýst, hvað líður rannsókn þeirri á tæringu í hitaveitupípum bæjarins, sem nefnd var skipuð til að rannsaka fyrir nær tveim árum.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi dagskrártillögu við tillögu Björns Bjarnasonar:

Bæjarstjórn felur borgarstjóra og rafmagnsstjóra að halda áfram tilraunum sínum til þess að fá sem fyrst tekna upp aftur járnsmíðavinnu við varastöðina við Elliðaár.

Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.
Dagskrártillaga borgarstjóra samþ. með 9 shlj. atkv.
Tillaga Pálma Hannessonar samþ. með shlj. atkv.
Gísli Halldórsson tók aftur tillögu sína, að fengnum upplýsingum.

V. Fundargerð fræðsluráðs frá 10. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Kosning niðurjöfnunarnefndar.
Aðalmenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:

Gunnar Viðar.
Sigurbjörn Þorkelsson.
Björn Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Zophonías Jónsson.
Ingimar Jónsson.

Varamenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagr.:

Björn Snæbjörnsson.
Einar Erlendsson.
Guttormur Erlendsson.
Ásæll Sigurðsson.
Jón Brynjólfsson.

Formaður nefndarinnar var kosinn Gunnar Viðar.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 9.10

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Jóhanna Egilsdóttir.
Katrín Pálsdóttir.
Hannes M. Stephensen.
Hallgr. Benediktsson.
Auður Auðuns.

Björn Bjarnason.
Jón Axel Pétursson.
Stþ. Guðmundsson.
Sveinbjörn Hannesson.
Gísli Halldórsson.
Guðrún Jónasson.

Guðm. H. Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1947, fimmtudaginn 4. des., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Auður Auðuns, Hallgrímur Benediktsson, Jóhann Hafstein, Sigfús Sigurhjartarson, Hannes Stephensen, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Pálmi Hannesson, Steinþór Guðmundsson og Þorsteinn Árnason.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 27. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 21. nóv. lögð fram.
Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillögur:

1. Bæjarstjórnin samþykkir að fela borgarstjóra og bæjarráði að láta undirbúa nú þegar og hefja framkvæmdir í vor til hagnýtingar á heita vatninu frá Reykjahlíð í Mosfellsdal.
2. Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarráði að halda áfram borunum með tveim borum að Reykjahlíð í Mosfellssveit.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn felur borgarstjóra og bæjarráði að athuga, hvort hentugt þyki að setja á stofn á næsta vori vöggustofu í húsi bæjarins, Hlíðarenda við Laugarásveg.

Tillaga bæjarráðs í 8. lið samþ. með shlj. atkv.
Tillaga borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillögum Jóns Axels Péturssonar vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 26. nóv. lögð fram.
Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

Vegna fullyrðinga og blaðaskrifa um afstöðu bæjarstjórnarinnar til járnsmiðaverkfallsins í sambandi við Eimtúrbínustöðina við Elliðaár, samþykkir bæjarstjórnin að fela borgarstjóra að spyrjast fyrir um það hjá deiluaðilum, hvort þeir heimili stofnunum bæjarins að láta vinna að uppsetningu stöðvarinnar með eigin fagmönnum, án þess að taka nokkra afstöðu til deilumálanna.

Fulltrúar Sósíalistaflokksins báru fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn felur borgarstjóra og rafmagnsstjóra að semja nú þegar við Félag járniðnaðarmanna um vinnu við Eimtúrbínustöðina við Elliðaár á þeim grundvelli, sem félagið hefir boðið.
Að samningum loknum verði tekin upp vaktavinna við stöðina og allt gert, sem auðið er, til þess að ljúka verkinu sem fyrst.

Kl. 6 3/4 fór borgarstjóri af fundinum en borgarritari og Sveinbjörn Hannesson vara-bæjarfulltrúi komu í hans stað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fulltrúar Alþýðuflokksins óskuðu bókað:

Bæjarfulltrúar Alþýðuflokksins vilja taka fram, að þeir eru þeirrar skoðunar, að hagsmuna alþýðusamtakanna og alls almennings sé þá bezt gætt, að bæjarstjórnin hafi þau afskipti af vinnudeilum, að eiga að því sem beztan hlut, að verkamenn og atvinnurekendur semji sín á milli, án þess að semja beint við annanhvorn aðilanna meðan á deilu stendur

Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir og Sigfús Sigurhjartarson báru fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin samþykkir að fela borgarstjóra að beita sér fyrir því, að samningaumleitanir fari fram milli járniðnaðarmanna og atvinnurekenda, og ef nauðsyn krefur að fá skipaða sáttanefnd í málið, þar sem vinnustöðvunin er til mikils tjóns fyrir innlendan iðnað og aðila, sem að honum standa.

Tillaga fulltrúa Sósíalistaflokksins var felld með 8:4 atkv.
Tillaga borgarstjóra samþ. með 8:4 atkv.
Tillaga Jóns Axels Péturssonar o.fl. samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 28. nóv. lögð fram.
Sigfús Sigurhjartarson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn Reykjavíkur lýsir yfir, að svo kallaður "svartur listi", sem Vinnuveitendafélag Íslands hefir gefið út í tilefni af vinnudeilu við járniðnaðarmenn, sé bænum og fyrirtækjum hans með öllu óviðkomandi, og beri þeim, sem ráða menn í þjónustu bæjarins og bæjarfyrirtækja eða hafa verkstjórn með höndum fyrir þessa aðila, alls ekkert tillit að taka til hans.

Steinþór Guðmundsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin ákveður að leita samkomulag við Mæðrastyrksnefndina um, að nefndin taki að sér starfsemi vetrarhjálparinnar, enda fái hún til umráða það fé, sem veitt er til vetrarhjálparinnar í fjárhagsáætlun bæjarins.

Hannes Stephensen og Jón Axel Pétursson báru fram svo hljóðandi tillögu:

Þar sem fjöldi aðkominna sjómanna dvelur nú hér í bænum, að meira eða minna leyti í sambandi við síldveiðarnar, þá ályktar bæjarstjórnin að beita sér fyrir því, að auka til bráðabirgða húsnæði sjómannastofunnar, og má í því sambandi benda á Listamannaskálann eða annað hliðstætt húsnæði, er tekið yrði á leigu þess vegna.
Ennfremur að því sé beint til réttra aðila af hálfu bæjarstjórnar að lokað verði Áfengisverzlun ríkisins fyrst um sinn.

Jóhanna Egilsdóttir bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn samþykkir, að framvegis skuli stjórn vetrarhjálparinnar skipuð fjórum, tveim konum og tveim körlum.

Tillögu Sigfúsar Sigurhjartarsonar vísað til bæjarráðs með 8:5 atkv.
Tillögum Steinþór Guðmundssonar og Jóhönnu Egilsdóttur vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillögu Hannesar Stephensen og Jóns Axels Péturssonar vísað til bæjarráðs með 8:7 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

V. Fundargerð fræðsluráðs frá 24. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð hafnarstjórnar frá 25. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VII. Frv. um breytingar á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.
Frv. vísað til 2. umr. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerðir sjávarútvegsnefndar 21., 22., 28. okt., 4. og 26. nóv.
Málið tekið af dagskrá.

IX. Fundargerð framfærzlunefndar frá 21. nóv. lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 9.40.

Guðm. Ásbjörnsson.

F.V. Ólafsson.
Auður Auðuns.
Sigfús Sigurhjartarson.
Stþ. Guðmundsson.

Guðrún Jónasson.
Þst. Árnason.
Hallgr. Benediktsson.
Sveinbjörn Hannesson.

Jóhanna Egilsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R S T J Ó R N.

---

Ár 1947, fimmtudaginn 18. des., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Guðrún Jónasson, Einar Erlendsson, Sveinbjörn Hannesson, Sigfús Sigurhjartarson, Jóhanna Egilsdóttir, Gísli Halldórsson, Hallgrímur Benediktsson, Lúðvík Hjálmtýsson, Hannes Stephensen, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Steinþór Guðmundsson og Pálmi Hannesson.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.
Málið tekið af dagskrá.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 11. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 5. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 10. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 12. des. lögð fram.
1. - 10. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga meiri hlutans í 11. lið samþ. með 8:4 atkv.
12. - 25. liður samþ. með shlj. atkv.
Meðmælin í 26. lið samþ. með shlj. atkv.
27. - 29. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð fræðsluráðs frá 8. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð fræðsluráðs frá 15. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.
Samþ. með shlj. atkv. að verða við tilmælum um afnot af barnaskólahúsum bæjarins, eins og hér segir:

1. frá Landsbanka Íslands, um afnot af Austurbæjarskólanum, Laugarnesskólanum og Melaskólanum 31/12 - 4/1.

2. frá Úthlutunarskrifstofunni, um afnot af Miðbæjarskólanum 27. og 28. des.

3. frá Kvenfélagi Laugarnessóknar, um afnot af Laugarnesskólanum einn dag síðast í desember.

VIII. Frv. um breytingar á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík, 2. umr.
Þessar tillögur lágu fyrir:
Frá borgarstjóra. (fylgir á sérstöku blaði).
Frá bæjarfulltrúum Sósíalistaflokksins:

Við 1. gr. Í stað 1% í fyrstu málsgr., komi: 3/4 %.

Hallgrímur Benediktsson fór af fundinum kl. 6, en Guðjón Einarsson kom í hans stað.

Tillaga fulltrúa Sósíalistaflokksins felld með 10:4 atkv.
1. gr. í till. borgarstjóra samþ. með 11 shlj. atkv.
2. - - - - - - shlj. atkv.
3. - - - - - - - - -
4. - - - - - - - - -
5. - - - - - - - - -
6. - - - - - - - - -
Reglugerðin, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IX. Útdráttur skuldabréfa af Laugarnesláni.
Málið tekið af dagskrá.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Sigfús Sigurhjartarson.
Jón Axel Pétursson.
Sveinbjörn Hannesson.
Einar Erlendsson.
Gísli Halldórsson.

Stþ. Guðmundsson.
Pálmi Hannesson.
Jóhanna Egilsdóttir.
Katrín Pálsdóttir.
Ludvig Hjálmtýsson.
Guðjón Einarsson.

Guðrún Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1948, fimmtudaginn 15. jan., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Auður Auðuns, Hallgrímur Benediktsson, Gísli Halldórsson, Sveinbjörn Hannesson, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð bæjarráðs frá 19. des. lögð fram.
Meðmælin í 17. lið samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 23. des. lögð fram.
Þessar tillögur komu fram:

Frá Katrínu Pálsdóttur, Auði Auðuns, Guðrúnu Jónasson og Jóhönnu Egilsdóttur:

Bæjarstjórn Reykjavíkur telur drátt þann, sem orðinn er á því, að fæðingardeild Landsspítalans taki til starfa, algerlega óviðunandi og óverjandi. Beinir bæjarstjórn Reykjavíkur því þeirri áskorun til heilbrigðisstjórnar landsins, að hún geri sitt ítrasta að flýta því, að hún geti tekið til starfa. Ennfremur að gera ráðstafanir til, að eftirlit með barnshafandi konum, sem nú er á vegum Líknar, geti tafarlaust fluttst í húsakynni nýju fæðingardeildarinnar.

Frá Friðriki Ólafssyni:

Breytingartillaga við þessa tillögu:
Orðin "og óverjandi" falli burtu úr tillögunni.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Breytingartillaga Friðriks Ólafssonar var felld.
Tillaga Katrínar Pálsdóttur o.fl. samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 2. jan. lögð fram.
Fulltrúar Sósíalistaflokksins báru fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin ákveður að láta nú þegar halda áfram þeirri rannsókn á heilsuspillandi húsnæði í bænum, sem hafin var á árinu 1946.
Rannsóknin skal fara fram á þeim grundvelli, sem lagður er í 28. gr. III. kafla laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, og á henni skal byggja áætlun samkv. 29. gr. sömu laga, um hversu margar íbúðir þurfi að gera til þess að bæta úr þörf þeirra, sem búa í heilsuspillandi íbúðum, svo og önnur þau atriði, sem um getur í þeirri grein.

Hallgrímur Benediktsson og Gísli Halldórsson báru fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á fjárhagsráð og viðskiptanefnd að sjá svo til, að ekki verði skorin við nögl innflutningsleyfi og gjaldeyrisleyfi til iðnaðar- og verzlunarfyrirtækja í Reykjavík, þar eð ella virðist sýnn hættulegur samdráttur í bæði iðnaði og verzlun hér í bænum.

Auður Auðuns fór af fundinum kl. 7 og Jóhann Hafstein kom í hennar stað.

Fundarhlé kl. 8 - 9½.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kl. 9½ var fundinum haldið áfram og voru þá komnir, auk borgarstjóra, allir þeir sömu bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar, sem áður sátu fundinn, nema Friðrik Ólafsson. Í stað hans kom Þorsteinn Árnason.

Meðmælin í 13. lið samþ. með shlj. atkv.
- - 14. - - - 8 : 1 -
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillögu Sigfúsar Sigurhjartarsonar vísað til bæjarráðs með 7 : 1 atkv.
Tillaga Hallgríms Benediktssonar og Gísla Halldórssonar samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 9. jan. lögð fram.
13. liður samþ. með shlj. atkv. Fundargerðin í heild sþ.með /shlj.atkv.
Gísli Halldórsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórn felur borgarstjóra að afla upplýsinga um það fyrir næsta bæjarstjórnarfund, hvað líður þeim rannsóknum, sem bæjarstjórnin ákvað u.þ.bil 2 árum, að gerðar skyldu með það fyrir augum að hagnýta gufuorku úr Henglinum til upphitunar og raforkuframleiðslu fyrir Reykjavík.

Tillaga þessi var samþ. með shlj. atkv.

V. Brunabótavirðingar.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið til afgreiðslu.
51. virðingargjörð, er barzt með bréfi tryggingarfélagsins, dags. 20. des., voru samþ. með shlj. atkv.
47 virðingargjörðir, skv. bréfi, dags. 14. jan., voru samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð fræðsluráðs frá 13. jan. lögð fram.

VII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 20. des. lögð fram.

VIII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 13. jan. lögð fram.
1. liður samþ. með shlj. atkv.

IX. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 16. des. lögð fram.

X. Fundargerð sömu nefndar frá 17. des. lögð fram.

XI. Fundargerð sjávarútvegsnefndar frá 6. jan.
Málinu frestað.

XII. Útdráttur skuldabréfa Laugarnesláns frá 1884.
Út voru dregin nr. 30, 6, 53, 43 og 8.

XIII. Fundargerð framfærslunefndar frá 22. des. lögð fram.

XIV. Fundargerð sömu nefndar frá 13. jan. lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 11.40.

Guðm. Ásbjörnsson.

| | |
|---|---|
| Gunnar Thoroddsen. | Björn Bjarnason. |
| Jón Axel Pétursson. | Jóhanna Egilsdóttir. |
| Katrín Pálsdóttir. | Stþ. Guðmundsson. |
| Sigfús Sigurhjartarson. | Sveinbjörn Hannesson. |
| Gísli Halldórsson. | Hallgr. Benediktsson. |
| Jóhann Hafstein. | Guðrún Jónasson. |

Þst. Árnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1948, fimmtudaginn 22. jan., var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Guðrún Jónasson, Hallgrímur Benediktsson, Sigfús Sigurhjartarson, Björn Bjarnason, Jón Axel Pétursson, Auður Auðuns, Jóhann Hafstein, Sigurjón Guðmundsson, Friðrik Ólafsson, Jóhanna Egilsdóttir, Katrín Pálsdóttir, Steinþór Guðmundsson og Gísli Halldórsson.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð bæjarráðs frá 12. jan. lögð fram.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 16. jan. lögð fram.
Jóhanna Egilsdóttir og Katrín Pálsdóttir báru fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir að gera þær breytingar á reglugerð um lokun brauða- og mjólkurbúða, sem nauðsynlegar eru til þess að verða við framkomnum óskum Félags afgreiðslustúlkna í brauð- og mjólkursölubúðum, að loka mjólkurbúðum kl. 4 á laugardögum allt árið.
> Ennfremur, að sölubúðir brauðgerðahúsa verði lokaðar kl. 3 á sunnudögum.

Tillögunni vísað til bæjarráðs með 7 : 6 atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 17. jan. lögð fram.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 19. jan. lögð fram.
Tillagan í 4. lið samþ. með shlj. atkv.
Tillagan í 14. lið samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 22. jan. lögð fram.
Jón Axel Pétursson, Jóhann Hafstein og Sigfús Sigurhjartarson báru fram svo hljóðandi tillögu í sambandi við 2. lið:

> Jafnframt ályktar bæjarstjórnin, í sambandi við skýrslu Kveldúlfs h.f. um rannsóknir á nýjum vinnsluaðferðum í síldariðnaði, að fela bæjarráði að láta rannsaka það mál til hlítar með hliðsjón af hagnýtingu þeirra nýju möguleika, sem þar kunna að vera fyrir hendi.

Steinþór Guðmundsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórnin leggur áherzlu á, að sú samvinna, sem nú er að myndast um síldarvinnslu hér í Reykjavík, verði ekki einskorðuð við lýsis- og mjölframleiðslu eingöngu, heldur beiti samtökin sér fyrir því, að undinn verði bráður bugur að verkun vetrarsíldarinnar hér í stórum stíl til manneldis á sem fjölbreyttastan hátt, og að því að afla ýmislega verkaðri síld trygga markaða.

Jóhann Hafstein bar fram svo hljóðandi viðaukatillögu við tillöguna í 2. lið:

> Veitir bæjarstjórn bæjarráði fullt umboð til þess að samþykkja stofnsamning og lög hins væntanlega hlutafélags.

2. lið vísað til 2. umr. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs 22. jan., 2. liður, 2. umræða.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
Fyrri málsliður í till. bæjarráðs samþ. með öllum atkv.
Viðaukatillaga Jóhanns Hafstein samþ. með öllum atkv.
Síðari málsliður í till. bæjarráðs samþ. með öllum atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga Jóns Axels Péturssonar, Jóhanns Hafsteins og Sigfúsar Sigurhjartarsonar var samþ. með öllum atkv.
Ályktunin í heild, svo breytt, samþ. með öllum atkv.
Tillögu Steinþórs Guðmundssonar vísað til undirbúningsnefndar með öllum atkv.

VII. Tillögur um breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, fyrri umræða.
Málinu vísað til 2. umr. með shlj. atkv.

VIII. Frv. að áætlun um tekjur og gjöld Reykjavíkurkaupstaðar og stofnana árið 1948, fyrri umræða.
Sigurjón Guðmundsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Þar sem að rekstur bæjarins er orðinn eins umfangsmikill og fjárfrekur og raun ber vitni, og á hinn bóginn útlit fyrir minnkandi tekjumöguleika á árinu, m.a. vegna þeirra byrða, er almenningur hefir á sig tekið vegna dýrtíðarinnar, lítur bæjarstjórnin svo á, að rannsaka þurfi mjög ítarlega alla útgjaldaliði fjárhagsáætlunarinnar með aukinn sparnað fyrir augum.
> Fyrir því ályktar bæjarstjórnin að skipa 4 manna nefnd sinn frá hvorum stjórnmálaflokki, til þess að endurskoða fjárhagsáætlunina, gera tillögur um sparnað og alla þá rekstrshagkvæmni, er við má koma í rekstri bæjarins.
> Nefndin taki strax til starfa og liggi álit hennar fyrir áður en 2. umræða fer fram.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu til rökstuddrar dagskrár:

> Þar sem bæjarstjórn hefir falið hagfræðingi bæjarins og forstöðumanni endurskoðunarskrifstofu að rannsaka rekstur bæjarins og bæjarstofnana og gera tillögur um endurbætur og sparnað, og vitað er, að þeir hafa unnið að því verki undanfarið og þegar skilað fyrstu skýrslum og tillögum, telur bæjarstjórn ekki ástæðu til þeirrar nefndarskipunar, sem tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins fer fram á.

Tillaga þessi var samþ. með 8 : 6 atkv.
Frv. vísað til 2. umr. með shlj. atkv.

IX. Frv. að áætlun um tekjur og gjöld Reykjavíkurhafnar árið 1948, fyrri umr.
Frv. vísað til 2. umr. með shlj. atkv.
Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 9.25.

Guðm. Ásbjörnsson.

| | |
|---|---|
| Gunnar Thoroddsen. | F.V. Ólafsson. |
| Guðrún Jónasson. | Auður Auðuns. |
| Hallgr. Benediktsson. | Gísli Halldórsson. |
| Sigfús Sigurhjartarson. | Stþ. Guðmundsson. |
| Jóhanna Egilsdóttir. | Jón Axel Pétursson. |
| Sigurj. Guðmundsson. | Björn Bjarnason. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1948, fimmtudaginn 5. febr., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Sveinbjörn Hannesson, Sigfús Sigurhjartarson, Katrín Pálsdóttir, Jóhanna Egilsdóttir, Pálmi Hannesson, Steinþór Guðmundsson, Guðmundur H. Guðmundsson, Gísli Halldórsson, Auður Auðuns, Jóhann Hafstein, Björn Bjarnason og Jón Axel Pétursson.

Þetta gerðist:

I. Kosning forseta bæjarstjórnar og tveggja varaforseta.
Forseti var kosinn
Guðmundur Ásbjörnsson
með 9 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

Fyrri varaforseti var kosinn
Hallgrímur Benediktsson
með 8 atkv., 7 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn
Auður Auðuns
með 8 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

II. Kosning tveggja skrifara og tveggja til vara.
Aðalmenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Friðrik Ólafsson
Björn Bjarnason.

Varamenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Jóhann Hafstein
Steinþór Guðmundsson.

III. Kosning 5 bæjarfulltrúa í bæjarráð og 5 bæjarfulltrúa til vara:
Forseta bárust 3 listar, er hann merkti A, C og D. - Á A-lista var Jón Axel Pétursson, á C-lista Sigfús Sigurhjartarson og Björn Bjarnason, en á D-lista Guðmundur Ásbjörnsson, Gunnar Thoroddsen, Jóhann Hafstein. - Atkvæði féllu þannig, að A-listi fékk 3 atkvæði, C-listi 4 atkv. og D-listi fékk 8 atkv. - Hlutu því kosningu:

Guðmundur Ásbjörnsson
Gunnar Thoroddsen
Jóhann Hafstein
Sigfús Sigurhjartarson
Jón Axel Pétursson.

Varamenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:

Bjarni Benediktsson
Auður Auðuns
Hallgrímur Benediktsson
Björn Bjarnason
Jóhanna Egilsdóttir.

IV. Kosning 5 manna í framfærslunefnd og 5 til vara:
Forseta bárust 3 listar, er hann merkti A, C og D. Á A-lista var Soffía Ingvarsdóttir, á C-lista Katrín Pálsdóttir og Zophónías Jónsson, en á D-lista Guðmundur Ásbjörnsson, Guðrún Jónasson og Auður Auðuns.
A-listi fékk 3 atkv., C-listi 4 atkv. og D-listi 8 atkv.
Hlutu þannig kosningu:

Guðmundur Ásbjörnsson
Guðrún Jónasson
Auður Auðuns
Katrín Pálsdóttir
Soffía Ingvarsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Varamenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:

Gunnar Thoroddsen
María Maack
Stefán A. Pálsson
Zophónías Jónsson
Jóhanna Egilsdóttir.

V. Kosning 3 manna í byggingarnefnd og 3 til vara:
Aðalmenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:

Guðmundur Ásbjörnsson
Ársæll Sigurðsson
Tómas Vigfússon.

Varmenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu.

Einar Erlendsson
Magnús Árnason
Kjartan Ólafsson.

VI. Kosning hafnarstjórnar:
a) Kosning 3 bæjarfulltrúa í hafnarstjórn og 3 bæjarfulltrúa til vara.
Kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Friðrik Ólafsson
Hallgrímur Benediktsson
Jón Axel Pétursson.

Varamenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Jóhann Hafstein
Gunnar Thoroddsen
Pálmi Hannesson.

b) Kosning 2 manna utan bæjarstjórnar í hafnarstjórn og 2 til vara.
Kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Hafsteinn Bergþórsson
Sigurður Jóhannsson

Varamenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Þórður Ólafsson
Hannes Stephensen.

VII. Kosning 3 manna í heilbrigðisnefnd.
a) bæjarráðsmanns.
Kosningu hlaut

Jóhann Hafstein.

b) verkfræðings í þjónustu bæjarins.
Kosningu hlaut

Bolli Thoroddsen.

c) óbundinni kosningu.
Kosningu hlaut

Sigurður Sigurðsson.

VIII. Kosning eins bæjarfulltrúa í sóttvarnanefnd.
Kosningu hlaut

Sigurður Sigurðsson.

IX. Kosning eins manns í stjórn Fiskimannasjóðs Kjalarnessþings.
Kosningu hlaut

Guðmundur Ásbjörnsson.

X. Kosning eins manns til að semja verðlagsskrá.
Kosningu hlaut

Þorsteinn Þorsteinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XI. Kosning 3 bæjarfulltrúa í stjórn Eftirlaunasjóðs.
Kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Jóhann Hafstein
Auður Auðuns
Steinþór Guðmundsson.

XII. Kosning 3 endurskoðenda bæjarreikninganna og 3 varamanna.
Aðalmenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:

Ari Thorlacíus
Ólafur Friðriksson
Árni Einarsson.

Varamenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:

Björn Steffensen
Haraldur Steinþórsson
Magnús Ástmarsson.

XIII. Kosning eins endurskoðanda styrktarsjóðs sjómanna- og verkamannafélaganna í Reykjavík.
Kosningu hlaut

Alfred Guðmundsson.

XIV. Kosning 2 endurskoðenda Musiksjóðs Guðjóns Sigurðssonar.
Kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Eggert Claessen
Hallgrímur Jakobsson.

XV. Kosning 2 manna í veitingaleyfisnefnd og 2 varamanna.
Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, er forseti merkti C og D. - Á C-lista var Kristinn Ág. Eiríksson en á D-lista dr. Jón Sigurðsson og Guðrún Jónasson.
C-listi fékk 5 atkv. en D-listi 9 atkv. Hlutu þannig kosningu:

Dr. Jón Sigurðsson
Kristinn Ág. Sigurðsson.

XVI. Fundargerð byggingarnefndar frá 29. jan. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

XVII. Fundargerð bæjarráðs frá 23. jan. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

XVIII. Fundargerð bæjarráðs frá 30. jan. lögð fram.
1. - 23. liður samþ. með shlj. atkv.
24. - 25. - - - - -

XIX. Fundargerð bæjarráðs frá 2. febrúar lögð fram.

XX. Fundargerð bæjarráðs frá 26. jan. lögð fram.

XXI. Fundargerð sjávarútvegsnefndar frá 6. jan. lögð fram.

XXII. Fundargerð sömu nefndar frá 27. jan. lögð fram.

XXIII. Frv. um breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur (síðari umræða).

.......................

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XXIV. Frv. að áætlun um tekjur og gjöld Reykjavíkurbæjar og stofnana árið 1948 (síðari umr.).

Fundarhlé kl. 8.05 - 9.35.

Kl. 9.35 var fundinum haldið áfram, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, allir þeir sömu bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar, sem áður sátu fundinn, nema Friðrik V. Ólafsson. En í stað hans kom Einar Erlendsson. Gísli Halldórsson fór af fundinum nokkru síðar, en Þorsteinn Árnason kom í hans stað.

Þessar tillögur komu fram:

Frá fulltrúum Sósíalistaflokksins:

Tekjur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| I.7 | (Arður af skuldlausri eign bæjarins í Rafmagnsveitunni).<br>Liðurinn falli niður. | | |

Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| VI.4.a. | (Laun).<br>Í stað 400.000.00 komi | kr. | 350.000.00 |
| VIII.22. | (Framlag til Vetrarhjálpar).<br>Liðurinn falli niður. | | |
| VIII.23. | (Til vinnumiðlunar).<br>Í stað 200.000.00 komi | - | 100.000.00 |
| VIII. | Nýr liður:<br>Til upptökuheimilis fyrir börn | - | 300.000.00 |
| XII. | Nýr liður:<br>Fegrun bæjarins | - | 100.000.00 |
| VII. | Nýr liður:<br>Barnaheimili Vorboðans | - | 50.000.00 |

Frá fulltrúum Alþýðuflokksins:

Tekjur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| VII.1. | Skattur ríkisstofnana og samvinnufélaga og annara samkvæmt sérstökum lögum:<br>Í stað 1.500.000.00 komi | kr. | 1.900.000.00 |

Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| VI.4.a. og g. | Liðirnir lækki:<br>Í stað 430.000.00 komi | - | 300.000.00 |
| VIII.23. | Til vinnumiðlunar.<br>Í stað 200.000.00 komi | - | 100.000.00 |
| VIII.25. | Nýr liður:<br>Til stækkunar og endurbóta á sumardvalarheimili Vorboðans í Rauðhólum gegn jafnháu framlagi annarsstaðar frá | - | 50.000.00 |
| IX.6. | Nýr liður:<br>Til biðskýla á strætisvagnaleiðum | - | 100.000.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XIII. Nýr liður:
Til eftirlits og leiðbeininga á leikvallagæslu á leikvöllum bæjarins kr. 25.000.00

XIII.10. Nýr liður:
Til byggingar fullkomins barnaheimilis auk Barnahælissjóðs Thorvaldsensfélagsins og Barnahælissjóðs Reykjavíkur 1. greiðsla - 250.000.00

XIII.11. Nýr liður:
Til æskulýðshallar, fyrsta greiðsla gegn framlagi frá ríkinu - 250.000.00

XIII.12. Nýr liður:
Til sundlaugarbyggingar í Vesturbænum, 1. greiðsla - 200.000.00

## Frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins:

I. Húsnæðismál.

Bæjarstjórn ítrekar fyrri stefnuyfirlýsingar sínar um, að sem fyrst verði að útrýma heilsuspillandi íbúðum í bænum. Hún hefir því m.a. látið smíða 72 íbúðir við Skúlagötu, sem allar voru teknar til afnota á síðastliðnu ári, og 32 íbúðir við Lönguhlíð og Miklubraut, sem tilbúnar verða í ár. En frekari íbúðabyggingar, sem bærinn hafði undirbúið og ákveðið á síðasta ári, stöðvuðust vegna þess, að fjárfestingarleyfi fékkst ekki. Til þess að ná því marki, er að framan greinir, telur bæjarstjórnin óhjákvæmilegt, að bæjarfélagið haldi áfram í stórum stíl byggingu íbúðarhúsa. Samþykkir bæjarstjórn áframhald slíkra bygginga og skorar eindregið á fjárhagsráð, Alþingi og ríkisstjórn að gera þessar framkvændir mögulegar með nauðsynlegum fjárfestingarleyfum og lánveitingum samkv. ákvæðum 3. kafla laga nr. 44 frá 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa.

II. Framkvæmdasjóður.

Bæjarstjórnin samþykkir að láta renna í framkvæmdasjóð það af stríðsgróðaskatti, sem umfram verður eina milljón króna af því, sem kemur í hlut bæjarins.

III. Skattamál.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi að breyta gildandi skattalöggjöf í það horf, að hlutur bæjar- og sveitarsjóða af stríðsgróðaskatti verði aukinn upp í 75 af hundraði.

IV. Sparnaður í rekstri bæjarins.

Bæjarstjórn ályktar að fela hagfræðingi bæjarins og forstöðumanni endurskoðunarskrifstofu bæjarins að halda áfram því starfi, sem þeir hófu á síðastliðnu ári, samkv. ályktun bæjarstjórnar, að gera tillögur um endurbætur og sparnað í rekstri bæjar og bæjarstofnana, í samráði við forráðamenn hverrar starfsgreinar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

V. Vöggustofa.

Bæjarstjórnin telur hina brýnustu þörf á að koma upp vöggustofu hið allra fyrsta og telur húsið Hlíðarenda henta vel til þeirra nota. Felur hún bæjarráði og borgarstjóra að láta nú þegar fara fram nákvæma athugun á því, hvort húsið henti best til þess að vera vöggustofa, dagheimili eða leikskóli.

VI. Húsnæði ungbarnaverndar.

Bæjarstjórn telur, að húsnæði það, sem ungbarnavernd Líknar á við að búa, sé alveg ófullnægjandi, og felur borgarstjóra að halda áfram tilraunum til þess, í samráði við bæjarráð, hjúkrunarfélagið Líkn og félagsmálaráðuneytið, að útvega hentugt húsnæði fyrir ungbarnaverndina, þangað til reist hefir verið heilsuverndarstöð Reykjavíkur.

VII. Fávitahæli.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar enn á Alþingi og ríkisstjórn að koma sem fyrst á fót fávitahæli eins og lög nr. 18 frá 1936 gera ráð fyrir. Þykir bæjarstjórn miður, að ekkert skuli hafa orðið úr framkvæmdum á síðasta ári, enda þótt fé væri heimilað í þessu skyni í fjárlögum fyrir 1947.

VIII. Íþróttamál.

Bæjarstjórn ákveður að haga framkvæmdum og undirbúningi á íþróttasvæðinu í Laugardalnum á þessu ári í samræmi við tillögu Laugardalsnefndar þannig:

1. Að lokið sé við að gera stóra framræsluskurðinn úr Laugardalnum til sjávar.

2. Að jafnframt sé endurskoðuð heildarframræsluáætlunin og framræslunni haldið áfram svo að henni verði allri lokið á árinu.

3. Að byrjað verði á því að slétta landið fyrir íþróttaleikvanginn.

4. Að fyrri áætlanir um íþróttaleikvanginn séu endurskoðaðar af Laugardalsnefnd og endanlegar tillögur síðan lagðar fyrir bæjarstjórn.

5. Að gerðar séu teikningar að sundlaugum og mannvirkjum í sambandi við þær, í samræmi við síðustu tillögur Laugardalsnefndar, og byrjað á framkvæmdum að fengnu samþykki bæjarráðs.

IX. Æskulýðshöll og tómstundaheimili.

Bæjarstjórn Reykjavíkur ályktar að lýsa yfir eftirfarandi:

1. Ef mynduð verða almenn samtök æskulýðsfélaga í bænum, sem standa almenningi opin, án tillits til stjórnmálaskoðana, í þeim tilgangi að byggja og reka æskulýðshöll, tjáir bæjarstjórnin sig reiðubúna til að leggja til ókeypis lóð undir slíka byggingu og greiða 50% byggingarkostnaðar, enda greiðist þá byggingarkostnaður, sem svarar 40% úr félagsheimilissjóði, en 10% greiðist af félagasamtökunum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framlag bæjarins er því skilyrði bundið, að samkomulag náist við samtök æskulýðsfélaganna um fyrirkomulag og rekstur stofnunarinnar.

2. Jafnframt verði stefnt að því að koma upp tómstundaheimilum fyrir börn og unglinga í hinum ýmsu bæjarhverfum.
Felur bæjarstjórnin barnaverndarnefnd og leikvalla- og dagheimilanefnd að gera áætlun um þörf slíkra heimila og leggja fyrir bæjarstjórn tillögur um framkvæmdir.

X. Útvegsmál.

Á undanförnum árum hefir bæjarstjórnin stuðlað að kaupum 10 nýtízku togara og 13 nýrra vélbáta til bæjarins. Af þessum 10 togurum eru 6 þegar komnir og hinir 4 væntanlegir á þessu ári. Af vélbátunum eru 12 komnir og einn væntanlegur innan skamms.

Nú verður að leggja höfuðáherslu á að bæta aðstöðu til útgerðar frá bænum.

Í þessu sambandi vill bæjarstjórnin leggja áherslu á, að þegar á þessu ári verði framkvæmdur sá hluti af tillögum hafnarstjórnar um stækkun á höfninni, sem nær til byggingar garðs frá Ingólfsgarði, lengingar Ingólfsgarðsbryggju og byggingar einnar nýrrar bryggju í kvínni austan Faxagarðs.

Bæjarstjórnin vill í framhaldi af forgöngu sinni um byggingu nýrrar síldarverksmiðju, sem ákveðið hefir verið að verði í skipi, sem hafi bækistöð í Reykjavík, leggja áherslu á að skipinu verði búinn staður vestur við Grandagarð.

Bæjarstjórnin ákveður að þegar skuli hafist handa um lagningu Mýrargötu frá Ægisgötu að athafnasvæði vesturhafnarinnar, til að bæta samgöngur við vesturhluta hafnarinnar.

Frá fulltrúum Alþýðuflokksins:

I. Bæjarstjórnin ákveður að fela borgarstjóra og bæjarráði að láta gera nú þegar heildaráætlun um helstu framkvæmdir bæjarins, sem fyrirhugaðar eru næstu tvö ár, og sé hún gerð þannig, að hægt sé að auka eða draga úr ýmsum af hinum fyrirhuguðu framkvæmdum eftir því, hvernig atvinnuhorfur eru á hverjum tíma. Telur bæjarstjórnin rétt, að við samningu áætlunarinnar sé höfð náin samvinna við ríkisstjórn og fjárhagsráð og höfð hliðsjón af þeim framkvæmdum, sem þessir aðilar ráðgera.

II. Bæjarstjórnin samþykkir að hefja byggingu íbúðarhúsa í stórum stíl, til viðbótar húsum þeim, sem nú eru í byggingu hjá bænum. Skal lögð á það meginähersla að koma upp tveggja og þriggja herbergja einföldum en heilsusamlegum íbúðum. Í þessu sambandi felur bæjarstjórnin borgarstjóra að leita nú þegar samninga við ríkisstjórnina um:

1. Að tryggja þessum framkvæmdum nauðsynlegt lánsfé.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Forgangsrétt að efni.

3. Tryggja framkvæmdunum vinnuafl, með því meðal annars, ef nauðsyn krefur, að gera ráðstafanir til þess, að frestað verði byggingarframkvæmdum, sem ekki eru jafn aðkallandi vegna almenningsheilla.

III. Með tilliti til þess, að tilfinnanlegur skortur er á sjúkrahúsnæði hér í bæ, svo að fjöldi fólks bíður tímum saman eftir því að komast á sjúkrahús, þá samþykkir bæjarstjórn að fela borgarstjóra og bæjarráði að taka upp samninga við heilbrigðisstjórnina um það mál og hefja undirbúning að byggingu fullkomins sjúkrahúss fyrir Reykjavík.

IV. Bæjarstjórnin felur bæjarráði og borgarstjóra að beita sér fyrir því, að Sjúkrasamlag Reykjavíkur setji á stofn í Langholtsbyggð lyfjabúð, svo og í öðrum bæjarhverfum, þar sem þeirra er þörf.

V. Með tilliti til þess, að stór svæði í bænum eru með öllu án leikvalla eða opinna svæða, er nota mætti til leikja, en þar er búsettur mikill fjöldi barna, sem ekki hafa annað en göturnar og þrönga húsagarða til leikja, þá samþykkir bæjarstjórnin:

Að láta gera á þessu ári tvo nýja leikvelli, annan á svæðinu Laugavegur, Hverfisgata, Lindargata milli Klapparstígs og Barónsstígs, en hinn við Bergsstaðastræti eða þar um slóðir. Skal búa þá leiktækjum og gæslu.

Þá samþykkir bæjarstjórnin ennfremur að ráða í sína þjónustu sérfræðing í barnagæslu (konu) til þess að hafa á hendi leiðbeiningar og eftirlit á hinum ýmsu leikvöllum, er bærinn starfrækir.

VI. Bæjarstjórnin samþykkir að undirbúa og hefja framkvæmdir að byggingu tveggja nýrra dagheimila á þessu ári. Skal þeim valinn staður þar sem þeirra er mest þörf og þau njóta sín best.

VII. Reykjavíkurbær hefir í sinni vörslu Barnahælissjóð Thorvaldsensfélagsins og Barnahælissjóð Reykjavíkur. Samtals nema þeir um 200.000.00 þús. krónum. Hann hefir nú á leigu í öðru byggðarlagi yfir 60 kílómetra frá bænum húsnæði fyrir barnaheimili og ráðgerir að verja til þess heimilis á yfirstandandi ári 140.000.00 þús. krónum.
Með tilliti til þess að mjög óhentugt verður að teljast að reka slíka starfsemi svo fjarri bænum og að hentugt húsnæði er ekki fyrir hendi hér, en brýn nauðsyn á að koma þessum málum í betra horf, þá samþykkir bæjarstjórn:

Að fela borgarstjóra og bæjarráði að láta hefja í samráði við stjórn Thorvaldsensfélagsins undirbúning að byggingu fullkomins barnaheimilis í grennd við bæinn og byrja framkvæmdir strax og nauðsynlegum undirbúningi er lokið.

VIII. Til þess að draga úr hinum mikla kostnaði við mánaðarlegan aflestur og innheimtu Rafmagnsveitu Reykjavíkur, samþykkir bæjarstjórn að fela borgarstjóra að afla

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heimildar til að áætla megi rafmagns- og hitavatnsgjald hvers notanda eftir notkun næsta árs á undan og innheimta eftir því, en leiðrétta hina áætluðu upphæð með aflestri einu sinni eða tvisvar á ári.

IX. Þar sem sýnt er, að upphæð sú, sem jafnað verður niður með útsvörum á þessu ári, verður svo há, að ókleift verður að jafna þeim réttlátlega niður, ef bannað er að leggja útsvör á þann hluta tekna einstaklinga og fyrirtækja, sem er yfir 200 þús.kr., skorar bæjarstjórn á Alþingi að nema þetta ákvæði úr lögum. Jafnframt ályktar bæjarstjórn að beina því til niðurjöfnunarnefndar, að haga niðurjöfnun útsvaranna svo, að verulegur hluti þeirra hvíli á eignaaukningu þeirri, sem orðið hefir síðan stríðið hófst.

X. Bæjarstjórn telur brýna nauðsyn á því, að komið verði upp æskulýðs- og tómstundaheimili í Reykjavík, þar sem æskulýðurinn eigi þess kost að ástunda holla leiki og skemmtanir undir handleiðslu uppeldisfræðinga. Samþykkir bæjarstjórn að leggja til lóð á hentugum stað í bænum undir slíkt heimili og leita samvinnu við ríkisstjórn og Alþingi um málið og felur borgarstjóra framkvæmdir í því efni.

XI. Með tilliti til hinna stórfelldu framkvæmda, sem þegar er lokið og framundan bíða og óhjákvæmilegar eru vegna hins öra vaxtar bæjarins, og þess, að rekstur bæjarfélagsins verður stöðugt af eðlilegum ástæðum umfangsmeiri, ályktar bæjarstjórnin að kjósa fjögra manna nefnd til þess að gera tillögur um breytingar á framkvæmdarstjórn bæjarmálefnanna. Jafnframt skal nefndin taka til athugunar, hvort eigi sé tímabært að gera breytingar á því fyrirkomulagi, sem nú gildir um álagningu skatta, útsvara til bæjarins.

## Frá fulltrúum Sósíalistaflokksins:

1. Húsnæðismál.

Með lögum um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum frá 7. maí 1946, er svo fyrir mælt, að bæjarstjórninni "beri að ráða bót á húsnæðisvandræðum" þeirra, sem búa í heilsuspillandi íbúðum, ennfremur að hún skuli stefna að því að ljúka þessu verki á fjórum árum, þ.e. að því skuli lokið 1950.
Til þess að hægt verði að inna þessa lagaskyldu af hendi, telur bæjarstjórn nauðsynlegt:

a) Að lögð sé rík áhersla á að ljúka byggingu þeirra íbúðarhúsa, sem nú eru í smíðum.

b) Að ekki verði leyft að hefja byggingu annara íbúðarhúsa en þeirra, sem víst er að leiði til þess að útrýma heilsuspillandi húsnæði eða leysa vandamál hinna húsnæðislausu.

c) Að aukinn verði innflutningur byggingarefnis frá því sem nú er.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarstjórnin skorar því á fjárhagsráð og ríkisstjórnina að haga leyfisveitingum til íbúðarhúsabygginga í Reykjavík og innflutningi byggingarefnis í samræmi við það, sem um getur í staflið a, b og c og ákveður jafnframt að haga byggingarframkvæmdum bæjarins þannig, að uppfyllt verði ákvæði III. kafla laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, er mæla svo fyrir, að bæjarstjórn skuli "stefna" að því að útrýma öllu heilsuspillandi húsnæði í bænum eigi síðar en 1950.

2. Bæjarútgerð.

Bæjarstjórn samþykkir að hefja nú þegar undirbúning að smíði 6 togara. Skip þessi verið útbúin fullkomnustu tækjum til hagnýtingar aflans, svo sem vélum til vinnslu fiskúrgangs o.fl.
Við teikningu skipanna verði stuðst við þá reynslu, er fengist hefir af nýsköpunartogurunum. Skip þessi verði gerð út af bænum sjálfum, ásamt þeim togurum, er bærinn hefir nú ráð á.

3. Búskapur bæjarins.

Um leið og bæjarstjórnin lýsir ánægju sinni yfir því, að hafist hefir verið handa um endurbætur á Korpúlfsstaðahúsunum og búskapur þar aukinn, ákveður hún að halda áfram á þeirri braut og að láta gera fullnaðar áætlanir um fullkona nýtingu allra jarða bæjarins á þessu ári.

4. Heilbrigðismál.

Bæjarstjórnin vítir það, að nær ekkert hefir verið gert til að framkvæma samþykktir bæjarstjórnar frá 6. marz 1947 um sjúkrahúsmál og aðrar heilbrigðisráðstafanir, og leggur ríka áherslu á, að tafarlaust verði hafist handa um framkvæmdir þessara samþykkta. Sérstaklega telur bæjarstjórnin óhjákvæmilegt að útvega strax bráðabirgðahúsnæði fyrir heilsuverndarstöð.

5. Upptökuheimili.

Bæjarstjórnin telur eigi unnt að slá því á frest, að hefja starfrækslu upptökuheimilis fyrir börn, og felur borgarstjóra að leita fyrir sér um húsnæði til þeirrar starfsemi.

6. Vinnustofa fyrir öryrkja.

Bæjarstjórn felur borgarstjóra að leita samkomulags við Tryggingarstofnun ríkisins um að koma upp vinnustofu fyrir öryrkja og lasburða fólk, og bendir á, að taka sérstaklega til athugunar, hvort gerlegt mundi að hafa samvinnu við S.Í.B.S. um stofnun þess og rekstur.

7. Um skólabyggingar.

Bæjarstjórnin vítir seinagang þann, sem til þessa hefir verið á undirbúningi skólabygginga í nýjum byggðahverfum, og ákveður að hefja tafarlaust byggingu barnaskólans við Hólsveg. Þá skorar bæjarstjórnin á fræðslufulltrúa og fræðsluráð að ganga fast eftir því, að lokið verði undirbúningi að bygg-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ingu annarra skóla, sem ákveðnir hafa verið, svo og, að gerð verði bráðabirgðaviðbót við Gagnfræðaskólann í Vesturbænum, til afnota þangað til framtíðarbygging skólans er fullgerð.

8. Fegrun bæjarins.

Bæjarstjórnin samþykkir að efna til samkeppni um útlitsteikningar af áberandi svæðum og torgum í bænum, t.d. Miklatorgi, Hagatorgi o.s.frv. Ennfremur sé leitað samvinnu við listamenn og aðra fagmenn um skreytingu slíkra svæða.
Bæjarstjórn ályktar að vinda bráðan bug að hreinsun og lagfæringu tjarnarinnar.

9. Vandamál úthverfanna.

Bæjarstjórnin samþykkir að fela borgarstjóra, bæjarverkfræðingi og skipulagsmönnum bæjarins að hefja tafarlaust framkvæmdir og samvinnu við aðra opinbera aðila, til að ráða fram úr þeim vandræðum, sem íbúar Kleppsholts, Voga og Laugarnessbyggðar og annarra mannmargra nýbyggða í úthverfum bæjarins eiga við að stríða, vegna skorts á sjálfsögðustu nauðsynjum þéttrar byggðar, svo sem öruggum og hentugum samgöngum, síma, póstþjónustu, lækningastofum, lyfjasölum, samkomustöðum, barnaskólum, leikvöllum, dagheimilum, lögreglueftirliti, brunavörnum o.s.frv. Telur bæjarstjórnin óhjákvæmilegt, að bæjarfélagið beiti sér fyrir útvegun leyfa til nauðsynlegra bygginga í þessu skyni og reisi byggingarnar fyrir eigin reikning, ef aðrir aðilar gera það ekki í tæka tíð.

10. Lyfjabúðir.

Bæjarstjórnin skorar á heilbrigðisyfirvöld landsins að beita sér fyrir setningu löggjafar um lyfjasölu, sem geri Almannatryggingunum kleift að taka rekstur lyfjabúðanna í sínar hendur og skipuleggja lyfjasöluna í samræmi við nýjustu kröfur.
Meðan slík löggjöf er ekki komin til framkvæmda, skorar bæjarstjórnin á stjórn Sjúkrasamlags Reykjavíkur og Tryggingaráð að sjá um, að lyfjabúðir verði starfræktar í úthverfum bæjarins, t.d. í Kleppsholti, Hlíðahverfi og í Kaplaskjóli.

11. Útsvarsmál.

Bæjarstjórnin beinir til niðurjöfnunarnefndar að athuga sérstaklega eftirfarandi atriði í sambandi við ákvörðun útsvarsstiga við niðurjöfnun útsvara á árinu 1948:

1. Að árstekjur undir 9.000.- kr. verði ekki útsvarsskyldar.

2. Að persónufrádráttur af útsvari verði eigi lægri en 450 krónur og komi til greina jafnt á lægri tekjur sem hærri.

3. Að útsvör á launafólk verði ákveðin lægri en í fyrra, miðað við útsvarsskyldar tekjur, a.m.k. sem nemur lögskipaðri lækkun vísitölunnar frá meðalvísitölu ársins 1947.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

- . .

Frá Sjálfstæðisflokknum:

I. Dagskrártill. við I. ályktunartill. Alþýðufl.

Með vísun til þess, að bæjarstjórn ályktaði 6. mars 1947 að fela bæjarráði og borgarstjóra að semja áætlun um verklegar framkvæmdir bæjarins og bæjarstofnana fyrir ár hvert í sambandi við afgreiðslu fjárhagsáætlunar, telur bæjarstjórn tillögu þessa óþarfa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

II. Dagskrártill. við IV. ályktunartill. Alþfl. og 10. ályktunartill. Sós.fl.:

Bæjarstjórn ítrekar fyrri ályktanir sínar á nauðsyn á fjölgun lyfjabúða í Reykjavík og skorar/eindregið /enn á stjórn heilbrigðismálanna að veita leyfi til þess að setja á stofn lyfjabúðir í úthverfum borgarinnar, eins og brýna nauðsyn ber til.

III. Dagskrártill. við 9. ályktunartill. Sós.fl.:

Bæjarstjórnin telur sjálfsagt, að hinum nýju bæjarhlutum sé séð fyrir samgöngum, gatnagerð og öðrum nauðsynjum, sem bæjarfélagið á að sinna, eftir því sem fjárhagur bæjarins og aðrar ástæður leyfa hverju sinni. Hinsvegar telur bæjarstjórn fráleitt, að bæjarsjóður reisi byggingar fyrir póst, síma o.fl., sem ríkið á að annast og vísar því 9. ályktunartillögu Sós.fl. frá.

IV. Dagskrártill. við 4. ályktunartill. Sós.fl. og III. ályktunartill. Alþ.fl.:

Bæjarstjórnin ítrekar ályktun sína frá 6. mars 1947 um heilbrigðismál, er felur í sér stefnuyfirlýsingu bæjarstjórnar um framkvæmdir í sjúkrahúsmálunum með samvinnu heilbrigðisstjórnar ríkisins og bæjarins. Leggur bæjarstjórnin áherslu á að hið fyrsta sé gengið frá samning milli ríkis og bæjar um fyrirkomulag framkvændanna, í hvaða röð beri að koma stofnununum upp og þátt hvers aðila um sig í hverri framkvænd, sérstaklega hvað fjárframlög snertir.

Frá Sjálfstæðisflokknum, Sósíalistaflokknum og Alþýðuflokknum:

Húsnæðismál.

Bæjarstjórn ítrekar fyrri stefnuyfirlýsingar sínar um, að sem fyrst verði að útrýma heilsuspillandi íbúðum í bænum. Hún hefir í þeim tangi byggt 72 íbúðir við Skúlagötu, sem allar voru teknar til afnota á síðastliðnu ári, og 32 íbúðir við Miklubraut, sem tilbúnar verða í ár.
Til þess að ná því marki, er að framan greinir, telur bæjarstjórnin einkum nauðsynlegt:

a. Að lögð sé rík áhersla á að ljúka byggingu þeirra íbúðarhúsa, sem nú eru í smíðum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

b. Að haldið sé áfram íbúðarhúsabyggingum við Miklubraut, svo sem áður er ráð fyrir gert, og lögð á það megináhersla að koma upp tveggja og þriggja herbergja einföldum og heilsusamlegum íbúðum.

Bæjarstjórnin skorar því á ríkisstjórn og fjárhagsráð að gera þessar framkvæmdir mögulegar með nauðsynlegum fjárfestingarleyfum og lánveitingum samkvæmt ákvæðum 3. kafla laga nr. 44 frá 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa, enda sé þessum byggingarframkvæmdum tryggt vinnuafl og efni, með því meðal annars, ef nauðsyn krefur, að fresta öðrum framkvæmdum, sem ekki eru jafn aðkallandi vegna almenningsheilla.

Frá Auði Auðuns og Sigfúsi Sigurhjartarsyni:

Með því að 3 manna nefnd hefir verið falið að gera tillögur um staðsetningu leikvalla og dagheimila, svo og um það, í hvaða framkvæmdir í þessum efnum skuli ráðist á næstunni, telur bæjarstjórnin ekki ástæðu til að taka afstöðu til V. og VI. ályktunartillögu Alþýðuflokksins og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Frá Sjálfstæðisflokknum:

Brtt. við XII. 8. (Iðnskóli).
Í stað 50.000.- komi kr. 85.000.-.

Frá Gunnari Thoroddsen, Sigfúsi Sigurhjartarsyni, Guðmundi Ásbjörnssyni og Jóhanni Hafstein:

Nýr liður, XXI.
Til lánveitingar vegna Sogsvirkjunar kr. 1.500.000.-.

Frá Friðriki V. Ólafssyni, Sigfúsi Sigurhjartarsyni, Pálma Hannessyni og Jóni Axel Péturssyni:

Nýr liður, svohlj.:
Til Handíðaskólans, vegna stofnkostnaðar kr. 15.000.-.

Frá Steinþóri Guðmundssyni:

Bæjarstjórnin ályktar að hefja þegar undirbúning að byggingu sundlaugar við Melaskólann og hraða framkvæmdum eins og unnt er.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá Gísla Halldórssyni, Guðmundi H. Guðmundssyni,

Gunnari Thoroddsen og Jóhanni Hafstein:

Bæjarstjórn ákveður að láta á þessu ári hreinsa tjörnina sunnan tjarnarbrúarinnar, og greiðist kostnaður af gjaldlið IX.4.
Skal leðjan hreinsuð burtu niður á malarbotninn með dælingu, jarðýtum eða grafvélum, eftir því sem hagkvæmast reynist, en tjarnarbakkarnir jafnframt treystir með upphleðslu.
Skal jafnframt gengið svo frá sambandinu milli tjarnarhlutanna, að eigi geti runnið úr norðurhlutanum í suðurhlutann.
Skal við það miðað, að þessi þáttur í fegrun bæjarins skapi jafnframt grundvöll undir hugsanlegan sjóbaðstað, ef síðari yrði horfið að því ráði að halda framkvæmdum áfram með hann sem takmark fyrir augum.

Tillaga frá Gísla Halldórssyni:

Bæjarstjórn Reykjavíkur lýsir yfir, að hún telur nauðsynlegt:

1. Að hið fyrsta verði framkvæmdar vatnsrennslismælingar í Innstadal í Hengli, svo að gengið verði úr skugga um hversu mikið vatnsmagn er þar að meðaltali og þegar minnst er.

2. Að hafist sé handa um tilraunaboranir á þessum slóðum til að rannsaka magn og orku gufunnar.

3. Að þegar næg gögn eru fyrir hendi sé gerð áætlun um virkjunarkostnað gufu til hita- og rafmagnsframleiðslu fyrir Reykjavíkurbær.

Bæjarstjórnin telur, að rannsóknir þessar eigi að gera í samvinnu ríkis og bæjar svo sem ákveðið var með ályktun Alþingis 10. mars 1944, og felur borgarstjóra og bæjarráði að beita sér fyrir, að skriður komist á rannsóknirnar og þ.á.m. að til þeirra séu keypt nauðsynleg tæki svo sem jarðbor.
Í beinu framhaldi þessarar ályktunar og með tilliti til 500 þús.kr. fjárveitingar bæjarstjórnar frá 1947 og 500 þús.kr. fyrirhugaðrar fjárveitingar fyrir 1948, ályktar bæjarstjórnin að óska þess, að hraðað verði sérstaklega þeim jarðhitarannsóknum, sem hagnýtt gildi hafa fyrir bæinn.
Óskar bæjarstjórnin þess á ný, að hafnar verði reglubundnar mælingar á vatnsrennsli í Innstadal í Hengli sem allra fyrst og eigi síðar en í vor, svo að ljóst megi verða, hversu miklu minnsta og meðalvatnsrennsli þar er til að dreifa, sem hagnýta mætti til hitaveitu fyrir Reykjavík, og felur hitaveitustjóra að sjá um, að framkvæmdir verði hafnar hið bráðasta.
Jafnframt óskar bæjarstjórnin, að fjárframlög bæjarins til sameiginlegra rannsókna og jarðborana ríkis og bæjar verði hagnýtt að talsverðu leyti til borana eftir gufu á þeim hitasvæðum, þar sem hitaveitu- og raforkuvirkjanir kæmu að mestum notum fyrir Reykjavíkurbæ.
Þar eð vafasamt má telja, að boranir að Reykjakoti í Ölfusi verði um fyrirsjáanlegan tíma hagnýttar til hitaveitu fyrir Reykjavík sakir fjarlægðar, en möguleikar á slíkri hitaveitu frá Innstadal í Hengli nærtækari, ef vatn og gufa fæst þar nægilegt, endurnýjar bæjarstjórn ósk sína um, að rannsóknir verði framkvæmdar í Innstadal hið allra fyrsta og eigi síðar en á sumri komanda.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarstjórnin vill að lokum leggja áherslu á ályktun sína frá 7. febr. 1946, um að rannsóknum verði hraðað eftir mætti og óskar þess, að keyptur verði afkastamikill nýtízku jarðbor, með öllum þeim útbúnaði, sem þarf til þess að geta unnið að stórvirkum jarðgufuborunum tafarlítið. Telur bæjarstjórnin, að tafsöm vinna með ófullkomnum verkfærum muni síst reynast ódýr við framkvæmdir, sem hér um ræðir, og að hagkvæmt muni að hagnýta þær boraðferðir, sem búast má við að gefi skjótvirkastan og mestan árangur. Telur bæjarstjórn, að val boráhaldanna beri að gera með greinilegu tilliti til þessa sjónarmiða.

Frá Jóhönnu Egilsdóttur, Katrínu Pálsdóttur og Auði Auðuns:

VIII. Nýr liður:
Til Vorboðans, byggingarstyrkur, með skilyrðum, sem bæjarráð setur, kr. 30.000.00.

Frá Jóhanni Hafstein, Jóni Axel Péturssyni og Sigfúsi Sigurhjartarsyni:

Brtt. við brtt. bæjarráðs við lið XIII. 6 - 11:
Í stað 180.000.- komi: kr. 200.000.00.

Frá Pálma Hannessyni:

1. Gjl. XIII. liður 11.
Til ferðafélags Íslands.
Fyrir 5000 kr. komi 15.000 kr.

2. Gjl. XVIII.5.
Til húsbygginga eftir ákvörðun bæjarráðs.
Fyrir 3.500.000.- komi: 2.000.000.-.

3. Gjl. IX.3.
Til nýrra gatna og holræsa.
Fyrir 5.000.000.- komi: 3.500.000.-.

Katrín Pálsdóttir fór af fundinum kl. 4, en Hannes Stephensen kom í hennar stað.

Fundarhlé kl. 1.45 - 2.15.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Atkvæðagreiðsla:

Tekjur:

| | |
|---|---|
| I. 1.-6. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sós.fl. I.7. felld með 8:4 atkv. |
| I. 7. | samþ. með shlj. atkv. |
| I. 8.-VI.8. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. VII.1. felld með 8:6 atkv. |
| VII. 1. | samþ. með shlj. atkv. |
| VII. 2.-5. | samþ. með shlj. atkv. |

Gjöld:

| | |
|---|---|
| I.1. - VI.3.f. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. VI.4.a. og g. felld með 8:2 atkv. |
| | Brtt. Sós.fl.VI.4.a. felld með 8:6 atkv. |
| VI. 4.a. | samþ. með shlj. atkv. |
| VI.4b.-VIII.21. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sós.fl. VIII.22. felld með 8:4 atkv. |
| VIII. 22. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. og Sós.fl. VIII.23. felld með 8:7 atkv. |
| VIII.23. | samþ. með shlj. atkv. |
| VIII.24. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sós.fl. VIII. (Vorboðinn) tekin aftur. |
| | Brtt. Alþ.fl. VIII. (Vorboðinn) tekin aftur. |
| | Brtt. Jóhönnu Egilsdóttur o.fl. VIII. (Vorboðinn) samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sós.fl. VIII. (upptökuheimili) felld með 8:5 atkv. |
| IX. 1.-2. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Pálma Hannessonar IX.3. felld með 14:1 atkv. |
| IX.3. | samþ. með 14:1 atkv. |
| IX.4.-5. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. IX.6. (biðskýli) felld með 8:6 atkv. |
| X.-XI.4. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. bæjarráðs XI.5. samþ. með shlj. atkv. |
| XI.6.-14.a. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. bæjarráðs XI.14.b. samþ. með shlj. atkv. |
| XI.14.c.-17.a. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. bæjarráðs XI.17.b. samþ. með shlj. atkv. |
| XI.17.c.-XII.7. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sjálfst.fl. XII.8.samþ. með shlj. atkv. |
| XII.9.-14. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Friðriks V. Ólafssonar o.fl. XII. (Handíðaskóli) samþ. með shlj. atkv. |
| XII.15.-17. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. bæjarráðs XII.18. samþ. með shlj. atkv. |
| XII.19.-22. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sós.fl. XII. (fegrun bæjarins) felld með 8:6 atkv. |
| XIII.1.-5. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Pálma Hannessonar XIII.11. tekin aftur. |
| | Brtt. Jóhanns Hafsteins o.fl. XIII.6.-11. samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. bæjarráðs XIII.12. samþ. með shlj. atkv. |
| XIII.13. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. XIII. (leikvallagæzla) felld með 8:5 atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. XIII.10. (barnaheimili) felld með 8:4 atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. XIII.11. (æskulýðshöll) felld með 8:5 atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. XIII.12. (sundlaug í Vesturbæ) felld með 8:5 atkv. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XIV. 1.-3. samþ. með shlj. atkv.
Brtt. bæjarráðs XIV.4. samþ. með shlj. atkv.
XIV.5.-XVIII.4. samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Pálma Hannessonar XVIII.5. felld með 14:1 atkv.
XVIII.5. samþ. með 14:1 atkv.
XVIII.6.-8. samþ. með shlj. atkv.
Brtt. bæjarráðs XVIII.9. (sorpeyðingarstöð) samþ. með shlj. atkv.
Brtt. bæjarráðs XIX. (fasteignakaup) samþ. með shlj. atkv.
Brtt. bæjarráðs XX. (síldarverksmiðja) samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Gunnars Thoroddsen o.fl. XXI. samþ. með 13:2 atkv.
Tekjuliður VIII. með breytingum samkv. atkv.gr. samþ. með shlj. atkv.

Áætlun bæjarsjóðs í heild samþ. með shlj. atkv.
- Korpúlfsstaðabúsins - - - -
- Reykjahlíðar - - - -
- Grjótnáms - - - -
- Sandnáms - - - -
- Pípugerðar - - - -
- Sundhallar - - - -
- Bæjarþvottahúss - - - -
- Vatnsveitu - - - -
- Hitaveitu - - - -
- Gasstöðvar - - - -
- Rafmagnsveitu - - - -
- Sogsvirkjunar - - - -
- Strætisvagna - - - -

Tillaga bæjarráðs í 6. lið fundargerðar 2. febr. samþ. með shlj. atkv.
Tillaga bæjarráðs í sömu fundargerð, 7. lið, samþ. með shlj. atkv.
Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisfl., Sós.fl. og Alþ.fl. um húsnæðismál samþ. með shlj. atkv.

I. till. Sjálfst.fl., I. till Sós.fl. og II. till. Alþ.fl. teknar aftur.
I. dagskrártill. Sjálfst.fl. samþ. með 8:6 atkv.
I. till. Alþ.fl. kom því ekki til atkv.
II. till. Sjálfst.fl. (framkvæmdasjóður) samþ. með shlj. atkv.
III. till. Sjálfst.fl. (skattamál) samþ. með shlj. atkv.
X. till. Sjálfst.fl. (útvegsmál) samþ. með shlj. atkv.
II. till. Sós.fl. (bæjarútgerð) felld með 8:6 atkv.
VIII. till. Sós.fl. (fegrun bæjarins) vísað til bæjarráðs með 8:4 atkv.
IV. till. Sjálfst.fl. (sparnaður í rekstri) samþ. með shlj. atkv.
XI. till. Alþ.fl. (nefndarkosning) vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.
IX. till. Sjálfst.fl. (æskulýðshöll) samþ. með shlj.atkv.
X. till. Alþ.fl. (æskulýðshöll) tekin aftur.
VIII. till. Sjálfst.fl. (íþróttamál) samþ. með shlj.atkv.
III. till. Sós.fl. (búskapur bæjarins) samþ. með shlj. atkv.
V. till. Sjálfst.fl. (vöggustofa) samþ. með shlj.atkv.
Dagskrártill. Auðar Auðuns og Sigfúsar Sigurhjartarsonar samþ. með 12:2 atkv.
V. og VI. till. Alþ.fl. komu ekki til atkv.
VII. till. Alþ.fl. (barnaheimili) vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.
V. till. Sós.fl. (upptökuheimili) vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.
VI. till. Sjálfst.fl. (húsnæði ungbarnav.) samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VII. till. Sjálfst.fl. (fávitahæli) samþ. með shlj. atkv.
VI. till. Sós.fl. (vinnustofa fyrir öryrkja) vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.
XI. till. Sós.fl. (útsvarsmál) vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.
Ályktun í fundargerð fræðsluráðs frá 4. febr. samþ. með shlj. atkv.
VII. till. Sós.fl. (skólabyggingar) tekin aftur.
IV. dagskrártill. Sjálfst.fl. samþ. með 8:6 atkv.
IV. till. Sós.fl. og
III. till. Alþ.fl. komu því ekki til atkv.
II. dagskrártill. Sjálfst.fl. samþ. með shlj. atkv.
X. till. Sós.fl. og IV. till. Alþ.fl. komu ekki til atkv.
III. dagskrártill. Sjálfst.fl. samþ. með shlj. atkv.
IX. till. Sós.fl. kom ekki til atkv.
VIII. till. Alþ.fl. (aflestur) vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.
IX. till. Alþ.fl. (útsvör) vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.
Tillaga frá Gísla Halldórssyni o.fl. (tjörnin) samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Gísla Halldórssonar (jarðhitarannsóknir) samþ. með shlj. atkv.
Tillögu Steinþórs Guðmundssonar vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.

XXV. Frv. að áætlun um tekjur og gjöld Reykjavíkurhafnar 1948 (síðari umr.).

Áætlun um tekjur samþ. með shlj. atkv.
- - gjöld - - - -

Tillaga um að fela forseta og skrifurum að ganga frá fundargerðinni og undirskrifa hana var samþ. með shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 8.10 að morgni.

Guðm. Ásbjörnsson.

Björn Bjarnason. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1948, fimmtudaginn 19. febr., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik V. Ólafsson, Guðrún Jónasson, Auður Auðuns, Hallgrímur Benediktsson, Sveinbjörn Hannesson, Jóhann Hafstein, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Pálmi Hannesson og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.
Virðingargjörðir, 57 að tölu, er bárust með tveim bréfum tryggingarfélagsins, dags. 11. febr., voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 13. febr. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 11. febr. lögð fram.
2. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 13. febr. lögð fram.
Bæjarráðsmenn báru fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi að samþykkja frv. það, er nú liggur fyrir þinginu, um breytingu á lögum um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, varðandi sérstakan borgarlækni í Reykjavík, er hafi með höndum heilbrigðiseftirlit.

Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.
Tillaga bæjarráðsmanna samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð sjávarútvegsnefndar frá 3. febr. lögð fram.

VI. Fundargerð framfærzlunefndar frá 7. febr. lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.30.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Björn Bjarnason.
Pálmi Hannesson.
Jóhanna Egilsdóttir.
Katrín Pálsdóttir.
Hallgr. Benediktsson.

Stþ. Guðmundsson.
Sigfús Sigurhjartarson.
Sveinbjörn Hannesson.
Auður Auðuns.
Guðrún Jónasson.
F. V. Ólafsson.

VIII. Fundargerð sömu nefndar frá 27. febr. lögð fram.

IX. Fundargerð framfærzlunefndar frá 28. febr. lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Guðrún Jónasson.
Þst. Árnason.
Einar Erlendsson.
Sigfús Sigurhjartarson.
Helgi Sæmundsson.
Pálmi Hannesson.

Jóhann Hafstein.
Guðm. H. Guðmundsson.
Sveinbjörn Hannesson.
Stþ. Guðmundsson.
Katrín Pálsdóttir.
Jóhanna Egilsdóttir.
Björn Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1948, fimmtudaginn 4. marz, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Guðrún Jónasson, Guðmundur H. Guðmundsson, Þorsteinn Árnason, Sveinbjörn Hannesson, Einar Erlendsson, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Helgi Sæmundsson, Jóhanna Egilsdóttir, Björn Bjarnason, Jóhann Hafstein og Pálmi Hannesson.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð bæjarráðs frá 20. febr. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 24. febr. lögð fram.
Helgi Sæmundsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórnin samþykkir að lýsa því yfir, að það er vilji hennar að stuðla að aukinni hagnýtingu sjávarafurða og aukinni útgerð í bænum. Hún lýsir sig hinsvegar mótfallna því, að tilraunir séu gerðar af hálfu bæjarfélagsins til þess að draga félög eða einstaklinga með skip til heimilisfestu í Reykjavík frá öðrum bæjum eða sveitarfélögum, þar sem það myndi óhjákvæmilega hafa í för með sér atvinnuleysi á viðkomandi stöðum og stórum aukna fólksflutninga til Reykjavíkur.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi dagskrártillögu við síðari hluta þessarar tillögu:

> Bæjarstjórn telur síðari hluta tillögu Helga Sæmundssonar að tilefnislausu fram kominn og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

1. - 2. liður samþ. með shlj. atkv.
3. liður samþ. með 8 : 7 atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Fyrri hluti tillögu Helga Sæmundssonar samþ. með shlj. atkv.
Dagskrártillaga borgarstjóra samþ. með 12 : 1 atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 27. febr. lögð fram.
1. - 8. liður samþ. með shlj. atkv.
9. - - - - -
10.-19. - - - - -
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 1. marz lögð fram.
1. - 4. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga meiri hluta bæjarráðs í 5. lið samþ. með 10:4 atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð fræðsluráðs frá 23. febr. lögð fram.
2. - 4. liður samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð hafnarstjórnar frá 24. febr. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 11. febr. lögð fram.

VIII. Fundargerð sömu nefndar frá 27. febr. lögð fram.

IX. Fundargerð framfærzlunefndar frá 28. febr. lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Guðrún Jónasson.
Þst. Árnason.
Einar Erlendsson.
Sigfús Sigurhjartarson.
Helgi Sæmundsson.
Pálmi Hannesson.

Jóhann Hafstein.
Guðm. H. Guðmundsson.
Sveinbjörn Hannesson.
Stþ. Guðmundsson.
Katrín Pálsdóttir.
Jóhanna Egilsdóttir.
Björn Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1948, fimmtudaginn 18. marz, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Hallgrímur Benediktsson, Guðrún Jónasson, Sveinbjörn Hannesson, Auður Auðuns, Þorsteinn Árnason, Sigfús Sigurhjartarson, Katrín Pálsdóttir, Steinþór Guðmundsson, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Pálmi Hannesson og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 11. marz lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 5. marz lögð fram.
1. - 21. liður samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 12. marz lögð fram.
Sigfús Sigurhjartarson bar fram svo hljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórn felur borgarstjóra og bæjarráði að láta fara fram rækilega athugun á:

1. Hvort ekki sé hægt að láta strætisvagna hefja ferðir úr Kleppsholti 10 - 20 mínútum fyrr að morgni en nú tíðkast.
2. Hvort ekki sé hægt að láta strætisvagna hefja ferðir frá úthverfum bæjarins nokkru fyrr en nú tíðkast á sunnudagsmorgnum.
3. Hvort ekki sé gerlegt og æskilegt að strætisvagnar fari eina ferð til úthverfa bæjarins nokkru eftir kl. 1 að nóttu.
4. Á hvern hátt samgönguþörf Vogahverfis verði bezt leyst.

Að þessari athugun lokinni, og þó eigi síðar en á fyrri fundi bæjarstjórnar í maí þ.á., leggi borgarstjóri fram greinargerð og tillögur um málið.

Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.
Tillögu Sigfúsar Sigurhjartarsonar vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.

IV. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 2. marz lögð fram.

V. Fundargerð sömu nefndar frá 9. marz lögð fram.

VI. Fundargerð sjávarútvegsnefndar frá 9. marz lögð fram.

VII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 16. marz lögð fram.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.

VIII. Forseti las bréf Jóns Brynjólfssonar þar sem hann biðst undan störfum sem varamaður í niðurjöfnunarnefnd.
Í hans stað var tilnefndur af bæjarfulltrúum Alþýðuflokksins:
Haraldur Pétursson safnhúsvörður.

IX. Fundargerð framfærslunefndar frá 16. marz lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.30.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Pálmi Hannesson.
Katrín Pálsdóttir.
Stþ. Guðmundsson.
Hallgr. Benediktsson.
Þst. Árnason.
Auður Auðuns.

Björn Bjarnason.
Jóhanna Egilsdóttir.
Jón Axel Pétursson.
Sigfús Sigurhjartarson.
Sveinbjörn Hannesson.
F.V. Ólafsson.
Guðrún Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1948, fimmtudaginn 1. apríl , var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Auður Auðuns, Hallgrímur Benediktsson, Sigfús Sigurhjartarson, Hannes Stephensen, Jóhanna Egilsdóttir, Björn Bjarnason, Jón Axel Pétursson, Guðmundur H. Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Jóhann Hafstein og Pálmi Hannesson.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.
Brunabótavirðingagjörðir, 42 að tölu, er bárust með bréfi tryggingarfélagsins, dags. 18. mars, voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 19. mars lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 30. mars lögð fram.
Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn ályktar að fela heilbrigðisfulltrúa bæjarins að vera ráðunautur bæjarstjórnar og borgarstjóra um heilbrigðismál bæjarins, svo sem sjúkrahúsmál, fjárveitingar til heilbrigðismála o.fl., auk þess sem hann annast heilbrigðiseftirlit samkvæmt því, er lög og samningar mæla fyrir á hverjum tíma. Skal hann nefnast borgarlæknir og taka laun samkvæmt IV. flokki samþykktar um laun fastra starfsmanna Reykjavíkurkaupstaðar.

Björn Bjarnason bar fram svo hljóðandi tillögur:

1. Bæjarstjórn felur borgarstjóra að beita sér fyrir því við póst- og símamálastjóra, að bætt verði úr þörf íbúanna í Kleppsholti og öðrum úthverfum bæjarins fyrir síma og að íbúar þessara hverfa fái símann með sömu kjörum og aðrir bæjarbúar.
2. Bæjarstjórn felur slökkviliðsstjóra að hraða sem frekast er unnt lagningu brunasíma í úthverfum bæjarins.

Jóhann Hafstein bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við fyrri tillögu Björns Bjarnasonar:

Tillagan orðist svo:
Bæjarstjórn ályktar að skora á póst- og símamálastjóra að bæta úr þörf íbúanna í Kleppsholti o.s.frv.

Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.
Tillaga borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.
Breytingartillaga Jóhanns Hafstein samþ. með 10:1 atkv.
Síðari hluti fyrri till. Björns Bjarnasonar samþ. með shlj. atkv.
Síðari tillögu sama bæjarftr. vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.

IV. Fundargerð fræðsluráðs frá 23. mars samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 16. mars lögð fram.

VI. Kosning tveggja manna í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.
Kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Helgi H. Eiríksson
Ólafur H. Guðmundsson.

VII. Kosning tveggja endurskoðenda Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.
Kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Björn Steffensen
Halldór Jakobsson.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.
Fundi slitið kl. 6.45.

| | | |
|---|---|---|
| Auður Auðuns. | Guðm. Ásbjörnsson. | Guðrún Jónasson. |
| Gunnar Thoroddsen. | F.V. Ólafsson. | Hallgr. Benediktsson. |
| Hannes M. Stephens. | Jóhann Hafstein. | Guðm. H. Guðmundsson. |
| Pálmi Hannesson. | Jóhanna Egilsdóttir. | Sigfús Sigurhjartarson. |
| Björn Bjarnason. | Katrín Pálsdóttir. | Jón Axel Pétursson. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1948, fimmtudaginn 15. apríl, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Sveinbjörn Hannesson, Sigfús Sigurhjartarson, Jóhanna Egilsdóttir, Pálmi Hannesson, Jóhann Hafstein, Björn Bjarnason, Jón Axel Pétursson, Steinþór Guðmundsson, Hallgrímur Benediktsson og Gísli Halldórsson.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 8. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 2. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Kosning áfengisvarnarnefndar.
Kosin af þrem listum án atkvæðagreiðslu:

Árni Óla, Hávallagötu 36.
Hersteinn Pálsson, Hávallagötu 48.
Sigþrúður Pétursdóttir, Kjartansg. 2.
Margrét Jónsdóttir, Leifsg. 27.
Gísli Sigurbjörnsson, Hring. 150.
Sigurður Guðmundsson, ritstj., Fálk. 1.
Haraldur S. Norðdahl, tollþj., Berg. 66.
Karl Karlsson, vatnsm., Bollagötu 6.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 9. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð frá 15. apríl (bæjarráðs) lögð fram.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
Katrín Pálsdóttir kom á fundinn að afloknum III. lið.
Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin samþykkir að fela borgarstjóra og bæjarráði að láta leggja miðstöðvarlögn í húseign bæjarins, Bjarnaborg, með það fyrir augum að nota hitaveituvatn til upphitunar til aukinna þæginda og öryggis fyrir íbúa hússins."

Katrín Pálsdóttir bar fram svo hljóðandi innskots- tillögu við tillögu Jóns Axels Péturssonar:

"Á eftir Bjarnaborg komi: og önnur íbúðarhús í eigu Reykjavíkurbæjar á hitaveitusvæðinu, sem eins er ástatt".

Gísli Halldórsson bar fram svo hljóðandi tillögur:

1. Bæjarstjórn Reykjavíkur heimilar Rafmagnsveitu Reykjavíkur að gera kaup á hraðsuðupottum fyrir allt að krónur 20 þúsund.
Skulu með pottum þessum gerðar hagnýtar tilraunir um, hvort eigi megi lækka toppeyðslu rafmagns í bænum, þannig að lengja megi þann tíma, sem núverandi raforkuver getur fullnægt rafmagnseftirspurninni og þannig komið í veg fyrir rafmagnsskort þangað til hinni nýju virkjun Sogsins er lokið.

2. Bæjarstjórn Reykjavíkur heimilar borgarstjóra að festa kaup á rafmagnssorpbrennsluofnum fyrir allt að kr. 20 þúsundum.
Skal með ofnum þessum reynt, hvort með þeim megi spara verulega sorphreinsun og sorphreinsunarkostnað í bænum.

Tillaga bæjarráðs í fundargerðinni samþ. með öllum atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fulltrúar Sósíalistaflokksins óskuðu bókaða svo hljóðandi athugasemd um atkvæði sín:

"Með tilliti til þeirrar afgreiðslu, sem tillaga Sigfúsar Sigurhjartarsonar fékk í bæjarráði og með tilliti til þeirrar greinargerðar, er hann gerði fyrir atkvæði sínu þar".

Tillögum Jóns Axels Péturssonar og Katrínar Pálsdóttur vísað til bæjarráðs með 8:5 atkv.
Tillögum Gísla Halldórssonar vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.

VI. Fundargerð hafnarstjórnar frá 6. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 2. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð framfærslunefndar frá 8. apríl lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.40.

Guðm. Ásbjörnsson.

| | |
|---|---|
| Björn Bjarnason. | Jón Axel Pétursson. |
| Jóhanna Egilsdóttir. | Katrín Pálsdóttir. |
| Stþ. Guðmundsson. | Sigfús Sigurhjartarson. |
| Jóhann Hafstein. | Sveinbjörn Hannesson. |
| Hallgr. Benediktsson. | F.V. Ólafsson. |
| Guðrún Gónasson. | Gísli Halldórsson. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1948, fimmtudaginn 13. maí, var aukafundur haldinn í
jarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá
mnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfull-
úar: Guðmundur Ásbjörnsson, Auður Auðuns, Guðrún Jónasson,
einbjörn Hannesson, Sigfús Sigurhjartarson, Jónas Haralz, Jóhanna
ilsdóttir, Björn Bjarnason, Hallgrímur Benediktsson, Pálmi
nnesson, Jón Axel Pétursson, Hannes Stephensen og Þorsteinn
nason og Einar Erlendsson.

Þetta gerðist:

Fundargerð byggingarnefndar frá 29. apríl lögð fram.
21. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

I. Fundargerð bæjarráðs frá 16. apríl lögð fram.
1. liður samþ. með shlj. atkv.
2. liður samþ. með 9:4 atkv.
3. - 10. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 19. apríl lögð fram.
Sigfús Sigurhjartarson bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórnin átelur harðlega, að ekki skuli hafa verið veitt umbeðin innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir strætisvögnum.

Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.
Tillögu Sigfúsar Sigurhjartarsonar var frestað til næsta fundar.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 27. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

Fundargerð bæjarráðs frá 30. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

I. Fundargerð bæjarráðs frá 4. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 7. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 12. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

X. Fundargerð hafnarstjórnar frá 20. apríl lögð fram.

I. Fundargerð hafnarstjórnar frá 11. maí lögð fram.

XI. Fundargerð fræðsluráðs frá 19. apríl lögð fram.
3. liður samþ. með shlj. atkv.

XII. Fundargerðir sjávarútvegsnefndar frá 8. og 15. apríl lagðar fram. Samþ. með shlj. atkv. að fresta málinu.

III. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 23. apríl lögð fram.

XIV. Fundargerð sömu nefndar frá 30. apríl lögð fram.

XV. Fundargerð framfærslunefndar frá 11. maí lögð fram.
Samþ. með shlj. atkv. að fresta 4. lið.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.50.

| | | |
|---|---|---|
| | Guðm. Ásbjörnsson. | |
| Björn Bjarnason. | Pálmi Hannesson. | Gunnar Thoroddsen. |
| Jóhanna Egilsd. | Jónas H. Haralz. | Jón Axel Pétursson. |
| Þst. Árnason. | Einar Erlendsson. | Hannes M.Stephensen. |
| Auður Auðuns. | Sigfús Sigurhjartarson. | Sveinbjörn Hannesson. |
| Guðrún Jónasson. | | Hallgr. Benediktsson. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1948, fimmtudaginn 20. maí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jóhann Hafstein, Guðrún Jónasson, Auður Auðuns, Hallgrímur Benediktsson, Sveinbjörn Hannesson, Einar Erlendsson, Sigfús Sigurhjartarson, Jónas Haralz, Steinþór Guðmundsson, Helgi Sæmundsson, Jóhanna Egilsdóttir, Pálmi Hannesson og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 14. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 14. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð fræðsluráðs frá 13. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 4. maí lögð fram.

V. Fundargerð sömu nefndar frá 8. maí lögð fram.

VI. Fundargerð sömu nefndar frá 11. maí lögð fram.

VII. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 12. maí lögð fram. Fundargerðinni vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.

VIII. Tillaga Sigfúsar Sigurhjartarsonar frá bæjarstjórnarfundi 13. maí.
Borgarstjóri, Sigfús Sigurhjartarson, Jóhanna Egilsdóttir og Pálmi Hannesson báru fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar eindregið á fjárhagsráð og viðskiptanefnd að veita gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir strætisvögnum til Reykjavíkur eins og þörf krefur.

Tillaga þessi var samþ. með shlj. atkv., en Sigfús Sigurhjartarson tók aftur tillögu sína frá 13. maí.

IX. Tillaga um síldarverksmiðju, 2. umr.
Tillagan var samþ. með shlj. atkv.

X. Frv. að brunamálasamþykkt fyrir Reykjavík, 1. umr.
Frv. vísað til 2. umr. með shlj. atkv.

Fundargerðin lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.50.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Guðrún Jónasson.
Sveinbjörn Hannesson.
Einar Erlendsson.
Jónas H. Haralz.
Helgi Sæmundsson.

Jóhann Hafstein.
Hallgr. Benediktsson.
Auður Auðuns.
Sigfús Sigurhjartarson.
Stþ. Guðmundsson.
Jóhanna Egilsdóttir.

Björn Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1948, fimmtudaginn 3. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Hallgrímur Benediktsson, Guðrún Jónasson, Auður Auðuns, Sveinbjörn Hannesson, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Jónas Haralz, Jóhanna Egilsdóttir, Jóhann Hafstein, Gísli Halldórsson, Sigurjón Guðmundsson og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.
Brunabótavirðingagjörðir, 152 að tölu, er bárust með bréfum tryggingarfélagsins, dags. 24. maí og 2. júní, voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 27. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 21. maí lögð fram.
Fundargerðin, að undanteknum 18. lið, samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 25. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 28. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 31. maí lögð fram.
Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Með tilliti til þess, að ásigkomulag Ingólfsstrætis, frá Spítalastíg að Bankastræti, er þannig að illfært er oft gangandi mönnum sem og ökutækjum, en umferð um téða götu óvenjumikil svo sem augljós er, þegar það er athugað, að við hana standa ekki færri en tvö guðshús, - hús guðspekinga og adventistakirkjan -, eitt blindraheimili með vinnustofum, aðalbókasafn bæjarins, Bæjarbókasafnið, Félagsbókbandið, auk iðnaðar- og íbúðarhúsa, en ekki svo mikið sem gangstéttarmyndir neinsstaðar meðfram götunni, og hún þó ein af eldri götum bæjarins, þá samþykkir bæjarstjórn að fela borgarstjóra að láta nú þegar hefjast handa um byggingu og malbikun götunnar, ásamt með gangstéttum, svo framkvæmdum verði lokið á yfirstandandi sumri.

1. - 6. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillögu Jóns Axels Péturssonar vísað til bæjarráðs með 11 : 2 atkv. 7. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 21. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 18. maí lögð fram.

IX. Kosning 3 varamanna í heilbrigðisnefnd.
Tillaga frá borgarstjóra um að kjósa 3 varamenn í nefndina var samþ. með shlj. atkv.
Fór þá fram kosning varamanna, og hlutu kosningu:

a) bæjarráðsmaður.
Kosningu hlaut Jón Axel Pétursson með shlj. atkv.

b) verkfræðingur í þjónustu bæjarins.
Kosningu hlaut Árni Daníelsson með shlj. atkv.

c) Óbundin kosning á einum manni.
Kosningu hlaut Sveinbjörn Hannesson með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X. Frv. að heilbrigðissamþykkt, 2. umr.
Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi breytingartillögu:

2. gr. orðist þannig:
Heilbrigðisnefnd skipa 5 menn.
Lögreglustjóri og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina, og er lögreglustjóri formaður hennar. Hina nefndarmennina kýs bæjarstjórn, og skal einn þeirra sitja í bæjarráði og annar vera verkfræðingur í þjónustu bæjarins. Bæjarstjórn kýs varamann fyrir hvern þeirra með sama hætti.

Breytingartillaga borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.
Samþ. að fella burtu síðustu mgr. í brtt. heilbrigðisnefndar við 3. gr.
Brtt. heilbrigðisnefndar við 4. - 222. gr. samþ. með shlj. atkv.
Frv. að heilbrigðissamþykkt, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.
Frv. verður fært í gerðabók á eftir fundi.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.45.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Sigurj. Guðmundsson.
Jón Axel Pétursson.
Gísli Halldórsson.
Sigfús Sigurhjartarson.
Hallgr. Benediktsson.
Sveinbjörn Hannesson.

Björn Bjarnason.
Jóhanna Egilsdóttir.
Jónas H. Haralz.
Stþ. Guðmundsson.
Auður Auðuns.
Guðrún Jónasson.
Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1948, laugardaginn 5. júní, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 2 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Hafsteinn Bergþórsson, Jónas Haralz, Einar Erlendsson, Björn Bjarnason, Guðrún Jónasson, Steinþór Guðmundsson, Jón Axel Pétursson, Sveinbjörn Hannesson, Þorsteinn Árnason, Auður Auðuns, Jóhanna Egilsdóttir og Sigfús Sigurhjartarson.

Fundurinn var haldinn í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

I. Niðurjöfnun útsvara.

Borgarstjóri, Sigfús Sigurhjartarson og Jón Axel Pétursson báru fram svo hljóðandi tillögu:

> Þar sem í ljós hefir komið við niðurjöfnun útsvara í ár, að með því að nota sama útsvarsstiga, sem notaður hefir verið undanfarin ár, fást rúmar 5.8 millj. króna, án þess að leggja þurfi ofan á útsvarsstigann 10% eins og gert hefir verið að undanförnu, samþykkir bæjarstjórn, að jafnað skuli niður á þessu ári allt að kr. 53.200.000.00 að viðbættum 5 - 10% furor vanhöldum, og ákveður jafnframt, að af þeirri upphæð skuli 3 millj. króna varið til verklegra framkvæmda í þágu atvinnulífsins, eftir ákvörðun bæjarstjórnar síðar á árinu.

Tillagan var samþ. með öllum atkv.

Einnig var samþ. með öllum atkv. að taka málið fyrir til 2. umr. á nýjum fundi strax að þessum fundi loknum.

Var þá fundi slitið, en nýr fundur settur samstundis með sömu fulltrúum.

Þetta gerðist:

I. Tillaga um niðurjöfnun útsvara,
2. umræða.

Tillagan samþ. með öllum atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 2 ½

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Sigfús Sigurhjartarson.
Jóhanna Egilsdóttir.
Hafsteinn Bergþórsson.
Þorst. Árnason.
Björn Bjarnason.

Guðrún Jónasson.
Auður Auðuns.
Jón Axel Pétursson.
Sveinbjörn Hannesson.
Stþ. Guðmundsson.
Jónas H. Haralz.

Einar Erlendsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1948, fimmtudaginn 1. júlí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Hallgrímur Benediktsson, Auður Auðuns, Guðrún Jónasson, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Jónas Haralz, Björn Bjarnason, Jóhanna Egilsdóttir, Helgi Sæmundsson, Jóhann Hafstein, Sveinbjörn Hannesson og Sigurjón Guðmundsson.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 10. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð sömu nefndar frá 30. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 5. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 11. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 15. júní lögð fram.
Fulltrúar Alþýðuflokksins báru fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórninni er það kunnugt, að keyptir hafa verið til landsins á vegum ríkisins síðan í styrjaldarlok ekki færri en 50 nýir vélbátar auk nokkurra eldri skipa, svo og þeirra vélbáta, stærri og smærri, sem smíðaðir hafa verið innanlands. Fyrir þessi fiskiskip hafa og verið keypt fyrir tugi milljóna króna veiðarfæri og annar útbúnaður, sem hentar að mestu leyti eingöngu slíkum skipum, og hraðfrystihús og verksmiðjur til þjónustu fyrir slík skip. Með þeirri aukningu, sem þegar er orðin á togaraflotanum, 25 skip komin til landsins og 8 væntanleg, auk ráðgerðra 10 nýrra botnvörpunga og hinna eldri eða annara nýrra í þeirra stað, má álykta með tilliti til fenginnar reynslu, að erfitt verði að manna stærri flota svo að vel sé, að minnsta kosti að svo stöddu.
> Hinsvegar er það líklegt, að áður en langt um líður muni rétt að auka flotann, einkum af stærri skipum, og þykir mega ráða af líkum, að næsta ár muni hafa í för með sér ýmsar mikilvægar breytingar í skipabyggingum og þó sér í lagi að því er snertir vélar. Virðist því einsýnt, að ráðlegt sé að bíða nokkuð átekta með tilliti til þess að fá það bezta og hagnýtasta, sem um er að velja.
> Bæjarstjórnin samþykkir því að óska eftir því við ríkisstjórnina, að úthlutað verði til útgerðarfyrirtækja hér í bænum 7 af þeim nýju togurum, sem samið verður um smíði á erlendis af hálfu ríkisins. Samþykkir bæjarstjórnin, að 4 af þessum nýju togurum skuli reknir af bæjarútgerð Reykjavíkur, en hinum 3 verði úthlutað til útgerðarfyrirtækja, félaga og einstaklinga í bænum, fáist kaupendur að þeim, en ella verði þeir gerðir út af bæjarútgerðinni.
> Jafnframt skorar bæjarstjórnin á ríkisstjórnina að hefja undirbúning að kaupum á enn nýjum togurum, og að lögð verði áherzla á að tekið sé fullt tillit til þeirra breytinga, sem verða kunna í byggingu slíkra skipa og henta þykir íslenzkum aðstæðum. Telur bæjarstjórn sjálfsagt, að leitast verði við, eftir því sem kostur er á, að fullnægt verði eftirspurn bæjarfélaga, félagasamtaka og einstaklinga, eftir nýjum togurum á hverjum tíma.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins báru fram svo hljóðandi breytingartillögu við viðaukatillögu Sigfúsar Sigurhjartarsonar í 11. lið:

> Tillagan orðist svo:
> Bæjarstjórnin lýsir ánægju sinni yfir þeirri fyrirætlun ríkisstjórnarinnar að semja um smíði 10 nýrra togara svo fljótt sem verða má, og leggur áherzlu á, að framvegis sé árlega leitað eftir smíði nýrra togara, þannig að tryggð sé endurnýjun og áframhaldandi og stöðugur vöxtur togaraútgerðarinnar.
> Skorar bæjarstjórnin á ríkisstjórnina að leyfa ekki sölu gamalla togara úr landi, nema tryggt sé, að söluverð þeirra verði lagt í nýbyggingarsjóð, og að nýir togarar komi í stað þeirra, sem seldir kynnu að verða.

6. liður samþ. með shlj. atkv.
Ályktunin í 11. lið, aftur að tillögu Sigfúsar Sigurhjartarsonar, samþ. með shlj. atkv.
Breytingartillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins samþ. með 8:6 atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 18. júní lögð fram.
6. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð bæjarráðs frá 30. júní lögð fram.
Hallgrímur Benediktsson, Sigurjón Guðmundsson og Jóhanna Egilsdóttir báru fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórn samþykkir að segja upp samningi við Almennar tryggingar h.f. um brunatryggingar húseigna í Reykjavík.

Tillaga þessi var samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 1. júní lögð fram.

IX. Fundargerð sömu nefndar frá 8. júní lögð fram.

X. Fundargerð sömu nefndar frá 14. júní lögð fram.

XI. Fundargerð framfærslunefndar frá 16. júní lögð fram.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögur:

1. Bæjarstjórn heimilar borgarstjóra að fella niður annan reglulegan bæjarstjórnarfund í júlí - og fyrri reglulegan fund í ágústmánuði.

2. Bæjarstjórn heimilar bæjarráði að afgreiða fundargerðir byggingarnefndar meðan reglulegir bæjarstjórnarfundir falla niður.

Fyrri tillagan samþ. með shlj. atkv.
Síðari - - - - -

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.55.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Guðrún Jónasson.
Hallgr. Benediktsson.
Jóhann Hafstein.
Sigfús Sigurhjartarson.
Helgi Sæmundsson.

F.V. Ólafsson.
Sveinbjörn Hannesson.
Stþ. Guðmundsson.
Jónas H. Haralz.
Jóhanna Egilsdóttir.
Björn Bjarnason.

Sigurj. Guðmundsson.
Auður Auðuns.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1948, miðvikudaginn 28. júlí, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Einar Erlendsson, Sveinbjörn Hannesson, Lúðvík Hjálmtýsson, Hafsteinn Bergþórsson, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Jónas Haralz, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Sigurjón Guðmundsson, Björn Bjarnason, Jóhann Hafstein og Gísli Halldórsson.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 28. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 9. júlí lögð fram.
11. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 16. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 21. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 23. júlí lögð fram.

Gísli Halldórsson fór af fundinum kl. 6, en Hákon Þorkelsson kom í hans stað.

17. liður fundargerðar bæjarráðs frá 9. júlí samþ. með 11. shlj. atkv.

1. liður fundargerðar 23. júlí samþ. með shlj. atkv.
3. - 15. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 28. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð bæjarráðs frá 2. júlí lögð fram.
13. liður samþ. með 8:7 atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 1. júlí lögð fram.

IX. Fundargerð hafnarstjórnar frá 20. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

X. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 21. júní lögð fram.

XI. Fundargerð sömu nefndar frá 2. júlí lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.10.

Guðm. Ásbjörnsson.

Björn Bjarnason.
Jóhanna Egilsdóttir.
Sigfús Sigurhjartarson.
Ludvíg Hjálmtýsson.
Hákon Þorkelsson.
Jónas H. Haralz.

Sigurj. Guðmundsson.
Jón Axel Pétursson.
Hafsteinn Bergþórsson.
Sveinbjörn Hannesson.
Jóhann Hafstein.
Stþ. Guðmundsson.

Einar Erlendsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1948, fimmtudaginn 2. septbr., var haldinn reglulegur fundur í bæjarstjórninni.

Fundurinn var haldinn í húsi h.f. Eimskipafélags Íslands (Kaupþingssalnum) og hófst kl. 5 síðdegis. Voru mættir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Sigurður Sigurðsson, Auður Auðuns, Guðrún Jónasson, Guðmundur H. Guðmundsson, Þorsteinn Árnason, Björn Bjarnason, Sigurjón Guðmundsson, Jóhanna Egilsdóttir, Helgi Sæmundsson, Hannes Stephensen, Steinþór Guðmundsson og Sigfús Sigurhjartarson.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.
Brunabótavirðingargjörðir, 96 að tölu, sbr. bréf félagsins h.f. Almennar Tryggingar, dags. 29. júní og 3. ágúst þ.á., samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 6. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð byggingarnefndar frá 13. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð byggingarnefndar frá 26. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 6. ágúst lögð fram.
Umsókn í 16. lið fekk ekki stuðning.
Fundargerðin samþ. með samhlj. atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 13. ágúst lögð fram og samþ. með samhlj. atkv.

VII. Fundargerð bæjarráðs frá 20. ágúst lögð fram.
Sigfús Sigurhjartarson og Jóhanna Egilsdóttir báru fram svohljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin ákveður að ekki skuli veittir áfengir drykkir á vegum bæjarins eða stofnana hans".

Borgarstjóri lagði fram eftirfarandi tillögu, er hann kvað samhlj. tillögu, sem bæjarstjórnin hefði samþ. 16. jan. 1947:

"Bæjarstjórnin felur bæjarráði og borgarstjóra að kveða á um, hvernig háttað skuli veitingum í samkvæmum og veizlum á vegum bæjarins, eftir því sem við á hverju sinni, en telur eðlilegt, að svipaður háttur sé á þessu hafður og tíðkast í veizlum ríkisins og öðrum slíkum almennum samkvæmum".

Sigurður Sigurðsson bar fram svohlj. tillögu:

"Bæjarstjórnin ályktar að fela borgarstjóra að leita sem nákvæmastra upplýsinga um hvað líði útvegun og uppsetningu véla hinnar nýju mjólkurstöðvar.
Ennfremur hverjar séu orsakir þess, að gerilsneydd mjólk fáist eigi afgreidd beint til neytenda í tilluktum ílátum og hvenær vænta megi að úr slíku fáist bætt".

1. - 16. liður fundargerðarinnar samþ. með shlj. atkv.
Afgreiðslu 17. lið frestað.
18. - 19. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga borgarstjóra var samþ. með 7:6 atkv. og kom tillaga Sigf. Sigurhjartarsonar og Jóhönnu Egilsdóttur ekki til atkv. Tillaga Sig. Sigurðssonar var samþ. með shlj. atkv.

Er umr. hófust um VII. lið hvarf Þorsteinn Árnason af fundi, en Gísli Halldórsson sat fundinn úr því. -

VIII. Fundargerð bæjarráðs frá 27. ágúst lögð fram og samþ. með samhlj. atkv.
Jóhanna Egilsdóttir, Auður Auðuns, Guðrún Jónasson og Sigfús Sigurhjartarson báru fram svohlj. tillögu:

"Bæjarstjórn samþykkir að gera þær breytingar um lokunartíma brauð- og mjólkursölubúða,

1) að brauð- og mjólkursölubúðum verði lokað kl. 4 e.h. á laugardögum allan ársins hring,

2) að brauðsölubúðum verði lokað kl. 4 e.h. á sunnudögum."

Forseti vísaði tillögunni til bæjarráðs.

IX. Fundargerð fræðsluráðs frá 26. ágúst lögð fram.

X. Fundargerð fræðsluráðs frá 30. ágúst lögð fram.
1. liður samþ. með shlj. atkv.

XI. Frv. að samningi við h.f. Kveldúlf um stofnun og starfrækslu síldarverksmiðju í Reykjavík (og væntanlega tilnefning 3ja manna í stjórn félagsins).
Borgarstjóri bar fram svohlj. tillögu:

"Bæjarstjórnin samþykkir að gera félagssamning við h.f. Kveldúlf um stofnun og starfrækslu síldarverksmiðju í Reykjavík, samkvæmt framlögðu samningsfrumvarpi. Veitir bæjarstjórnin bæjarráði umboð til að ganga til fullnustu frá 2. og 3. gr. frumvarpsins, um nafn sameignarfélagsins og hvort stofnfé skuli vera 3 millj. eða 3½ millj. krónur.
Jafnframt er borgarstjóra veitt umboð til að undirrita félagssamninginn fyrir bæjarins hönd, með samþykki bæjarráðs".

Sigurjón Guðmundsson flutti svohlj. brtt., sem viðaukatillögu við 1. mgr.:

"Síldarverksmiðjan skal þó ekki byggð í Örfirisey né á öðrum stað, þar sem hún getur valdið verulegum óþægindum fyrir bæjarbúa".

Samningsfrv. var samþykkt með 14 samhlj. atkv.
1. mgr. í tillögu borgarstjóra samþ. með 14 samhlj. atkv.
Tillaga Sigurjóns Guðmundssonar felld með 13:1 atkv.
2. - 3. mgr. í tillögu borgarstjóra samþ. með 14:1 atkv.
Samþ. með samhlj. atkv. að láta fram fara tilnefningu í stjórn sameignarfélagsins.
Í stjórn voru kosnir á 3 listum, án atkvæðagreiðslu: Guðmundur Ásbjörnsson, Einar Olgeirsson, Jón Axel Pétursson. Varamenn í stjórnina voru tilnefndir með sama hætti og í sömu röð: Tómas Jónsson, borgarritari, Björn Bjarnason, Sigurjón A. Ólafsson.

XII. Fundargerð framfærslunefndar frá 20. ágúst lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.10 e.h.

Guðm. Ásbjörnsson.

| | | |
|---|---|---|
| Gunnar Thoroddsen. | F. V. Ólafsson. | Gísli Halldórsson. |
| Helgi Sæmundsson. | Björn Bjarnason. | Sigurður Sigurðsson. |
| Auður Auðuns. | Sigurj. Guðmundsson. | Sigfús Sigurhjartarson. |
| Guðrún Jónasson. | Jóhanna Egilsdóttir. | Guðm. H. Guðmundsson. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1948, föstudaginn 10. sept., var haldinn aukafundur í bæjarstjórninni.

Fundurinn var haldinn í skrifstofu borgarstjóra, Austurstræti 16, og hófst kl. 2 síðdegis. Voru þættir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Sigfús Sigurhjartarson, Sigurður Sigurðsson, Katrín Pálsdóttir, Björn Bjarnason, Magnús Ástmarsson, Jóhanna Egilsdóttir, Sveinbjörn Hannesson, Friðrik Ólafsson, Jónas Haralz og Auður Auðuns.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð bæjarráðs frá 8. sept. lögð fram.
Katrín Pálsdóttir bar fram svo hljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir að selja ekki eina af þriggja herbergja íbúðum í húseign sinni við Lönguhlíð, en vill hlutast til um, að komið verði þar fyrir dagheimili fyrir börn, svo fljótt sem auðið er".

Tillaga bæjarráðs var samþ. með öllum atkv.
Tillögu Katrínar Pálsdóttur vísað til bæjarráðs með 6:3 atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 2.17.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Jónas H. Haralz.
Magnús Ástmarsson.
Björn Bjarnason.
Sig. Sigurðsson.

Auður Auðuns.
Sveinbjörn Hannesson.
F.V. Ólafsson.
Katrín Pálsdóttir.
Sigfús Sigurhjartarson.

Jóhanna Egilsdóttir.

Auður Auðuns.
F.V. Ólafsson.
Stþ. Guðmundsson.
Guðrún Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1948, fimmtudaginn 16. sept., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum og hófst kl. 5 síðdegis. Voru mættir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Auður Auðuns, Sveinbjörn Hannesson, Sigurður Sigurðsson, Jóhann Hafstein, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Helgi Sæmundsson, Jóhanna Egilsdóttir, Sigurjón Guðmundsson og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 9. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 3. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 10. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð hafnarstjórnar frá 7. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð fræðsluráðs frá 13. sept. lögð fram. Katrín Pálsdóttir bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórn Reykjavíkur felur borgarlækni að hlutast til um, að skólalæknarnir í bænum geri sem ýtarlegasta skýrslu um heilsufar skólabarna, stöðu foreldranna og húsnæði það, sem foreldrar eða fósturforeldrar barnanna eiga við að búa.

2. liður samþ. með shlj. atkv. Tillögu Katrínar Pálsdóttur vísað til fræðsluráðs með shlj. atkv.

VI. Frv. um breytingar á samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík. Frv. vísað til síðari umræðu með shlj. atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Jóhanna Egilsdóttir.
Katrín Pálsdóttir.
Sigfús Sigurhjartarson.
Sigurður Sigurðsson.
Auður Auðuns.

Björn Bjarnason.
Sigurj. Guðmundsson.
Helgi Sæmundsson.
Jóhann Hafstein.
Sveinbjörn Hannesson.
Guðrún Jónasson.

F.V. Ólafsson.
Stþ. Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1948, fimmtudaginn 7. okt., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Guðrún Jónasson, Sveinbjörn Hannesson, Sigurður Sigurðsson, Einar Erlendsson, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Helgi Sæmundsson, Jóhanna Egilsdóttir, Pálmi Hannesson, Björn Bjarnason, Katrín Pálsdóttir, Auður Auðuns og Hafsteinn Bergþórsson.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.
Brunabótavirðingargjörðir, 55 að tölu, er bárust bæjarstjórninni með bréfi tryggingarfélagsins, dags. 20. sept., voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 30. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 24. sept. lögð fram.
Tillaga um að fresta 12. lið var samþ. með 8:7 atkv.
Umsókn um meðmæli til veitingaleyfis í 36. lið fékk ekki stuðning.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 1. okt. lögð fram.
Sigurður Sigurðsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórn Reykjavíkur telur óhjákvæmilegt að hafist verði handa um að auka til muna sjúkrarúm í bænum, en á þeim er nú tilfinnanlegur skortur. Felur hún borgarstjóra að leita fyrir sér um kaup á Landakotsspítala með það fyrir augum að bæta hið fyrsta úr sjúkrarúmaskortinum, sumpart með því að taka til notkunar lítt notað húsrúm þar og sumpart með því að stækka sjúkrahúsið með nýbyggingum.
> Náist eigi viðunandi samningar um kaup á sjúkrahúsinu, skal þegar í stað hafinn undirbúningur að byggingu fullkomins bæjarsjúkrahúss, er rúmi eigi færri en 120 sjúklinga, eða þann fjölda, er hæfilegur kann að reynast við frekari athugun, er fram yrði látin fara. Skal öllum undirbúningi hraðað svo sem föng eru á, svo bygging geti hafist hið allra fyrsta.
> Ennfremur er borgarstjóra falið að leita fyrir sér hjá forstjóra Tryggingarstofnunar ríkisins, á hvern hátt unnið verði að því að koma á fót hið fyrsta hér í bænum eða grend hans hjúkrunarheimili fyrir sjúkt fólk og öryrkja.
> Eins og nú háttar, verður það að teljast tilgangslaust að auka sjúkrahúsakost í landinu öðruvísi en að jafnframt sé séð fyrir aukningu hjúkrunarkvennastéttarinnar sem því svarar eða ríflega það. Fyrir því er borgarstjóra jafnframt falið að beita sér fyrir því við heilbrigðisstjórnina, að hafist verði handa um byggingu hins fyrirhugaða Hjúkrunarkvennaskóla, og að taka til athugunar, á hvern hátt bærinn geti stuðlað að því, að hann komist upp hið fyrsta, þar sem að telja verður, að slík stofnun mundi bæta til muna úr hjúkrunarkvennaskortinum.

13. liður samþ. með shlj. atkv.
14. - - - - - -
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Sigurðar Sigurðssonar samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 5. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hafsteinn Bergþórsson fór af fundinum kl. 8, en Þorsteinn Árnason kom í hans stað.

VI. Fundargerð fræðsluráðs frá 27. sept. lögð fram.
9. liður samþ. með shlj. atkv.
10. - - - - -

VII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 5. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VIII. Frv. að breytingum á samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík, síðari umr.

Frv. er svo hljóðandi:

1. gr.

4. gr., 5. mgr. samþykktarinnar orðist svo:
Laugardaga til kl. 4 síðdegis.

2. gr.

Við 4. gr., 6. mgr.: Í stað orðanna "til kl. 5 síðdegis" komi: "til kl. 4 síðdegis".

Flutningsmenn voru Jóhanna Egilsdóttir, Auður Auðuns, Guðrún Jónasson og Sigfús Sigurhjartarson.
Frv. var samþ. með shlj. atkv.

IX. Útdráttur skuldabréfs af Laugarnesláni.
Út var dregið nr. 24.

X. Lagður fram reikningur Reykjavíkurkaupstaðar og stofnana hans árið 1947.

XI. Fundargerð framfærslunefndar frá 5. okt. lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirrituð.

Fundi slitið kl. 9.20.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Pálmi Hannesson.
Helgi Sæmundsson.
Stþ. Guðmundsson.
Þst. Árnason.
Sigurður Sigurðsson.
Auður Auðuns.

Björn Bjarnason.
Jóhanna Egilsdóttir.
Katrín Pálsdóttir.
Sigfús Sigurhjartarson.
Einar Erlendsson.
Sveinbjörn Hannesson.
Guðrún Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1948, fimmtudaginn 21. oktbr., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í húsi h.f. Eimskipafélags Íslands (Kaupþingssalnum), og hófst kl. 5 síðdegis. Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Guðm. H. Guðmundsson, Einar Erlendsson, Sveinbjörn Hannesson, Þorsteinn Árnason, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Jón A. Pétursson, Magnús Ástmarsson, Pálmi Hannesson og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 14. oktbr. lögð fram og samþ. með samhlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 8. oktbr. lögð fram.
Björn Bjarnason bar fram svohlj. tillögu f.h. bæjarfulltrúa Socialistaflokksins:

"Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á póst- og símamálastjóra að hlutast til um, að bætt verði úr þeim misrétti, er nú er á símagjöldum í bænum, þar sem íbúar úthverfanna þurfa að greiða miklu hærra gjald fyrir sömu símaafnot og þeir, sem búa innan vissrar fjarlægðar frá Hringbrautinni".

Fundargerðin samþ. með samhlj. atkv.
Tillaga bæjarfulltrúa Socialistaflokksins vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 15. oktbr., lögð fram.
Jón A. Pétursson og Magnús Ástmarsson báru fram svohlj. tillögu:

"Með því að rauðamalarofaníburður í götur bæjarins veldur miklum skemmdum á trjá- og jurtagróðri í bænum, samþykkir bæjarstjór að hætta við notkun þess ofaníburðar þar, sem slíkt getur valdið tjóni".

Tillaga bæjarráðs í 17. lið samþ. með samhlj. atkv.
Fundargerðin samþ. með samhlj. atkv.
Tillögu Jóns A. Péturssonar og Magnúsar Ástmarssonar vísað til bæjarráðs með samhlj. atkv.

IV. Fundargerð fræðsluráðs frá 11. oktbr. lögð fram - og samþ. með samhlj. atkv.

V. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 27. septbr. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Tillaga um lánsframlag til Krísuvíkurvegar.
Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins báru fram svohljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórn Reykjavíkur telur, að öruggur og vel gerður vegur milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins sé eitt nauðsynlegasta og mest aðkallandi samgöngumál landsins, til þess að tryggja mjólkurflutninga og aðrar samgöngur. Í nær tvo áratugi hefur það verið einróma álit hinna fróðustu og færustu manna um vegagerð, að þessar samgöngur yrðu best leystar með því að leggja veg frá núverandi vegi í Svínahrauni um svokölluð Þrengsli austur í Ölfus. Þessi skoðun hefur tvívegis verið staðfest af Alþingi með lögum frá 1932 og 1946. Bæjarstjórnin harmar það, að ekki skuli enn byrjað á þessari sjálfsögðu og bráðnauðsynlegu vegagerð. Bæjarstjórnin lýsir óánægju sinni yfir, að samgöngumálaráðuneytið hefur í 3 sumur vanrækt að framfylgja beinum lagafyrirmælum um Austurveg.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skorar bæjarstjórnin eindregið á Alþingi og ríkisstjórn að hefjast þegar handa um framkvæmdir við Austurveg, er reiðubúin til viðræðna um það, á hvern háttbærinn gæti greitt fyrir þeim framkvæmdum, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá".

Tillagan var samþ. með 8:7 atkv.
Bæjarfulltrúar Socialistaflokksins gera svo fellda grein fyrir atkvæði sínu:

"Enda þótt við séum samþykkir ýmsum meginatriðum í tillögu borgarstjóra, greiðum við atkvæði gegn henni, þar sem í henni felst frestun á umbótum á vegasambandi við Suðurlandsundirlendið".

VII. Reikningar Reykjavíkurkaupstaðar og stofnana hans árið 1947 lagðir fram til úrskurðar.
Samþ. með öllum atkv., að reikningarnir skuli bornir undir atkv. í einu lagi.

Reikningur bæjarsjóðs samþ. með shlj. atkv.
Reikningur stofnana og sjóða samþ. með shlj. atkv.
Reikningur Reykjavíkurhafnar samþ. með shlj. atkv.
Reikningarnir í heild samþ. með shlj. atkv.

Fundargerð lesin og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.20.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
F.V. Ólafsson.
Guðm. H. Guðmundsson.
Sveinbj. Hannesson.
Jón Axel Pétursson.
Stþ. Guðmundsson.
Magnús Ástmarsson.

Guðrún Jónasson.
Einar Erlendsson.
Hafsteinn Bergþórsson.
Sigfús Sigurhjartarson.
Katrín Pálsdóttir.
Björn Bjarnason.
Pálmi Hannesson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1948, fimmtudaginn 4. nóv., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum og hófst kl. 5 síðdegis. Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Hallgrímur Benediktsson, Sveinbjörn Hannesson, Jóhann Hafstein, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Jóhanna Egilsdóttir, Björn Bjarnason, Auður Auðuns, Jón Axel Pétursson og Pálmi Hannesson.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 28. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 22. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 29. okt. lögð fram.
Fulltrúar Sósíalistaflokksins báru fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi að fella nú þegar úr gildi fyrsta lið fyrstu greinar laga frá 24. marz 1948, um bráðabirgðabreytingar nokkurra laga o.fl., svo ákvæði III. kafla laga nr. 44 frá 1946, um skyldu ríkis- og bæjarfélaga til fjárframlaga vegna útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis komi til framkvæmda.

Sigfús Sigurhjartarson fór af fundinum kl. 6, en Jónas Haralz kom í hans stað.

Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.
Tillögu fulltrúa Sósíalistaflokksins frestað til næsta fundar með samþykki flutningsmanna.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 3. nóv. lögð fram.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð fræðsluráðs frá 25. okt. lögð fram.
12. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.

VI. Kosning niðurjöfnunarnefndar.
Málinu frestað.

VII. Fundargerð framfærslunefndar frá 22. okt. lögð fram.

Fundargerð lesin og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.35.

Guðm. Ásbjörnsson.

| | |
|---|---|
| Gunnar Thoroddsen. | Pálmi Hannesson. |
| Björn Bjarnason. | Jóhanna Egilsdóttir. |
| Katrín Pálsdóttir. | Jón Axel Pétursson. |
| Stþ. Guðmundsson. | Jóhann Hafstein. |
| Jónas H. Haralz. | Hallgr. Benediktsson. |
| Sveinbjörn Hannesson. | F. V. Ólafsson. |

Auður Auðuns.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1948, fimmtudaginn 18. nóv., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum og hófst kl. 5 síðdegis. Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Auður Auðuns, Hallgrímur Benediktsson, Sveinbjörn Hannesson, Jóhann Hafstein, Sigfús Sigurhjartarson, Jónas Haralz, Jón Axel Pétursson, Pálmi Hannesson, Steinþór Guðmundsson, Jóhanna Egilsdóttir og Katrín Pálsdóttir.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 11. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 5. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 16. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 18. nóv. lögð fram.
Samþ. með öllum atkv. að taka málið á dagskrá.
Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.
Tillaga fulltrúa Sósíalistaflokksins frá bæjarstjórnarfundi 4. nóv., III. lið, var samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð fræðsluráðs frá 8. nóv. lögð fram.

VI. Fundargerðir hafnarstjórnar frá 2., 3., 6. og 16. nóv. lagðar fram.

VII. Fundargerð stjórnar Eftirlaunasjóðs frá 2. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VIII. Frv. að hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurhöfn.
Málinu vísað til 2. umr. með shlj. atkv.

IX. Kosning niðurjöfnunarnefndar.
Aðalmenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:

Björn Bjönrsson hagfr.
Sigurbjörn Þorkelsson kaupm.
Einar Ásmundsson hrl.
Haraldur Pétursson safnhúsv.
Zophónías Jónsson

Varamenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagr.:

Einar Erlendsson húsam.
Björn Snæbjörnsson kaupm.
Guttormur Erlendsson lögfr.
Eyjólfur Jónsson stud.jur.
Eggert Þorbjarnarson.

Formaður var tilnefndur án atkvæðagreiðslu:

Björn Björnsson hagfr.

Fundargerðin lesin og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Auður Auðuns.
Sveinbjörn Hannesson.
Sigfús Sigurhjartarson.
Katrín Pálsdóttir.
Jóhanna Egilsdóttir.
Stþ. Guðmundsson.

Jóhann Hafstein.
Guðrún Jónasson.
Hallgr. Benediktsson.
Þst. Árnason.
Jónas H. Haralz.
Jón Axel Pétursson.
Pálmi Hannesson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1948, fimmtudaginn 2. des., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum og hófst kl. 5 síðdegis. Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Sveinbjörn Hannesson, Hallgrímur Benediktsson, Sigurður Sigurðsson, Jóhann Hafstein. Sigfús Sigurhjartarson, Hannes Stephensen, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Pálmi Hannesson, Björn Bjarnason og Einar Olgeirsson.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.
Brunabótavirðingagjörðir, 31 að tölu, er bárust bæjarstjórninni með bréfi tryggingarfélagsins, dags. 17. nóv., samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 26. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 19. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð fræðsluráðs frá 22. nóv. lögð fram.
2. liður samþ. með shlj. atkv.
3. - - - - -

VI. Fundargerð framfærslunefndar frá 26. nóv. lögð fram.

V. Frv. að hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurhöfn, 2. umr.
Frv. samþ. með shlj. atkv.

Fundargerð lesin og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.50.

Guðm. Ásbjörnsson.

| | |
|---|---|
| Gunnar Thoroddsen. | Björn Bjarnason. |
| Pálmi Hannesson. | Jón Axel Pétursson. |
| Jóhanna Egilsdóttir. | Hannes M. Stephensen. |
| Einar Olgeirsson. | F.V. Ólafsson. |
| Sigfús Sigurhjartarson. | Guðrún Jónasson. |
| Hallgr. Benediktsson. | Sveinbjörn Hannesson. |
| Jóhann Hafstein. | Sigurður Sigurðsson. |

Fundargerð samþ. og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.

Guðm. Ásbjörnsson.

| | |
|---|---|
| F.V. Ólafsson. | Guðrún Jónasson. |
| Sveinbj. Hannesson. | Einar Erlendsson. |
| Þst. Árnason. | Hafsteinn Bergþórsson. |
| Sigfús Sigurhjartarson. | Jónas H. Haralz. |
| Hannes M. Stephensen. | Jón Axel Pétursson. |
| Jóhanna Egilsdóttir. | Pálmi Hannesson. |

Stþ. Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1948, fimmtudaginn 16. des., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum og hófst kl. 5 síðdegis. Voru þá komnir, auk borgarritara, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Sveinbjörn Hannesson, Einar Erlendsson, Þorsteinn Árnason, Sigfús Sigurhjartarson, Jónas Haralz, Hannes Stephensen, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Pálmi Hannesson, Steinþór Guðmundsson og Hafsteinn Bergþórsson.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.
Brunabótavirðingagjörðir, 49 að tölu, er bárust bæjarstjórninni með bréfi tryggingarfélagsins, dags. 9. des., voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 9. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 3. des. lögð fram.
Jón Axel Pétursson og Jóhanna Egilsdóttir báru fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórnin samþykkir að fela borgarstjóra og bæjarráði að efna til samkeppni meðal arkitekta um það, hvernig byggja megi heilsusamlegar hæfilegar tveggja og þriggja herbergja íbúðir á ódýrastan hátt.
> Skal miðað við það, að byggðar verði allt að 200 íbúðir.

Jónas Haralz bar fram svo hljóðandi viðbótartillögu:

> Í sambandi við þessa rannsókn yrði einnig athugaður kostnaður bæjarfélagsins við gatnagerð, holræsalagnir, raflagnir o.s.frv., og hvernig sá kostnaður verður á hverja íbúð með mismunandi húsagerð og skipulagi.

Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.
Tillaga um að vísa báðum þessum tillögum til bæjarráðs var felld með 7:7 atkv.
Tillaga Jóns Axels Péturssonar og Jóhönnu Egilsdóttur var samþ. með 7:1 atkv.
Viðbótartillaga Jónasar Haralz var samþ. með 7: 1 atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 10. des. lögð fram.
Tillaga um að fresta 12. lið fékk ekki nægan stuðning.
1. - 11. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga meiri hlutans í 12. lið samþ. með 8:4 atkv.
13. - 17. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með 7:1 atkv.

V. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 25. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð fræðsluráðs frá 6. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

Fundargerð samþ. og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.

Guðm. Ásbjörnsson.

F.V. Ólafsson.
Sveinbj. Hannesson.
Þst. Árnason.
Sigfús Sigurhjartarson.
Hannes M. Stephensen.
Jóhanna Egilsdóttir.

Guðrún Jónasson.
Einar Erlendsson.
Hafsteinn Bergþórsson.
Jónas H. Haralz.
Jón Axel Pétursson.
Pálmi Hannesson.

Stþ. Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1949, fimmtudaginn 6. jan., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum og hófst kl. 5 síðdegis. Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Hallgrímur Benediktsson, Friðrik Ólafsson, Guðmundur H. Guðmundsson, Sigurður Sigurðsson, Sigfús Sigurhjartarson, Björn Bjarnason, Jóhann Hafstein, Sveinbjörn Hannesson, Helgi Sæmundsson, Jóhanna Egilsdóttir, Steinþór Guðmundsson, Pálmi Hannesson, Jónas Haralz og Guðrún Jónasson.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð bæjarráðs frá 17. des. lögð fram.
8. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 28. des. lögð fram.
Fulltrúar Sósíalistaflokksins báru fram svo hljóðandi tillögur:

1. Bæjarstjórnin felur bæjarráði að kveðja til þess fagfróða menn að rannsaka nýtingu hitaveitunnar og leita orsaka óhóflegrar eyðslu, þar sem hún á sér stað. Einnig telur bæjarstjórnin óhjákvæmilegt, að haldið sé uppi reglubundnu eftirliti með einstökum hitunarkerfum, sem við hitaveituna eru tengd, og meðal annars gengið ríkt eftir því, að hverju hitunarkerfi fylgi miðstöðvarketill, sem grípa má til í viðlögum.

2. Bæjarstjórnin beinir því til hitaveitustjóra, hvort ekki sé tiltækilegt, að hitaveitan komi upp viðgerða- og upplýsingastöð, eða stöðvum, þar sem almenningur eigi greiðan aðgang að því að fá skyndiviðgerðir framkvændar, leiðbeiningar um meðferð heita vatnsins og lagfæringar á leiðslum, ef þess gerist þörf.

3. Bæjarstjórnin felur stjórn hitaveitunnar að vinna að því eftir megni, að unnt verði að létta á hitaveitunni þegar kaldast er, með lokun einstakra hitunarkerfa, eða jafnvel heilla bæjarhluta, ef við verður komið.

Tillögum þessum var vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.
Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð Eftirlaunasjóðsstjórnar frá 31. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð framfærslunefndar frá 28. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

Fundargerð lesin og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.05.

Hallgr. Benediktsson.

Gunnar Thoroddsen.
F.V. Ólafsson.
Guðm. H. Guðmundsson.
Sveinbjörn Hannesson.
Stþ. Guðmundsson.
Helgi Sæmundsson.

Guðrún Jónasson.
Sigurður Sigurðsson.
Sigfús Sigurhjartarson.
Jónas H. Haralz.
Jóhanna Egilsdóttir.
Björn Bjarnason.

Pálmi Hannesson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1949, fimmtudaginn 20. jan., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum og hófst kl. 5 síðdegis. Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Sigurður Sigurðsson, Sveinbjörn Hannesson, Hallgrímur Benediktsson, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Hannes Stephensen, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Pálmi Hannesson, Gísli Halldórsson og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 13. jan. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 7. jan. lögð fram.
Hannes Stephensen bar fram svo hljóðandi tillögu:

Þar sem atvinnuleysi vex nú hröðum skrefum í bænum, felur bæjarstjórn borgarstjóra og bæjarráði:

1. Að stöðva með öllu vinnuuppsagnir hjá bænum og stofnunum hans og taka í vinnu aftur tafarlaust eigi færri menn en sagt hefir verið upp síðan um áramót.
2. Að hlutast til um, að dagleg skráning atvinnuleysingja hefjist þegar í stað í vinnumiðlunarskrifstofunni.
3. Að beita áhrifum sínum á ríkisstjórn og vinnuveitendur, til þess að koma í veg fyrir að þessir aðilar segi verkamönnum upp vinnu.
4. Að hefja tafarlaust undirbúning að auknum framkvæmdum á vegum bæjarins og bæjarstofnana með það fyrir augum, að nóg atvinna verði fyrir alla Reykvíkinga.

Forseti las bréf frá Guðrúnu Gísladóttur, dags. 29. des., þar sem hún segir upp varamannsstarfi í barnaverndarnefnd Reykjavíkur.
Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.
Tillögu Hannesar Stephensen vísað til bæjarráðs með 10:4 atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 14. jan. lögð fram.

IV. Fundargerð hafnarstjórnar frá 11. jan. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Frumvarp að áætlun um tekjur og gjöld Reykjavíkurbæjar og stofnana hans árið 1949, fyrri umræða.
Forseti tilkynnti, að breytingartillögur við frv. skyldu vera komnar til borgarstjóra fyrir hádegi þann 31. jan.
Frv. vísað til 2. umr. með shlj. atkv.

Fundargerðin lesin og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Björn Bjarnason.
Hannes M. Stephensen.
Stþ. Guðmundsson.
Sigfús Sigurhjartarson.
Sig. Sigurðsson.

Gísli Halldórsson.

Pálmi Hannesson.
Jóhanna Egilsdóttir.
Jón Axel Pétursson.
Sveinbj. Hannesson.
Hallgr. Benediktsson.
F.V. Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1949, fimmtudaginn 3. febrúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum og hófst kl. 5 síðdegis. Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Gísli Halldórsson, Hallgrímur Benediktsson, Sigurður Sigurðsson, Jóhann Hafstein, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Hannes Stephensen, Helgi Sæmundsson, Jóhanna Egilsdóttir, Pálmi Hannesson og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Kosning forseta bæjarstjórnar og tveggja varaforseta.
Forseti var kosinn
Guðmundur Ásbjörnsson
með 8 atkv. en 7 seðlar voru auðir.

Fyrri varaforseti var kosinn
Hallgrímur Benediktsson
með 7 atkv. Guðmundur Ásbjörnsson fékk 1 atkv. en 7 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn
Auður Auðuns
með 8 atkv. en 7 seðlar voru auðir.

II. Kosning tveggja skrifara og tveggja til vara.
Skrifarar voru kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Friðrik Ólafsson
Björn Bjarnason.
Varamenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Sigurður Sigurðsson
Steinþór Guðmundsson.

III. Kosning 5 bæjarfulltrúa í bæjarráð og 5 bæjarfulltrúa til vara:
Aðalmenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:
Guðmundur Ásbjörnsson
Gunnar Thoroddsen
Jóhann Hafstein
Sigfús Sigurhjartarson
Jón Axel Pétursson.
Varamenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:
Bjarni Benediktsson
Hallgrímur Benediktsson
Friðrik Ólafsson
Björn Bjarnason
Jóhanna Egilsdóttir.

IV. Kosning 5 manna í framfærslunefnd og 5 til vara.
Aðalmenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:
Guðmundur Ásbjörnsson
Guðrún Jónasson
Auður Auðuns
Katrín Pálsdóttir
Soffía Ingvarsdóttir.
Varamenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:
Gunnar Thoroddsen
María Maack
Stefán A. Pálsson
Zophónías Jónsson
Jóhanna Egilsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

V. Kosning 3 manna í byggingarnefnd og 3 til vara.
Aðalmenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:
Guðmundur Ásbjörnsson
Ársæll Sigurðsson
Tómas Vigfússon.

Varamenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:
Einar Erlendsson
Magnús Árnason
Kjartan Ólafsson.

VI. Kosning hafnarstjórnar.
a) Kosning 3 bæjarfulltrúa í hafnarstjórn og 3 bæjarfulltrúa til vara.
Aðalmenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Friðrik Ólafsson
Hallgrímur Benediktsson
Jón Axel Pétursson.

Varamenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Jóhann Hafstein
Gunnar Thoroddsen
Pálmi Hannesson.

b) Kosning 2 manna utan bæjarstjórnar í hafnarstjórn og 2 til vara:
Aðalmenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Hafsteinn Bergþórsson
Sigurður Jóhannsson.

Varamenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Þórður Ólafsson
Hannes Stephensen.

VII. Kosning 3 manna í heilbrigðisnefnd.
a) bæjarráðsmanns.
Kosningu hlaut
Jóhann Hafstein.

b) verkfræðings í þjónustu bæjarins.
Kosningu hlaut
Bolli Thoroddsen.

c) óbundinni kosningu.
Kosningu hlaut
Sigurður Sigurðsson.

VIII. Kosning eins bæjarfulltrúa í sóttvarnanefnd.
Kosningu hlaut
Sigurður Sigurðsson.

IX. Kosning eins manns í stjórn Fiskimannasjóðs Kjalarnessþings.
Kosningu hlaut
Guðmundur Ásbjörnsson.

X. Kosning eins manns til að semja verðlagsskrá.
Kosningu hlaut
Þorsteinn Þorsteinsson.

XI. Kosning 3 bæjarfulltrúa í stjórn Eftirlaunasjóðs.
Kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Jóhann Hafstein
Auður Auðuns
Steinþór Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XII. Kosning 3 endurskoðenda bæjarreikninganna og 3 varamanna. Aðalmenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:

Ari Thorlacíus
Guðmundur Hjartarson
Ólafur Friðriksson.

Varamenn, kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:

Björn Steffensen
Árni Einarsson
Jón Brynjólfsson.

XIII. Kosning eins endurskoðanda styrktarsjóðs sjómanna- og verkamannafélaganna í Reykjavík.
Kosningu hlaut

Alfred Guðmundsson.

XIV. Kosning 2 endurskoðenda Musiksjóðs Guðjóns Sigurðssonar. Kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Eggert Claessen
Hallgrímur Jakobsson.

XV. Kosning 2 manna í veitingaleyfisnefnd og 2 varamanna. Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, er forseti merkti A og C. - Á A-lista var Kristinn Ág. Eiríksson en á C-lista dr. Jón Sigurðsson og Guðrún Jónasson. - A-listi fékk 5 atkv. og C-listi 10 atkv. Hlutu þannig kosningu:

Jón Sigurðsson af C-lista
Guðrún Jónasson - -

með hlutkesti milli hennar og Kristins Ág. Eiríkssonar af A-lista.

Varamenn voru kosnir:

Sigurður Sigurðsson
Kristín Sigurðardóttir.

XVI. Kosning varamanns í barnaverndarnefnd.
Kosningu hlaut

Hallfríður Jónasdóttir.

XVII. Brunabótavirðingar.
Brunabótavirðingagjörðir, 31 að tölu, er bárust með bréfi tryggingarfélagsins, dags. 28. jan., voru samþ. með shlj. atkv.

XVIII. Fundargerð bæjarráðs frá 21. jan. lögð fram.
3. liður samþ. með 11 : 3 atkv.
7. - - - shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

XIX. Fundargerð bæjarráðs frá 28. jan. lögð fram.
Tillaga um að fresta 14. lið var samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild, að undanskildum 14. lið, var samþ. með shlj. atkv.

XX. Fundargerð bæjarráðs frá 31. jan. lögð fram.

XXI. Fundargerð bæjarráðs frá 2. febr. lögð fram.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.

XXII. Fundargerð fræðsluráðs frá 18. jan. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

XXIII. Fundargerðir fræðsluráðs frá 24. og 25. jan. lagðar fram.

XXIV. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 20. jan. lögð fram.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XXV. Frv. að áætlun um tekjur og gjöld bæjarsjóðs og bæjarstofnana árið 1949, síðari umræða.
Þessar breytingartillögur og ályktunartillögur komu fram:

Frá bæjarfulltrúum Sósíalistaflokksins:

Tekjur:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Við | IV.6. | Hluti bæjarsjóðs af benzínskatti. Fyrir 50.000.00 komi | kr. | 90.000.- |
| - | V.1. | Skattur ríkisstofnana, samvinnufélaga og annara samkv. sérstökum lögum. Fyrir 1.500.000.- komi | - | 3.000.000.- |

Gjöld:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| - | VI.4.a. | Laun. Fyrir 400.000.- komi | - | 350.000.- |
| - | VI.4.g. | Önnur gjöld. Fyrir 70.000.- komi | - | 50.000.- |
| - | VIII.22. | Framlag til vetrarhjálpar. Liðurinn falli niður. | | |
| - | VIII.23. | Til vinnumiðlunar. Fyrir 200.000.- komi | - | 100.000.- |
| - | XI.8. | Mjólkur- lýsis og matgjafir til skólabarna. Fyrir 70.000.- komi | - | 570.000.- |
| - | XII. | Nýr liður. Til verkstjórasambands Íslands vegna verkstjóranámskeiða | - | 5.000.- |
| - | XII. | Nýr liður. Til félags ísl. frístundamálara | - | 25.000.- |
| - | XII.19. | Tónlistaskólinn. Fyrir 40.000.- komi | - | 60.000.- |
| - | XIV.4. | Til skógræktarfél. Reykjavíkur. Fyrir 30.000.- komi | - | 75.000.- |

Frá bæjarfulltrúum Alþýðuflokksins:

Tekjur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| III.b. | Meðlög frá barnsfeðrum. Liðurinn hækki, í stað 300.000.- komi | - | 600.000.- |
| V.1. | Skattur ríkisstofnana o.s.frv. Liðurinn hækki. Í stað 1.500.000.- komi | - | 3.000.000.- |

Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| I.2.b.c.d. | Liðirnir lækki, í stað 1.300.000.- samtals komi | - | 1.150.000.- |
| VI.4.a.f.g. | Liðirnir lækki, í stað 510.000.- samtals komi | - | 360.000.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| | VIII.23. | Til vinnumiðlunar. Liðurinn lækki, í stað 200.000.- komi | kr. 120.000.- |
| | XI.27. | Aftan við liðinn bætist: Þar af til trjáplöntunar í bæjarlandinu, framkvændri af 12 - 13 ára börnum barnaskólanna undir handleiðslu kennara | - 15.000.- |
| | XII.23. | Nýr liður: Til líkneskis Skúla Magnússonar landfógeta, 1. fjárv. | - 100.000.- |
| | XII.24. | Nýr liður: Til eftirlits og leiðbeiningar í leikvallagæzlu á leikvöllum bæjarins og launahækkunar gæzlukvenna | - 30.000.- |
| | XIII.10. | Nýr liður: Til sundlaugarbyggingar í Vesturbænum, 1. greiðsla | - 250.000.- |
| | XIII.11. | Nýr liður: Til lagfæringar á Beneventum og Eskihlíð | - 50.000.- |
| | XIV. | Nýr liður, er verði 1, liðatalan breytist eftir því: Til verklegra framkvæmda og atvinnuaukningar samkv. sérstökum samþykktum bæjarstjórnar | - 3.000.000.- |
| | XVIII.7. | Nýr liður: Til byggingar fullkomins barnaheimilis, auk barnahælissj. Thorvaldsensfél. og barnahælissj. Reykjavíkur, 1. greiðsla | - 150.000.- |
| | XVIII.8. | Nýr liður: Til æskulýðshallar, gegn framlagi úr ríkissjóði, 1. greiðsla | - 150.000.- |
| | XX. | Til lánveitinga Sogsvirkjunar. Liðurinn falli niður og bíði ákvörðunar, þar til sýnt er endanlega um skattaframtöl fyrirtækja og almennings. | |

<u>Frá bæjarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins:</u>

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gjl. | VIII.3. | Nýr liður: Til mæðrastyrksnefndar, byggingarstyrkur vegna sumarheimilis fyrir mæður og börn | - 75.000.- |
| - | VIII.4. | Í stað 172.000.- kr. komi | - 200.000.- |
| - | XII.19. | (Tónlistaskólinn) Í stað 40.000.- komi | - 80.000.- |
| - | XII. | Nýr liður: Til verkstjórasmbands Íslands. vegna námskeiðs fyrir verkstjóra | - 5.000.- |
| - | XIV.4. | (Skógræktarfél. Rvíkur) Í stað 30.000.- komi | - 60.000.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá Guðrúnu Jónasson:

Gjl. VIII. Nýr liður:
Til Bandalags kvenna
vegna þinghalds kr. 1.500.-

Frá bæjarfulltrúum Alþýðuflokksins:

I. Á árunum 1919 - 1939 skiptist togaraeign landsmanna þannig, að 64.33% þeirra voru í Reykjavík en 35.67% utan Reykjavíkur. Við úthlutun nýsköpunartogaranna raskaðist hlutfall þetta þannig, að úthlutað var til Reykjavíkurbæjar, einstaklinga og félaga, sem nú eru í bænum, 16 skipum eða 50%, en til staða utan Reykjavíkur 16 skipum eða 50%. Auk þess er í smíðum einn togari fyrir eigendur utan Reykjavíkur.
Þessi mál standa því þannig, að togaraeign Reykvíkinga verður á yfirstandandi ári 16 ný skip og 8 af eldri gerð, en utan Reykjavíkur 17 ný skip og 10 af eldri gerð.
Samtímis hefir fólki fjölgað um tugi þúsunda í bænum. Með tilliti til ofangreindra staðreynda og augljósrar þarfar bæjarins á fleiri togurum, þá samþykkir bæjarstjórn að gera þá kröfu til ríkisstjórnarinnar, að Reykjavík fái eigi færri en 7 - 8 af hinum nýju togurum, sem samið hefir verið um smíði á í Englandi.

II. Framkvæmdasjóður.
Bæjarstjórn samþykkir að láta renna í framkvæmdasjóð það af stríðsgróðaskatti, sem umfram verður eina milljón króna af því, sem kemur í hlut bæjarins.

III. Bæjarstjórn samþykkir að hefja byggingu íbúðarhúsa í stórum stíl til viðbótar húsum þeim, sem verið er að ljúka. Skal lögð á það megináherzla að koma upp eigi færri en 200 tveggja og þriggja herbergja einföldum heilsusamlegum íbúðum.
Í þessu sambandi samþykkir bæjarstjórn að fela borgarstjóra og bæjarráði að haga byggingarframkvæmdum þannig, að byggð verði þriggja hæða sambyggð hús með sameiginlegri upphitun á svæðum innan bæjarins, þar sem vatns-, skolp- og rafleiðslur eru fyrir hendi og auðvelt verður síðar meir, ef vatnsmagnið leyfir það, að tengja þau kostnaðarlítið við hitaveituna.

IV. Bæjarstjórnin samþykkir að heiðra minningu Skúla Magnússonar landfógeta með því að láta gera af honum líkneski og reisa það, ef kostur er, á þeim slóðum í bænum, þar sem áhrifa og forgöngu gætti mest. Felur bæjarstjórnin borgarstjóra og bæjarráði forgöngu málsins og samþykkir sem fyrstu greiðslu til verksins krónur 100.000.-.

V. Sökum aflabrests undanfarin tvö sumur og óvissu þeirrar, er ríkir um innflutning á ýmsu því, er til atvinnu heyrir, vegna takmarkaðs gjaldeyris, samþykkir bæjarstjórn að leggja til hliðar af tekjum yfirstandandi árs krónur 3.000.000.- með það fyrir augum að geta, ef þess gerist þörf, gert hvorttveggja í senn, veitt aukna atvinnu og innt af höndum nauðsynlegar framkvæmdir fyrir bæjarfélagið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VI. Með tilliti til þess, að stór svæði í bænum eru með öllu án leikvalla eða opinna svæða, er nota mætti til leikja, en þar er búsettur mikill fjöldi barna, sem ekki hafa annað en göturnar og þrönga húsagarða til leikja, þá samþykkir bæjarstjórnin: Að láta gera á þessu ári tvo nýja leikvelli á svæðinu Laugavegur, Hverfisgata, Lindargata milli Klapparstíg og Barónsstígs og við Bergstaðastræti eða þar um slóðir. Skal búa þá leiktækjum og gæzlu.
Þá samþykkir bæjarstjórnin ennfremur að ráða í sína þjónustu sérfræðing í barnagæzlu (konu) til þess að hafa á hendi leiðbeiningar og eftirlit á hinum ýmsu leikvöllum, er bærinn starfrækir.

VII. Reykjavíkurbær hefir í sinni vörslu Barnahælissjóð Thorvaldsensfélagsins og Barnahælissjóð Reykjavíkur. Samtals nema þeir um 200.000.- krónum.
Hann hefir á leigu í öðru byggðarlagi, yfir 60 km. frá bænum, húsnæði fyrir barnaheimili og ráðgerir að verja til þess heimilis á yfirstandandi ári 140.000.- krónum. Með tilliti til þess, að mjög óhentugt verður að teljast að reka slíka starfsemi svo fjarri bænum og að hentugt húsnæði er ekki fyrir hendi hér, en brýn nauðsyn á að koma þessum málum í betra horf, þá samþykkir bæjarstjórn:

> Að fela borgarstjóra og bæjarráði að láta hefja í samráði við stjórn Thorvaldsensfélagsins undirbúning að byggingu fullkomins barnaheimilis í grend við bæinn og byrja framkvæmdir strax og nauðsynlegum undirbúningi er lokið.

VIII. Með tilliti til hinna stórfelldu framkvæmda, sem þegar er lokið og framundan bíða og óhjákvæmilegar eru vegna hins öra vaxtar bæjarins og þess, að rekstur bæjarfélagsins verður stöðugt af eðlilegum ástæðum umfangsmeiri, ályktar bæjarstjórnin að kjósa fjögra manna nefnd til þess að gera tillögur um breytingar á framkvæmdastjórn bæjarmálefnanna. Jafnframt skal nefndin taka til athugunar, hvort eigi sé tímabært að gera breytingar á því fyrirkomulagi, sem nú gildir um álagningu skatta og útsvara til bæjarins.

IX. Þar sem sýnt er, að upphæð sú, sem jafnað verður niður með útsvörum á þessu ári, verður svo há, að ókleift verður að jafna þeim réttlátlega niður, ef bannað er að leggja útsvör á þann hluta tekna einstaklinga og fyrirtækja, sem er yfir 200 þús.kr., skorar bæjarstjórn á Alþingi að nema þetta ákvæði úr lögum.

## Frá bæjarfulltrúum Sósíalistaflokksins:

I. Húsnæðismál.

Þar sem húsnæðisvandræðin í Reykjavík virðast síður en svo fara þverrandi, telur bæjarstjórnin nauðsynlegt:

1) að lagður verði á stóríbúðaskattur, eða ef það ekki fæst, tekin upp skömmtun íbúðarhúsnæðis.

2) að allt íbúðarhúsnæði í bænum verði skráð og opinber aðili annist alla leigusamningagerð og innheimti húsaleigu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3) að heilbrigðisnefnd hefji nú þegar eftirlit með íbúðum samkvæmt 34. gr. hinnar nýju heilbrigðissamþykktar.

4) að tryggð verði sem allra bezt nýting byggingarefnis með því meðal annars að stöðva með öllu byggingu óhóflega stórra og íburðarmikilla íbúða.

5) að tryggð verði sem bezt hagnýting vinnu og peninga, sem til íbúðarbygginga gengur, meðal annars með því að skipuleggja íbúðarhúsabyggingar í bænum í heild, láta sérfræðinga gera ítarlegar rannsóknir á hvaða byggingarfyrirkomulag og hverskonar starfsaðferðir henti bezt (sbr. samþ. bæjarstjórnar) og sameina byggingarframkvæmdir á færri hendur en verið hefir, þannig að byggingarfélög, sem starfa samkv. lögum um opinbera aðstoð við íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum og bæjarfélagið annist þær fyrst og fremst.

6) að keppt verði að því marki að reisa 600 íbúðir á árinu, enda hefir hagfræðingur bæjarins fært rök fyrir því í skýrslu sinni um "húsnæðismál og byggingarstarfsemi í Reykjavík 1928 - 1947", að húsnæðisþörfinni í heild verði ekki sæmilega fullnægt, eins og nú standa sakir, með færri en 500 - 600 nýjum íbúðum á ári, enda verði veitt nauðsynleg fjárfestinga- og innflutningsleyfi í þessu skyni, og leyfisveitingum hagað þannig, að tryggt sé að þeir hafi forgang að íbúðunum, sem búa í heilsuspillandi íbúðum eða eru húsnæðislausir.

7) að þriðja kafla laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum komi til framkvænda nú þegar.

Bæjarstjórn skorar því á Alþingi, ríkisstjórn og fjárhagsráð, að gera fyrir sitt leyti nauðsynlegar ráðstafanir til að framanskráð stefna í húsnæðismálum Reykjavíkur verði framkvæmanleg.

II. Sparnaður í rekstri bæjarins og nýir tekjustofnar fyrir bæinn.

Bæjarstjórnin telur nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að létta útsvarsbyrðar bæjarbúa og þá einkum launamannanna, sem búa við síversnandi afkomu. Þessum tilgangi telur hún að verði náð með því:

1) að gæta hins ýtrasta sparnaðar í öllum rekstri bæjarins og bæjarstofnana.

2) að afla bænum nýrra tekjustofna.

Bæjarstjórnin felur því borgarstjóra og bæjarráði að gæta hins ýtrasta sparnaðar í rekstri bæjarins og bæjarstofnana og skorar á Alþingi að setja lög, er veiti bæjarfélögum rétt á einkarekstri kvikmyndahúsa og eignarnámsheimild á þeim kvikmyndahúsum, sem nú eru starfandi og sama rétt gagnvart framleiðslu hverskonar gosdrykkja, öls og sælgætis, svo Reykjavíkurbær geti tekið þessar starfsgreinar í sínar hendur og tryggt bæjarsjóði hagnað af rekstri þeirra.

III. Atvinnumál.

Þar sem atvinnuhorfur eru nú lakari en verið hefir síðastliðin ár, ákveður bæjarstjórnin, í samræmi við marg- yfirlýsta stefnu, að auka framkvæmdir bæjarins að sama skapi sem dregur úr framkvæmdum annara aðilja,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þannig að ætíð verði næg atvinna handa öllum Reykvíkingum, og felur borgarstjóra og bæjarráði að gera hið bráðasta áætlun um hvaða framkvæmdir komi til greina í þessu sambandi og í hvaða röð. Til þessara atvinnuaukninga gangi þær 3 millj., sem ákveðið var á fundi bæjarstjórnar 5. júlí 1948 að verja til aukningar atvinnulífsins.

IV. Bæjarútgerð.

Bæjarstjórn telur, að rétt sé stefnt með þeim vísi að bæjarútgerð, sem þegar er hafin, og að aðeins með því að stórútgerðin í Reykjavík verði þjóðnýtt í höndum bæjarfélagsins sé hægt að tryggja, að hún verði rekin með það höfuðsjónarmið fyrir augum að bæta úr atvinnuþörf bæjarbúa. Bæjarstjórnin telur því rétt að auka bæjarútgerðina eftir því sem ástæður leyfa og komi til þess að rekstur hinna nýju togara verði stöðvaður, skorar hún á Alþingi að heimila bænum að taka þá eignarnámi, svo tryggður verði rekstur þessara stórvirku framleiðslutækja.

V. Bæjarbúskapur og gróðurhúsarækt.

Bæjarstjórnin leggur á það ríka áherzlu að haldið verði áfram að auka búskap og gróðurhúsarækt bæjarins og að undirbúningur undir fullkomna nýtingu hins ræktanlega bæjarlands verði hraðað sem mest.

VI. Sogsvirkjun.

Bæjarstjórnin telur, að allt of seint hafi gengið með undirbúning að virkjun Sogsins og felur því borgarstjóra og bæjarráði að gera allt sem auðið er til að hraða framkvæmdum verksins og tekur í því sambandi sérstaklega fram, að gera verði þegar í stað ráðstafanir til að tryggja peninga og erlendan gjaldeyri til framkvæmdanna, svo og vélar.

VII. Ályktun um málefni úthverfanna.

Bæjarstjórnin ályktar að fela skipulagsmönnum, í samráði við þær stofnanir bæjarins, sem hlut eiga að máli, að gera áætlun um það, hvernig úthverfum bæjarins verði séð fyrir þeim sameiginlegu þægindum, er þar vantar nú mest, svo sem samkomuhúsum, barnaskólum, leikvöllum, dagheimilum, aðsetursstað fyrir póst og síma, lyfjabúðum, viðunandi samgöngum, löggæzlu, brunavörnum o.s.frv. Verði áætlun gerð um það, hvaða framkvæmdir séu nauðsynlegar til að fullnægja þessum þörfum, hver kostnaður þeirra verði og á hve skömmum tíma þær geti farið fram og í hvaða röð þeim skuli hrundið af stað og hvernig sé hagkvæmast að haga framkvæmdum. Við þessa áætlunargerð skal hafa samráð við þau félög, sem nú eru starfandi í úthverfum eða kunna að verða stofnuð til að vinna að verklegum og menningarlegum framfaramálum þessara hverfa.

VIII. Barnaleikvellir o.fl.

Bæjarstjórn telur mjög miður farið, að nefnd sú, sem skipuð var fyrir meira en ári, til að gera tillögur um leikvelli og dagheimili, leikskóla, vöggustofur o.fl. varðandi uppeldisskilyrði fyrir börn, hefir enn eigi skilað áliti, og felur borgarstjóra að álit hennar verði lagt fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu eigi síðar en á komandi vori.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IX. Fiskverzlun.

Bæjarstjórnin samþykkir að gera nú þegar ráðstafanir til að hin fyrirhugaða Fisksölumiðstöð taki til starfa hið bráðasta. Þar verði neyzlufiskur bæjarbúa hreinsaður og undirbúinn fyrir sölu áður en hann fer í fiskbúðirnar.

X. Vinnustofa fyrir öryrkja.

Bæjarstjórnin telur nauðsynlegt, að haldið verði áfram þeim athugunum, sem hafnar eru á því, hvort bærinn og Tryggingarstofnun ríkisins geti haft samvinnu um að koma upp og reka vinnustofu fyrir öryrkja og lasburða fólk og leggur ríka áherzlu á nauðsyn þess að koma slíkri stofnun upp hið allra fyrsta.

XI. Útsvarsmál.

Bæjarstjórnin beinir því til niðurjöfnunarnefndar að athuga sérstaklega eftirfarandi atriði í sambandi við ákvörðun útsvarsstiga við niðurjöfnun útsvara á árinu 1949:

1. Að árstekjur undir kr. 9.000.- verði ekki útsvarsskyldar.
2. Að útsvarslækkun fjölskyldumanna verði eigi minni en 450 krónur fyrir hvert barn á framfærslualdri, enda komi sú lækkun jafnt til greina á lægri tekjum sem hærri.
3. Að útsvör á launafólki verði ákveðin lægri en undanfarin ár, miðað við útsvarsskyldar tekjur, þar sem opinberlega er viðurkennt, að launagreiðslur haldist ekki einu sinni í hendur við skráða verðlagsvísitölu, hvað þá við raunverulega dýrtíð í landinu.
4. Að tekið verði tillit til húsaleigugreiðslu útsvarsgjaldenda við ákvörðun útsvarsins.

Frá bæjarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins:

I. Framkvæmdasjóður.

Bæjarstjórnin samþykkir að láta renna í framkvæmdasjóð það af stríðsgróðaskatti, sem umfram verður 1 millj., sem kemur í hlut bæjarins.

II. Fávitahæli.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi og ríkisstjórn að koma sem fyrst á fót fávitahæli eins og l. nr. 18 frá 1936 gera ráð fyrir.

III. Bæjarstjórn ítrekar ályktun sína frá 7. okt. s.l. um nauðsyn þess að bæta úr sjúkrahússkortinum í bænum. Felst bæjarstjórn á aðgerðir borgarstjóra í málinu síðan, bæði hvað snertir ráðagerðir um fjáröflun og skipun nefndar þ. 28. des. s.l., til þess að undirbúa byggingu bæjarsjúkrahúss og hjúkrunarheimilis. Leggur bæjarstjórn áherzlu á, að nefndin hraði störfum sínum eftir því sem verða má.
Jafnframt skorar bæjarstjórn á Alþingi að veita af hálfu ríkisvaldsins nauðsynlegt fé til þessara mála, svo sem lög gera ráð fyrir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Treystir bæjarstjórn því, að fjárhagsráð veiti nauðsynleg fjárfestingarleyfi til þessara framkvæmda, og sérstaklega að ekki standi á leyfi til byggingar heilsuverndarstöðvar, sem nú er verið að gera teikningu af, hefir verið ákveðin lóð og ætlast er til að byrjað verði að byggja í sumar.
Þá vill bæjarstjórn ennfremur beita sér fyrir því, að bætt verði úr sjúkrarúmaskortinum til bráðabirgða, á meðan byggingu bæjarsjúkrahúss og hjúkrunarheimilis er ekki lokið, með því að stuðla að því, að tekið verði til afnota fyrir sjúklinga lítt notað húsrúm í Landakotsspítala og það húsrúm í Landsspítalanum, sem nothæft er fyrir sjúklinga en nú er notað fyrir starfsfólk, og athugaðir möguleikar til viðbótarbygginga í Arnarholti og Elliheimilinu.
Loks árétttar bæjarstjórn fyrri ályktun um byggingu farsótta- og sóttvarnahúss í samvinnu við ríkið.

IV. Steinsteyptar götur.

Á síðastliðnu vori ákvað bæjarráð að láta hefja verkfræðilegan undirbúning þess að steinsteypa 2 mestu umferðargötur bæjarins, Skúlagötu og Hringbraut. Bæjarstjórnin samþykkir að byrja á þeim framkvæmdum á þessu ári. Hún leggur áherzlu á, að við steypuna verði hagnýtt nýjasta tækni og skorar á fjárhagsráð og viðskiptanefnd að veita nauðsynleg leyfi í þessu skyni.

V. Skólagarðar og unglingavinna.

Bæjarstjórnin lýsir ánægju sinni yfir þeim tilraunum, er gerðar voru á síðastliðnu sumri með skólagarð og unglingavinnu. Telur bæjarstjórnin sjálfsagt að halda hvorri tveggja þessari starfsemi áfram í stærri stíl en áður, þar sem reynslan hefir þegar sýnt hin hollu áhrif skólagarðs og unglingavinnu á æskufólkið.

VI. Íþróttamál.

Bæjarstjórnin leggur ríka áherzlu á, að framkvæmdar verði að fullu á þessu ári fyrri tillögur Laugardalsnefndar um framkvæmdir vegna íþróttasvæðisins í Laugardalnum, þannig að lokið verði við aðalframræslu Laugardalsins og lokræsagerð á íþróttasvæðinu hraðað eftir því sem kostur er, um leið og jafnað verði á komandi sumri svæðið undir sjálfan aðalleikvanginn, enda verði haldið áfram og lokið hið fyrsta nauðsynlegum mælingum á íþróttasvæðinu.
Jafnframt sé að því stefnt að hefja undirbúningsframkvæmdir við sundlaugabyggingar í Laugardalnum á næsta hausti.
Ennfremur vill bæjarstjórnin halda áfram að koma upp æfingasvæðum í hinum ýmsu bæjarhlutum og styðja íþróttafélögin, sem vinna að því sjálf að koma upp og fullgera eigin félagssvæði og félagsheimili.

VII. Útvegs- og hafnarmál.

Allir hinir nýju togarar og vélbátar, sem bærinn stuðlaði að kaupum á, eru nú komnir til bæjarins að þremur undanskildum, þ.á.m. tveim dieseltogurum, sem bærinn á. Þessir togarar koma allir til bæjarins á næstu vikum. Ríkisstjórnin hefir nú samið um kaup á 10 togurum til viðbótar, sem munu koma til landsins aðtveim árum liðnum, og hefir bæjarstjórnin viljað tryggja, að 7 þeirra verði gerðir út frá bænum.
Bæjarstjórnin hefir, sem kunnugt er, tekið þátt í að koma upp tveim nýjum síldarverksmiðjum í bænum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vegna hinnar miklu útgerðaraukningar mun bæjarstjórn leggja áherzlu á að bæta aðstöðu til útgerðar í bænum, eftir því sem fjárfestingarleyfi og fé fæst til. Nú er verið að ljúka við nýja bryggju, austan á Faxagarði, þar sem afgreiða má þrjá togara í einu. Efni er og fengið til styrkingar og lengingar bryggju við Ingólfsgarð, og verður hafist handa um það verk að lokinni Faxagarðsbryggju. Eftir þessa breytingu verður þar afgreiðslupláss fyrir tvo til þrjá togara.
Unnið verði á þessu sumri að því að byrja á lengingu Ingólfsgarðs og á nýrri trébryggju milli Ingólfsgarðs og Faxagarðs. Haldið verði áfram uppfyllingu austan Grandagarðs, til aukins öryggis bátaflotans og bættrar aðstöðu síldariðnaðarins.
Unnið verði að því að bæta aðstöðu til viðgerða skipa í bænum.
Lokið verði við lagningu Mýrargötu, sem opnuð hefir verið að athafnasvæði vesturhafnarinnar.

VIII. Skattamál.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi að bæta aðstöðu sveitarfélaganna til tekjuöflunar, m.a. með því að breyta gildandi skattalöggjöf í það horf, að hlutur sveitarsjóða af stríðsgróðaskatti verði aukinn upp í 75 af hundraði.

IX. Innheimta meðlaga.

Bæjarstjórnin telur, að innheimta barnsmeðlaga hafi gengið miklu verr en vera ætti, fyrst og fremst vegna þess, að ekki hefir verið fært að beita skuldunauta þeim viðurlögum fyrir vanskil, sem lög standa til. Skorar bæjarstjórn á Alþingi og ríkisstjórn að gera ráðstafanir til þess, að nægilegt hælisrými verði tiltækt, svo að unnt verði fyrir bæinn að framfylgja innheimtu meðlaga af fullum krafti.

X. Sameiginleg stjórn fyrir hæli og sjúkrahús bæjarins.

Bæjarstjórn felur bæjarráði og borgarstjóra að athuga, hvort eigi væri hagkvæmt að setja hæli þau og sjúkrahús, sem bærinn rekur, undir sameiginlega stjórn, til aukins samræmis, sparnaðar og sameiginlegra innkaupa við starfsemi þessara stofnana.

XI. Sparnaður.

Bæjarstjórn ákveður að veita borgarstjóra heimild til þess að ráða mann, innlendan eða erlendan, til þess að gera tillögur um sparnað og hagkvæmni í rekstri bæjarfélagsins og einstakra bæjarstofnana.

XII. Útrýming herskála.

Á tveim síðustu árum hafa nær 200 herskálar í bænum verið rifnir og jafnaðir við jörðu að tilhlutun bæjarins. Bæjarstjórnin leggur áherzlu á, að þeirri stefnu verði fylgt áfram að útrýma herskálunum eins fljótt og fært þykir og sérstaklega, að þeir skálar, sem losna úr íbúð, verði rifnir jafnharðan, en ekki látnir öðrum til íbúðar.

XIII. Rafmagnsmál.

Varastöðin við Elliðaár var tekin í notkun á síðastliðnu ári og framleiðir rúm 8000 kílówött af rafmagni. Hefir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sú stöð þegar sannað tilverurétt sinn og miklu þýðingu. Unnið hefir verið jafnt og þétt að undirbúningi hinnar miklu nýju Sogsvirkjunar, sem á rúmlega að tvöfalda þá raforku, sem nú er framleidd. Liggja nú fyrir endanlegar tillögur íslenzkra og erlendra sérfræðinga um virkjunartilhögun og útboðslýsingar tilbúnar.
Bæjarstjórn telur brýna nauðsyn bera til þess að hraða sem mest framkvæmd þessarar virkjunar og að megináherzla sé lögð á að afla fjár til virkjunarinnar.

XIV. Jarðhitarannsóknir.

Í framhaldi af þeim athugunum á jarðhitasvæðinu í Hengli, sem gerðar hafa verið, leggur bæjarstjórn Reykjavíkur áherzlu á, að hafnar séu jarðboranir á Hengilsvæðinu og keyptur til þess stórvirkur nýtízku jarðbor.

XV. Hitaveitan.

Á síðastliðnu ári var lokið undirbúningi undir að leiða til bæjarins það heita vatn, sem fengist hefir við boranir í Mosfellsdal, en hitaréttindi hefir bærinn áður tryggt sér á 3 jörðum þar. Voru framkvæmdir hafnar á síðastliðnu hausti. Leggur bæjarstjórnin áherzlu á, að hinni nýju hitaveituleiðslu verði lokið næsta haust, og skorar á innflutnings- og gjaldeyrisyfirvöldin að veita til þess nauðsynleg leyfi, enda myndi gjaldeyriskostnaður við hina nýju leiðslu vinnast upp á 1 - 2 árum vegna sparnaðar á aðkeyptu eldsneyti.

XVI. Barnahæli.

Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir að láta skipuleggja landssvæði í nágrenni Reykjavíkur fyrir barnahæli og uppeldisstofnanir.

XVII. Leikvellir.
(dagskrártill. við 6. till. Alþýðuflokksins og 8. till. Sósíalistaflokksins).

Þar sem leikvallanefnd hefir eigi skilað endanlegum tillögum um leikvelli og dagheimili, vegna þess að athugunum hennar og skýrslusöfnun er aðeins nýlokið, felur bæjarstjórnin nefndinni að vinna áfram að málum þessum og sér því ekki ástæðu til þess að afgreiða nú einstök atriði þeirra.

XVIII. Líkneski Skúla Magnússonar.
(Dagskrártillaga við IV. ályktunartill. Alþýðufl.)

Bæjarstjórnin telur æskilegt, að gert verði líkneski af Skúla Magnússyni landfógeta. En þar sem Verzlunarmannafélag Reykjavíkur hefir á fundi í nóv. s.l. samþykkt að beita sér fyrir því máli og kosið nefnd manna til þess að vinna að því og afla fjár til þess, telur bæjarstjórnin ekki ástæðu til þess á þessu stigi að samþykkja fjárveitingu í þessu skyni.

XIX. Atvinnuaukning og verklegar framkvæmdir.
(Jafnframt dagskrártill. við V. ályktunartill. Alþýðufl. og III. ályktunartill. Sósíalistafl.)

Það er stefna bæjarstjórnar Reykjavíkur að stuðla að því af fremsta megni, eftir því sem fjárhagur bæjarins og gjaldþol bæjarbúa leyfir, að jafnan sé næg atvinna handa þeim bæjarbúum, sem hér eru löglega búsettir, svo að böl atvinnuleysisins þurfi ekki að þjá Reykvíkinga.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að þessu marki vill bæjarstjórnin vinna með því annarsvegar, að örvað sé eftir föngum hið frjálsa atvinnu- og athafnalíf í bænum og hinsvegar að bærinn hafi með höndum verklegar framkvæmdir, sem geri hvorttveggja í senn að auka lífsþægindi og fá Reykvíkingum vinnu í hendur. Í því frumvarpi til fjárhagsáætlunar fyrir árið 1949, sem liggur hér fyrir til afgreiðslu, eru veittar rúmar 20 milljónir til margvíslegra verklegra framkvæmda á vegum bæjarsjóðs og auk þess 8 millj. á vegum bæjarstofnana, eða samtals 28 millj. kr. Auk þess verður væntanlega byrjað á hinni nýju Sogsvirkjun á þessu ári. Bæjarstjórnin telur ekki fært að auka útsvarsbyrði bæjarbúa með því að bæta nú milljóna framlögum við þær miklu verklegu framkvæmdir, sem eru ráðgerðar í fjárhagsáætlun bæjarins.

XX. Uppeldisstofnanir.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi að veita á þessu ári fé til byggingar uppeldisstofnana fyrir börn og ungmenni, sem lent hafa á glapstigu, sbr. 37. gr. laga um vernd barna og ungmenna.

XXI. Húsnæðismál.

(Jafnframt dagskrártill. við 1. till. Sósíalistafl. og 3. till. Alþýðufl.)

Bæjarstjórn Reykjavíkur ítrekar þá ákvörðun, sem tekin var í sambandi við umsóknir um fjárfestingarleyfi í des. s.l. að koma upp 200 íbúðum.
Að tilhlutun borgarstjóra hefir nefnd manna unnið að því undanfarna mánuði að finna leiðir til þess að koma upp sem ódýrustum varanlegum 2 - 4 herbergja íbúðum, með það fyrir augum, að menn geti unnið sjálfir við smíði þeirra að verulegu leyti, ef þeir óska þess. Væntir bæjarstjórnin, að tillögur þessar og skýrslur verði lagðar fyrir bæjarstjórn mjög bráðlega til afgreiðslu.

Fundarhlé kl. 8.10 - 9.40.

Kl. 9.40 var fundinum haldið áfram og voru þá komnir allir þeir sömu bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar sem áður sátu fundinn. Komu þá fram þessar tillögur:

Frá borgarstjóra:

Brtt. við tekjulið V.l.
Fyrir 1.500.000.- komi: kr. 2.500.000.-

Frá bæjarráði:

Bæjarstjórnin skorar á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að sett verði fyllri löggjöf um eignar- og afnotarétt á jarðhita, þar sem tryggður verði eftir föngum réttur ríkisins og sveitarfélaga til að leita eftir jarðhita og hagnýta hann í þágu almennings.

Frá bæjarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins:

Brtt. við gjaldlið XII. Nýr liður:
Til myndlistaskóla félags ísl. frístundamálara kr. 15.000.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá borgarstjóra:

XX. gjaldliður orðist þannig:
Til lánveitingar vegna Sogsvirkjunar eða til annara verklegra framkvæmda eftir ákvörðun bæjarstjórnar síðar á árinu, 1.500.000.-.

Frá bæjarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins:

Aftan við X. ályktunartillögu flokksins bætist:
Sé leitað tilboða í frjálsri samkeppni um viðskipti í stærri stíl og innkaup gerð þar sem hagkvæmast þykir hverju sinni.

Frá Gísla Halldórssyni:

1. Með tilvísun til samþykktar bæjarstjórnar frá 5. febr. 1948, þar sem bæjarstjórnin lýsir yfir,"að hún telur nauðsynlegt:

   1. að hið fyrsta verði framkvæmdar vatnsrennslismælingar í Innstadal í Hengli, svo að gengið verði úr skugga um, hversu mikið vatnsmagn er þar að meðaltali og þegar minnst er.

   2. að hafist sé handa um tilraunaboranir á þessum slóðum, til að rannsaka magn og orku gufunnar.

   3. að þegar næg gögn eru fyrir hendi, sé gerð áætlun um virkjunarkostnað gufu til hita- og rafmagnsframleiðslu fyrir Reykjavíkurbæ"
   og þar sem bæjarstjórnin vísar til fyrri samþykkta bæjarstjórnar og Alþingis frá 10. marz 1944 og óskar þess, "að borgarstjóri og bæjarráð beiti sér fyrir því, að skriður komist á rannsóknirnar og þ.á.m. að til þeirra séu keypt nauðsynleg tæki svo sem jarðbor" samþykkir bæjarstjórn að harma það seinlæti, sem einkennt hefir þessar framkvæmdir og sem m.a. lýsir sér í því, að fjárveitingar bæjarstjórnar frá 1947 og 1948, samtals að upphæð ein milljón krónur, hafa ekki verið notaðar nema að sára litlu leyti. Engar vatnsrennslismælingar verið framkvæmdar, enginn jarðbor keyptur og engar jarðboranir framkvæmdar á því svæði, sem helzt væri hugsanlegt að hagnýta mætti með tilliti til hitaveitu fyrir Reykjavík.
   Með tilliti til þess, að jarðhitasamvinnunefnd ríkis og bæjar mun nú hinsvegar hafa lokið teoretiskum athugunum sínum um hið meinta eðli jarðhitans á Hengilsvæðinu og skilað um þetta efni ýtarlegri skýrslu til borgarstjóra, og þar eð nefndin mun nú telja það næsta verk sitt að gera kaup á fullkomnum bortækjum og hefja vatnsrennslismælingar og jarðboranir samkvæmt fyrirmælum bæjarstjórnar frá 5. febr. 1948, samþykkir bæjarstjórn að veita enn á ný fé til þessara framkvæmda. Miðast upphæðin að þessu sinni við kr. 400 þúsund og skal þetta fé leggjast í sérstakan sjóð, er verði tiltækilegur til verkfærakaupa, enda þótt kaupin vegna afgreiðslufrests geti ekki farið fram á þessu ári nema að einhverju leyti, og þar sem vitað er, að fullkomin boráhöld með leðjudælum og öðrum útbúnaði muni kosta eitthvað á aðra milljón krónur.
   Fjárveiting þessi miðast eins og fyrri fjárveitingar í þessu skyni við það, að á móti komi jafnhátt framlag frá ríkinu.

2. Með tilvísun til samþykktar bæjarstjórnar frá 5. febrúar 1948 um hreinsun syðri tjarnarinnar á því ári með tilliti til fegrunar bæjarins og hugsanlegs sjóbaðstaðar, endurtekur bæjarstjórn ósk sína um það, að framkvæmdir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verði hafnar sem allra fyrst. Jafnframt óskar bæjarstjórn þess, að tillögur og áætlanir Gísla Halldórssonar verkfræðings um sjóbaðstað, sem legið hafa til athugunar hjá bæjarverkfræðingi, verði sem fyrst lagðar fyrir bæjarstjórn.

Kl. 12 bar forseti undir atkvæði, hvort fundi skyldi haldið áfram eftir miðnætti. Var það samþ. með öllum þorra atkv. gegn einu.

Nokkru eftir miðnætti fóru af fundinum Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson og Pálmi Hannesson, en í þeirra stað komu Þorsteinn Árnason, Sveinbjörn Hannesson og Guðjón Teitsson.

Fundarhlé kl. 2 - 2½.

Atkvæðagreiðsla:

Tekjur:

| | |
|---|---|
| I.1.- III.a. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. III.b. felld með 9:2 atkv. |
| III.b. | samþ. með shlj. atkv. |
| III.c. - IV.4. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sós.fl. IV.6. felld með 9:4 atkv. |
| IV.6. | samþ. með shlj. atkv. |
| IV.7. - 8. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. og Sós.fl. V.1. felldar með 8:6 atkv. |
| | Brtt. borgarstjóra V.1. samþ. með shlj.atkv. |
| V.2. - 5. | samþ. með shlj. atkv. |

Gjöld:

| | |
|---|---|
| I.1.a. - 2.a. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. I.2.b.-d. felld með 8:3 atkv. |
| I.2.b. - d. | samþ. með shlj. atkv. |
| I.2.e. - VI.3.f. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. VI.4.a.f. og g. felld með 8:3 atkv. |
| | Brtt. bæjarráðs VI.4.a. samþ. með shlj.atkv. |
| VI.4.b. - f. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sósfl. VI.4.g. felld með 8:4 atkv. |
| VI.4.g. | samþ. með shlj. atkv. |
| VII.1. - VIII.3. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. bæjarráðs VIII.4. samþ. með shlj.atkv. |
| VIII.5. - 21. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sós.fl. VIII.22. felld með 8:4 atkv. |
| VIII.22. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sós.fl. VIII.23. felld með 8:5 atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. VIII.23. felld með 8:7 atkv. |
| VIII.23. | samþ. með shlj. atkv. |
| VIII.24. - 25. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Guðr.Jónasson VIII. samþ.með shlj.atkv. |
| | Brtt. bæjarráðs VIII. samþ. með shlj. atkv. |
| IX.1. - XI.7. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Sós.fl. XI.8. felld með 8:4 atkv. |
| XI.8. | samþ. með shlj. atkv. |
| XI.9. - 26. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. XI.27. felld með 8:5 atkv. |
| XI.27. | samþ. með shlj. atkv. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| XII.1. - 3. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. bæjarráðs XII.4. samþ. með shlj.atkv. |
| XII.5. - 12. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. bæjarráðs XII.13. samþ.með shlj.atkv. |
| XII.14. - 18. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. bæjarráðs XII.19. samþ.með shlj.atkv. |
| XII.20. - 22. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. bæjarráðs XII. (verkstjórasamb.) samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. XII.23. felld með 10:2 atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. XII.24. felld með 8:2 atkv. |
| | Brtt. Sós.fl. XII. (frístundamálarar) felld með 9:6 atkv. |
| | Brtt. Sjálfst.fl. XII. (frístundamálarar) samþ. með shlj. atkv. |
| XIII.1. - 6. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. bæjarráðs XIII.7. samþ.með shlj.atkv. |
| XIII.8. - 9. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. XIII.10. felld með 8:6 atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. XIII.11. felld með 9:2 atkv. |
| XIV.1. - 2. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. bæjarráðs XIV.3. samþ. með 14:1 atkv. |
| | Brtt. bæjarráðs XIV.4. samþ. með shlj.atkv. |
| XIV.5. - 8. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. bæjarráðs XIV.9. samþ. með shlj.atkv. |
| XIV.10. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. XIV. (verklegar framkv.) felld með 8:2 atkv. |
| | Brtt. bæjarráðs XIV. (Heiðmörk) samþ. með shlj. atkv. |
| XV. - XVIII.6. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. XVIII.7. (barnahæli) felld með 8:2 atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. XVIII. (æskulýðshöll) felld með 8:2 atkv. |
| XIX. | samþ. með shlj. atkv. |
| | Brtt. Alþ.fl. XX. felld með 8:2 atkv. |
| | Brtt. borgarstjóra XX. samþ. með shlj.atkv. |
| | Tekjuliður VI. með breytingum samkv. atkvæðagreiðslunni samþ. með shlj. atkv. |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Áætlun | bæjarsjóðs | samþ. | með | shlj. | atkv. |
| - | áhaldahúss | - | - | - | - |
| - | Korpúlfsstaðabús | - | - | - | - |
| - | garðyrkjustöðvar | - | - | - | - |
| - | grjótnáms | - | - | - | - |
| - | sandnáms | - | - | - | - |
| - | pípugerðar | - | - | - | - |
| - | sundhallar | - | - | - | - |
| - | bæjarþvottahúss | - | - | - | - |
| - | vatnsveitu | - | - | - | - |
| - | hitaveitu | - | - | - | - |
| - | strætisvagna | - | - | - | - |
| - | gasstöðvar | - | - | - | - |
| - | rafmagnsveitu | - | - | - | - |
| - | sogsvirkjunar | - | - | - | - |
| - | hafnarsjóðs | - | - | - | - |

| | |
|---|---|
| I. | till. Sjálfst.fl. samþ. með shlj. atkv. Dagskrártill. Sjálfst.fl. við V. till. Alþ.fl. og III. till. Sós.fl. samþ. með 8:6 atkv. |
| VIII. | till. Sjálfst.fl. (skattamál) samþ. með shlj. atkv. |
| XI. | till. Sjálfst.fl. (sparnaður) samþ. með shlj. atkv. |
| VIII. | till. Alþ.fl. (nefndarskipun) vísað til bæjarráðs með shlj. atkv. |
| II. | till. Sós.fl. (sparnaður o.fl.) felld með 8:6 atkv. |
| IX. | till. Sjálfst.fl. (innheimta meðlaga) samþ. með shlj. atkv. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X. till. Sjálfst.fl., ásamt viðbótartillögu (stjórn hæla) samþ. með shlj. atkv.
III. till. Sjálfst.fl. (sjúkrahúsmál) samþ. með shlj. atkv.
II. till. Sjálfst.fl. (fávitahæli) samþ. með shlj. atkv.
XII. till. Sjálfst.fl. (herskálar) samþ. með shlj. atkv.
Dagskrártill. Sjálfst.fl. við I. till. Sós.fl. og III. till. Alþ.fl. samþ. með 8:6 atkv.
VII. till Sjálfst.fl. (útvegs- og hafnarmál) samþ. með shlj. atkv.
IV. till. Sós.fl. (bæjarútgerð) felld með 8:6 atkv.
XI. till. Sós.fl. (útsvarsmál) vísað til bæjarráðs með 8:5 atkv.
X. till. Sós.fl. (öryrkjavinnustofa) samþ. með shlj. atkv.
V. till. Sjálfst.fl. (skólagarðar) samþ. með shlj. atkv.
Dagskrártill. Sjálfst.fl. við VI. till. Alþ.fl. og VIII. till. Sós.fl. samþ. með 8:7 atkv.
VII. till. Alþ.fl. (barnahæli) vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.
IV. till. Sjálfst.fl. (steinsteyptar götur) samþ. með shlj. atkv.
XIII. till. Sjálfst.fl. (rafmagnsmál) samþ. með 8:2 atkv.
VI. till. Sós.fl. (Sogsvirkjun) felld með 8:4 atkv.
VI. till. Sjálfst.fl. (íþróttamál) samþ. með shlj. atkv.
XIV. till. Sjálfst.fl. (jarðhitarannsóknir) samþ. með shlj. atkv.
Tillaga bæjarráðs samþ. með shlj. atkv.
XV. till. Sjálfst.fl. (hitaveita) samþ. með shlj. atkv.
I. till. Gísla Halldórssonar (jarðboranir) vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.
V. till. Sós.fl. (bæjarbúskapur) samþ. með shlj. atkv.
IX. till. Sós.fl. (fiskverzlun) vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.
VII. till. Sós.fl. (málefni úthverfa) vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.
Dagskrártill. Sjálfst.fl. við IV. till. Alþ.fl. samþ. með shlj. atkv.
XVI. till. Sjálfst.fl. (barnahæli) samþ. með shlj. atkv.
XX. till. Sjálfst.fl. (uppeldisstofnanir) samþ. með shlj. atkv.
Tillögu Gísla Halldórssonar (Tjörn) vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.

Tillaga um að fela forseta og skrifurum að ganga frá fundarbókinni og undirskrifa fundargerðina var samþ. með shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 6.20.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1949, fimmtudaginn 17. febr., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum og hófst kl. 5 síðdegis. Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Hallgrímur Benediktsson, Pálmi Hannesson, Sigfús Sigurhjartarson, Hannes Stephensen, Þorsteinn Árnason, Jóhanna Egilsdóttir, Friðrik Ólafsson, Sigurður Sigurðsson, Jóhann Hafstein, Ísleifur Högnason, Steinþór Guðmundsson, Helgi Sæmundsson og Guðrún Jónasson.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 10. febr. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 8. febr. lögð fram. Borgarstjóri, Sigfús Sigurhjartarson, Helgi Sæmundsson og Pálmi Hannesson báru fram svo hljóðandi tillögu:

"Þegar bæjarstjórnin stofnaði Sameignarfélagið Faxa með hlutafélaginu Kveldúlfi, til starfrækslu síldarverksmiðju í Örfirisey, þá var það gert í trausti þess, að fullt öryggi væri fyrir því, að samfara hinni nýju vinnsluaðferð þeirrar verksmiðju væri hvorki um að ræða óþrif í höfninni eða á verksmiðjustaðnum, né ódaun , er legði yfir bæinn. Hefir verksmiðjan verið reist þannig, að þessum megilskilyrðum verði fullnægt.
Að gefnu tilefni lýsir bæjarstjórnin því yfir, að hún muni því aðeins leyfa vinnslu úr öðrum hráefnum í verksmiðjunni, að framangreindum skilyrðum sé fullnægt".

Sigfús Sigurhjartarson bar fram svo hljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórn beinir þeim eindregnu tilmælum til skipulagsnefndar og skipulagsmanna bæjarins, að þeir leggi sem allra fyrst fyrir bæjarstjórn heildartillögur um skipulag miðbæjarins (milli Garðastrætis og Þingholtsstrætis) svo og hvernig það verði tengt aðalumferðakerfi bæjarins, og telur ekki tímabært að taka afstöðu til einstakra skipulagsatriða innan þessa bæjarhluta, fyrr en slíkar heildartillögur hafa verið samþykktar".

Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.
Tillaga borgarstjóra o.fl. samþ. með shlj. atkv.
Fyrri hluti till. Sigfúsar Sigurhjartarsonar (aftur að: og telur ekki tímabært) samþ. með shlj. atkv.
Síðari hluta sömu till. vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 11. febr. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð fræðsluráðs frá 14. febr. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð hafnarstjórnar frá 15. febr. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð framfærslunefndar frá 1. febr. lögð fram.

Fundargerð lesin og undirrituð.

Fundi slitið kl. 7.50.

F.V. Ólafsson.
Þst. Árnason.
Helgi Sæmundsson.
Pálmi Hannesson.

Guðm. Ásbjörnsson.
Guðrún Jónasson.
Sigurður Sigurðsson.
Jóhann Hafstein.
Ísleifur Högnason.
Stþ. Guðmundsson.

Hallgr. Benediktsson.
Sigfús Sigurhjartarson.
Hannes M. Stephensen.
Jóhanna Egilsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1949, fimmtudaginn 3. mars, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum og hófst kl. 5 síðdegis. Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Hallgrímur Benediktsson, Sigurður Sigurðsson, Sigfús Sigurhjartarson, Björn Bjarnason, Steinþór Guðmundsson, Hannes Stephensen, Gísli Halldórsson, Helgi Sæmundsson, Jóhann Hafstein, Jóhanna Egilsdóttir og Pálmi Hannesson.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 24. febr. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 18. febr. lögð fram.
Fulltrúar Sósíalistaflokksins báru fram svo hljóðandi tillögu:

> Þar sem ljóst er, að stöðvun togaraflotans veldur þjóðinni, Reykjavíkurbæ og Bæjarútgerð Reykjavíkur lítt bærilegu tjóni, skorar bæjarstjórnin á alla þá, sem hlut eiga að máli að gera allt, sem auðið er, til að ljúka togaradeilunni tafarlaust.
> Fari svo, mót von bæjarstjórnar, að deilan dragist á langinn, heimilar hún bæjarráði, í samráði við sjávarútvegsnefnd, að leita samkomulags við stjórnir annara bæjarútgerða um að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma bæjartogurunum á veiðar.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Vegna þess mikla tjóns, sem stöðvun togaraflotans hefir í för með sér fyrir bæjarfélagið og þjóðina í heild, skorar bæjarstjórn Reykjavíkur eindregið á alla aðila deilunnar að gera sitt ítrasta til þess að deilan leysist sem allra fyrst.

1. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillaga borgarstjóra og fyrri hluti till. Sósíalistafl. samþ. með shlj. atkv.
Síðari hluta till. Sósíalistaflokksins vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 25. febr. lögð fram.
Frumvarpi að samningi, er um getur í 13. lið, vísað til 2. umræðu með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 11. febr. lögð fram.

V. Fundargerð framfærslunefndar frá 25. febr. lögð fram.

Fundargerð lesin og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 5.55.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Pálmi Hannesson.
Helgi Sæmundsson.
Stþ. Guðmundsson.
Jóhann Hafstein.
Hallgr. Benediktsson.
Guðrún Jónasson.

Björn Bjarnason.
Jóhanna Egilsdóttir.
Hannes M. Stephensen.
Sigfús Sigurhjartarson.
Sigurður Sigurðsson.
Gísli Halldórsson.
F. V. Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1949, fimmtudaginn 17. marz, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum og var settur kl. 5 síðdegis. Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Sigurður Sigurðsson, Guðrún Jónasson, Gísli Halldórsson, Hallgrímur Benediktsson, Guðmundur H. Guðmundsson, Sveinbjörn Hannesson, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Hannes Stephensen, Jón Axel Pétursson, Helgi Sæmundsson, Björn Bjarnason og Pálmi Hannesson.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.
Brunabótavirðingagjörðir, 35 að tölu, er bárust bæjarstjórninni með bréfi tryggingarfélagsins, dags. 2. marz, voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 10. marz lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 4. marz lögð fram.
Fulltrúar Sósíalistaflokksins báru fram svo hljóðandi tillögur:

1. Bæjarstjórn skorar á fjárhagsráð að draga nú ekki lengur úthlutun fjárfestingarleyfa til íbúðarhúsabygginga í Reykjavík á árinu 1949.
2. Bæjarstjórnin lýsir óánægju sinni yfir því, að fjárhagsráð skuli hafa synjað Reykvíkingum einum um umbeðin fjárfestingaleyfi til íbúðabygginga á árinu 1948, eins og fram hefir komið í umræðum á Alþingi. Sérstaklega átelur bæjarstjórnin það, að sveitarfélög þau, er að Reykjavík liggja, skuli hafa átt greiðari aðgang að fjárfestingaleyfum í þessu skyni en bæjarbúar. Skorar bæjarstjórnin á fjárhagsráð, að láta slíkt misrétti ekki endurtaka sig, heldur verði að einhverju leyti bætt úr því með auknum fjárfestingarleyfum til íbúðabygginga hér á yfirstandandi ári.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi dagskrártillögu við tillögur fulltrúa Sósíalistaflokksins:

Bæjarstjórn Reykjavíkur telur, eftir þeim rannsóknum, sem fram hafa farið á húsnæðisþörfinni í bænum, að byggja þurfi a.m.k. 600 nýjar íbúðir á þessu ári í Reykjavík og skorar á fjárhagsráð að veita fjárfestingarleyfi fyrir þeirri tölu. Hinsvegar telur bæjarstjórnin þær vítur í garð fjárhagsráðs, er fram koma í tillögu Sósíalistaflokksins, ekki nægilega rökstuddar, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Sigfús Sigurhjartarson fór af fundinum kl. 6.15 en Jónas Haralz kom í hans stað.

Jón Axel Pétursson og Helgi Sæmundsson báru fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin samþykkir að fela borgarstjóra að gera nú þegar ráðstafanir til þess að unnt verði að láta í té lóðir fyrir 500 - 600 íbúðir, svo að einstaklingum ~~gefist~~ og félögum gefist kostur á því að fá byggingarlóðir strax að fengnu leyfi.

Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.
Fyrri hluti dagskrártillögu borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.
Síðari hluti sömu tillögu samþ. með 10:4 atkv.
Tillögu Jóns Axels Péturssonar og Helga Sæmundssonar vísað til bæjarráðs með 12:3 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 11. marz lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð fræðsluráðs frá 14. marz lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 25. febr. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VIII. Frv. að sameignarsamningi um Sogsvirkjunina, - 2. umræða.

Samningurinn er svo hljóðandi:

....................................

....................................

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir frv. það, er fyrir liggur, að samningi milli ríkisstjórnarinnar og bæjarstjórnar Reykjavíkur, um að Sogsvirkjunin verði sameign þeirra, og veitir borgarstjóra umboð til þess að undirrita samninginn fyrir hönd bæjarins.

Tillaga þessi var samþ. með öllum atkv.

Fundargerð lesin og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.20.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen. Björn Bjarnason.
Sig. Sigurðsson. Helgi Sæmundsson.
Jón Axel Pétursson. Guðm. H. Guðmundsson.
Jónas H. Haralz. Þst. Árnason.
Sveinbjörn Hannesson. Gísli Halldórsson.
Guðrún Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1949, fimmtudaginn 7. apríl, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum og hófst kl. 5 síðdegis. Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessi bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Einar Erlendsson, Hallgrímur Benediktsson, Sveinbjörn Hannesson, Jóhann Hafstein, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Jónas Haralz, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Pálmi Hannesson og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 6. apríl lögð fram.
Tillaga um að fresta 4. lið var samþ. með shlj. atkv.
Tillaga um að fresta 29. lið var samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 18. mars lögð fram.
Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórn Reykjavíkur lýsir megnri andúð á ofbeldisárás þeirri, er gerð var 30. mars s.l. á Alþingi, í því skyni að trufla starfsfrið þess og hindra löglega kosinn þingmeirihluta frá afgreiðslu máls. Bæjarstjórnin fordæmir atferli þeirra manna, er tóku þátt í árásinni, hvöttu til hennar eða mögnuðu hana, og settu þannig smánarblett á höfuðborg landsins. Bæjarstjórnin telur sjálfsagt, að þeir verði látnir sæta ábyrgð að lögum, er sekir reynast.
Bæjarstjórnin vottar lögreglu Reykjavíkur traust sitt og viðurkenningu fyrir stillingu og þrek við skyldustörf sín til verndar sjálfræði Alþingis."

Pálmi Hannesson bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við þessa tillögu:

"Fyrsta málsgrein orðist svo:
Bæjarstjórn Reykjavíkur ályktar að lýsa megnri andúð á óspektum þeim, er urðu hér í bæ miðvikudaginn 30. mars síðastliðinn.
Orðalag breytist samkvæmt því á síðari málsgreinum."

Fulltrúar Sósíalistaflokksins báru fram svo hljóðandi breytingartillögu:

"Tillagan orðist svo:
Bæjarstjórnin vítir harðlega þá ráðstöfun Sjálfstæðisflokksins að vopna flokksmenn sína og beita þeim til árása á friðsaman almenning við Alþingishúsið 30. mars s.l., svo og framferði lögreglustjóra þennan dag og það tiltæki formanna þingflokka þeirra, er að ríkisstjórninni standa, að stefna almenningi að þinghúsinu og siga síðan á hann hvítliðum og lögreglu, búna kylfum og gassprengjum".

Út af tillögu bæjarfulltrúa Sósíalistaflokksins óska bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins bókað, að tilhæfulaust er með öllu, að Sjálfstæðisflokkurinn hafi vopnað nokkra flokksmenn sína eða beitt þeim til árásar á friðsaman almenning - þvert á móti tóku flokksmenn Sjálfstæðisflokksins, ásamt flokksmönnum hinna lýðræðisflokkanna, sér varnarstöðu neðfram Alþingishúsinu og stóðu þar margar klukkustundir samfleytt undir látlausu grjót- og aurkasti þess óspektarlýðs, sem kommúnistar höfðu æst til ofbeldisverka. Viku þeir aldrei af staðnum og sýndu í einu og öllu fádæma og lofsverða stillingu.

Í tilefni af bókun bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins óska bæjarfulltrúar Sósíalistaflokksins bókað: Það er alkunnugt og ómótmælt af bæjarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins, að menn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeir, er vopnaðir kylfum réðust út úr Alþingishúsinu og hófu árásir á þann mannsöfnuð, er þar var saman kominn þann 30. mars s.l., voru valdir úr pólitískum félögum Sjálfstæðisflokksins. Hvort vopnun þessa liðs hefir verið framkvænd af Sjálfstæðisflokknum eða lögreglustjóranum í Reykjavík, með samþykki eða fyrirmælum dómsmálaráðherra, og skipunin um árásina gefin af sama aðila, skiptir í þessu sambandi ekki máli.
Jafnframt vísa bæjarfulltrúar Sósíalistaflokksins á bug margendurteknum ummælum um að Sósíalistaflokkurinn hafi hvatt til óspekta og staðið að þeim við þinghúsið þann 30. mars s.l.

Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.
Tillaga fulltrúa Sósíalistaflokksins felld með 11:4 atkv.
Breytingartillaga Pálma Hannessonar felld með 8:1 atkv.
Fyrri hluti tillögu borgarstjóra samþ. með 11:4 atkv.
Síðari hluti sömu tillögu samþ. með 11:4 atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 1. apríl lögð fram.
Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin samþykkir að fela borgarstjóra og bæjarráði að láta fara fram gagngera viðgerð á Sundhöllinni að lokinni skólasundkennslu."

Jón Axel Pétursson og Jóhanna Egilsdóttir báru fram svo hljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin samþykkir að veita forstöðumanni Verkamannaskýlisins og konu hans, eftir rúmlega 25 ára þjónustu, lausn frá störfum með eftirlaunum og sjá þeim einnig fyrir hæfilegu húsnæði svo þau geti flutt úr skýlinu.
Jafnframt samþykkir bæjarstjórnin að láta fara fram nú með vorinu gagngerar endurbætur og breytingar á Verkamannaskýlinu og leggja í það hitaveitu og skapa skilyrði til þess, að verkamenn eigi þess kost að fá veitingar með sanngjörnu verði og neyta matar þess, er þeir kunna að hafa með sér að heiman."

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin samþykkir að gefa Barnavinafélaginu Sumargjöf fyrirheit um, að starfrækja megi um ókomin ár barnaheimili á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbletti XVI. (Steinahlíð), þar sem skilyrði geti verið til að kenna börnum trjárækt og matjurtarækt. Heitir bæjarstjórnin því, að skerða ekki landið meira en leiðir af breikkun Suðurlandsbrautar (lagningu Gnoðarvogs) og lagningu fyrirhugaðs Elliðaárvogs um austurhluta landsins.
Í stað lóðaskáka, sem þannig verða sneiddar af landinu, mun bæjarstjórnin gefa félaginu kost á viðbótarlandi, norðvestan við Steinahlíðarlandið, ca. 1.4 ha. að flatarmáli".

3. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Jóns Axels Péturssonar og Jóhönnu Egilsdóttur samþ. með shlj. atkv.
Tillögu Jóns Axels Péturssonar vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.
Tillaga borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 4. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 5. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VI. Fundargerð hafnarstjórnar frá 16. mars lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 5. apríl lögð fram. Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.

VIII. Kosning tveggja manna í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, og tveggja endurskoðenda Sparisjóðsins. Stjórnendur voru kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Helgi H. Eiríksson
Ólafur H. Guðmundsson.

Endurskoðendur voru kosnir á sama hátt:

Björn Steffensen
Halldór Jakobsson.

IX. Fundargerð framfærslunefndar frá 24. apríl lögð fram.

Fundargerðin lesin og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 11.40.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
F.V. Ólafsson.
Einar Erlendsson.
Sveinbjörn Hannesson.
Stþ. Guðmundsson.
Jóhanna Egilsdóttir.
Björn Bjarnason.

Guðrún Jónasson.
Hallgr. Benediktsson.
Sigfús Sigurhjartarson.
Jón Axel Pétursson.
Pálmi Hannesson.
Jóhann Hafstein.
Jónas Haralz

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1949, fimmtudaginn 5. maí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum og hófst kl. 5 síðdegis. Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Guðjón Einarsson, Guðmundur H. Guðmundsson, Sveinbjörn Hannesson, Þorsteinn Árnason, Sigfús Sigurhjartarson, Hannes Stephensen, Jónas Haralz, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Pálmi Hannesson og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 26. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 6. apríl, 29. liður. Ályktun byggingarnefndarinnar var synjað með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 19. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 22. apríl lögð fram.
Björn Bjarnason bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórn felur borgarstjóra að leita nú þegar samninga við Félag bifvélavirkja, fyrir hönd Strætisvagnanna og annara fyrirtækja bæjarins, er vinnustöðvun bifvélavirkjanna snertir.

Jóhanna Egilsdóttir bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórnin samþykkir að fela borgarstjóra og bæjarráði að hlutast til um, að sett verði leiktæki á alla þá leikvelli, sem hægt er að nota, þótt ógirtir séu. Á það einkum við úthverfin, Sigtún - Nóatún, Laugarneshverfi - Vogahverfi, Sundahverfi - Hlíðahverfi, Kaplaskjólshverfi.

Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.
Tillögu Björns Bjarnasonar vísað til bæjarráðs með 9:3 atkv.
Tillögu Jóhönnu Egilsdóttur vísað til leikvallanefndar með 8:6 atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 26. apríl lögð fram.
19. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 29. apríl lögð fram.
Fulltrúar Sósíalistaflokksins báru fram svo hljóðandi dagskrártillögu við 9. lið:

> Bæjarstjórnin telur, að ekki komi til mála, að horfið verði frá þeirri reglu, sem fylgt hefir verið, að kostnaður sængurkvenna á fæðingardeild Landsspítalans sé greiddur að fullu af opinberu fé, og þar sem enn er ekki ákveðið, hve mikið Sjúkrasamlag Reykjavíkur telur sér fært að greiða í þessu skyni, telur bæjarstjórnin ekki tímabært að ákveða hækkun daggjalda og fæðingarstofugjalda, sbr. 9. lið fundargerðar bæjarráðs frá 29. apríl, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

5. liður samþ. með shlj. atkv.
Dagskrártillaga fulltrúa Sósíalistaflokksins við 9. lið felld með 9:5 atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 27. apríl lögð fram.

VIII. Fundargerð fræðsluráðs frá 11. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IX. Fundargerð fræðsluráðs frá 2. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X. Fundargerð framfærslunefndar frá 26. apríl lögð fram.

Fundargerðin lesin og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Björn Bjarnason.
Jón Axel Pétursson.
Jónas H. Haralz.
Þst. Árnason.
Guðm. H. Guðmundsson.
F.V. Ólafsson.

Pálmi Hannesson.
Jóhanna Egilsdóttir.
Hannes Stephensen.
Sigfús Sigurhjartarson.
Sveinbj. Hannesson.
Guðjón Einarsson.
Guðrún Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1949, fimmtudaginn 19. maí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í kaupþingssalnum og hófst kl. 5 síðdegis. Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Guðrún Jónasson, Einar Erlendsson, Guðmundur H. Guðmundsson, Sigurður Sigurðsson, Þorsteinn Árnason, Jóhann Hafstein, Sigfús Sigurhjartarson, Jónas Haralz, Hannes Stephensen, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Pálmi Hannesson og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 12. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 9. maí lögð fram.
Sigurður Sigurðsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn Reykjavíkur lýsir ánægju sinni yfir því, að hin nýja mjólkurstöð er nú loks tekin til starfa. Jafnframt vill hún eigi láta hjá líða að benda á, að hún telur bæjarbúum öruggast og ákjósanlegast, að öll mjólk, sem seld er frá stöðinni beint til neytenda, verði afgreidd á tilluktum ílátum. Felur hún borgarstjóra í samráði við heilbrigðisnefnd og stjórn mjólkursamsölunnar að fá gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að svo megi verða og með sem minnstum kostnaði, sem framast verður komist af með.

Jóhann Hafstein og Guðmundur Ásbjörnsson báru fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarráði að kjósa 5 manna nefnd til þess að rannsaka framkvæmdir við gatnagerð bæjarins með það fyrir augum, að hagnýtt verði fullkomnasta tækni og fyllstu hagsýni gætt. Nefndin skal gera áætlun um fyrirhugaðar framkvæmdir og skipulag gatnagerðarinnar til langs tíma og gera að öðru leyti tillögur til úrbóta í þessum málum.

Flutningsmenn báru fram svo hljóðandi breytingartillögu við þessa tillögu:

1. Í stað "5 manna nefnd", komi: 3 manna nefnd.
2. Niðurlag tillögunnar orðist: og gera að öðru leyti tillögur til úrbóta og vera bæjarráði til ráðuneytis í þessum málum.

Sigurður Sigurðsson fór af fundinum kl. 6 en Guðjón Einarsson kom í hans stað.

Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Sigurðar Sigurðssonar samþ. með shlj. atkv.
Fellt með 8:4 atkv. að vísa tillögu Jóhanns Hafsteins og Guðmundar Ásbjörnssonar til bæjarráðs.
Tillagan, ásamt breytingartillögu samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 10. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 13. maí lögð fram og samþ. með öllum greiddum atkv. gegn einu.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 16. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 18. maí lögð fram.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn Reykjavíkur ítrekar ályktun sína frá 3. febr. s.l., um að ráðast í byggingu 200 íbúða, eða svo margra þeirra, sem fjárfestingarleyfi fæst fyrir, með þeim hætti og þeim skilmálum í aðalatriðum, er hér segir:

1. Byggja skal tveggja hæða hús með fjórum, tveggja, þriggja og fjögurra herbergja íbúðum hvert, samkv. frumdráttum Sigmundar Halldórssonar húsameistara.

2. Húsin skulu reist á svæðinu milli Bústaðavegs og hitaveitustokks, Grensásvegs og Réttarholtsvegs.

3. Bæjarsjóður lætur gera húsin fokheld, húða þau að utan og leggja í þau hitunarkerfi.

4. Bæjarsjóður leitar tilboða í smíði húsanna í einu lagi, miðað við að þau verði fokheld fyrir næstu áramót. Skal leitað tvennskonar tilboða:

   a. Í húsin fokheld, húðuð utan og með hitunarkerfi.

   b. Í húsin fullgerð.

5. Bæjarsjóður selur einstaklingum íbúðirnar fokheldar, húðaðar utan og með hitunarkerfi.

6. Bæjarsjóður lánar kaupanda gegn 1. veðrétti í íbúðinni þá fjárhæð, sem bæjarsjóður leggur fram til þeirrar íbúðar samkv. 3. lið. Lánið endurgreiðist með jöfnum mánaðar eða ársgreiðslum á 50 árum með 3% ársvöxtum.

7. Kaupandi greiðir við undirskrift samnings 10 - 20 þúsund krónur sem tryggingarfé, en fær það endurgreitt eftir því sem smíði hússins miðar áfram, allt eftir nánari reglum, er bæjarráð setur.

8. Kaupendur taka að sér að ljúka íbúðunum eins og byggingarsamþykkt Reykjavíkur mælir fyrir. Skulu þeir hafa fullgert íbúð sína, að dómi byggingarfulltrúa innan tveggja ára frá því er íbúðin var fokheld, húðuð utan og miðstöð lögð.

9. Ef kaupandi vill selja íbúð sína, á bæjarsjóður forkaupsrétt að henni fyrir það verð, er bæjarsjóður lagði fram í byrjun, sbr. 3. lið, að viðbættu matsverði óvilhallra manna á verðmæti þess, sem kaupandi hefir gert íbúðinni til góða, að frádreginni hæfilegri fyrningu.

10. Íbúðirnar skulu auglýstar til umsóknar og skal við úthlutun miðað við þessi megin-sjónarmið:

    a. Að þeir Reykvíkingar, sem lengi hafa búið í bænum, gangi fyrir.

    b. Að barnafjölskyldur hafi forgangsrétt.

    c. Að fólk, sem er húsnæðislaust eða býr í herskálum eða öðrum heilsuspillandi íbúðum, gangi fyrir öðrum.

    d. Að bærinn fái ráðstöfunarrétt á þeirri íbúð, sem flutt er úr, ef kostur er og bæjarráð óskar.

Bæjarstjórn felur bæjarráði að setja nánari reglur og skilmála um byggingu og sölu þessara íbúða.

Pálmi Hannesson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn Reykjavíkur telur mjög æskilegt, að tekin verði upp ræktun íslenskra plantna til nota við kennslu í skólum bæjarins og leggur fyrir fræðslufulltrúa að rannsaka og gera tillögur um, hversu því verði best fyrir komið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi breytingartillögur við tillögu borgarstjóra:

1. Við 1. lið: Aftan við liðinn bætist: og 3 - 4 hæða sambyggingar í líkingu við verkamannabústaðina við Hringbraut, með 6 - 8 íbúðum í hverju húsi.

2. Við 2. lið: Liðurinn orðist svo: Skulu húsin reist á þeim svæðum þar sem vatns-, skólp- og rafleiðslur eru fyrir hendi og auðvelt verður að tengja þau við hitaveituna.

Sami bæjarfulltrúi bar fram svo hljóðandi tillögu:

Í þessu sambandi samþykkir bæjarstjórnin að fela borgarstjóra að ganga nú þegar ríkt eftir því við fjárhagsráð, að nauðsynleg fjárfestingarleyfi verði veitt fyrir 200 íbúðum og framkvæmdum þeirra vegna, svo unnt verði að hefja byggingarframkvæmdir nú þegar og ljúka þeim sem fyrst. Skorar bæjarstjórnin á fjárhagsráð að verða við óskum bæjarstjórnarinnar í þessu efni.

Fulltrúar Sósíalistaflokksins óskuðu bókað:

Um leið og bæjarfulltrúar Sósíalistaflokksins greiða tillögu borgarstjóra atkvæði þar sem þeir eru samþykkir henni í megin atriðum, taka þeir fram:

1. Að þeir telja, að staðarval það, sem gert er ráð fyrir í öðrum lið tillögunnar, sé óheppilegt, þar sem vel væri hægt að reisa hinar fyrirhuguðu byggingar við götur, sem þegar eru fullgerðar og því óþarfi að leggja í þann kostnað, sem leiðir af gatnagerð og leiðslum fyrir hið fyrirhugaða hverfi.

2. Að þeir telja, að bæjarstjórn beri að gera heildaráætlun um íbúðarhúsabyggingar í bænum, er við það miðist, að allir bæjarbúar geti sem fyrst búið í sæmilegu húsnæði.

3. Að þeir telja, að bæjarstjórninni beri að láta fara fram gaumgæfilega athugun á því, á hvern hátt auðið mætti verða að draga eitthvað úr þeim gífurlega kostnaði, sem er því samfara að búa í því húsnæði, sem reist hefir verið á síðari árum og sem hefir leitt til stórhækkunar á húsaleigu í eldri húsum.

1. - 13. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga veitingaleyfisnefndar í 14. lið samþ. með shlj. atkv.
15. - 16. liður samþ. með shlj. atkv.
1. brtt. Jóns A. Péturssonar felld með 8:2 atkv.
1. liður í till. borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.
2. brtt. Jóns Axels Péturssonar felld með 7:5 atkv.
2. liður í till. borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.
Niðurlag till. borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.
Tillagan í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Jóns Axels Péturssonar samþ. með shlj. atkv.
Tillaga bæjarráðs í 18. lið samþ. með shlj. atkv.
Tillaga bæjarráðs í 19. lið samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Pálma Hannessonar samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 17. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 29. apríl lögð fram.

IX. Fundargerð fræðsluráðs frá 17. maí lögð fram. Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X. Fundargerð framfærslunefndar frá 18. maí lögð fram.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.

Fundargerð lesin og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 9.45

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Guðrún Jónasson.
Hannes M. Stephensen.
Jónas H. Haralz.
Guðm. H. Guðmundsson.
Guðjón Einarsson.
Pálmi Hannesson.

Björn Bjarnason.
Jóhanna Egilsdóttir.
Jón Axel Pétursson.
Sigfús Sigurhjartarson
Þst. Árnason.
Einar Erlendsson.
Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1949, fimmtudaginn 30. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum og hófst kl. 5 síðdegis. Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Guðmundur Helgi Guðmundsson, Hallgrímur Benediktsson, Þorsteinn Árnason, Jóhann Hafstein, Einar Olgeirsson, Jónas H. Haralz, Hannes Stephensen, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir og Steinþór Guðmundsson.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.
Brunabótavirðingagjörðir, 57 að tölu, er bárust bæjarstjórninni með bréfum tryggingarfélagsins, dags. 19. og 25. maí s.l., voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 29. júní lögð fram.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 20. maí lögð fram.
5. liður samþ. með öllum greiddum atkv. gegn einu.
Fundargerðin í heild samþ. með öllum greiddum atkv. gegn einu.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 23. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 10. júní lögð fram.
Fulltrúar Sósíalistaflokksins báru fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórn felur borgarstjóra að leita nú þegar samninga við Félag bifvélavirkja, fyrir hönd Strætisvagnanna og annara fyrirtækja bæjarins, er vinnustöðvun bifvélavirkjanna snertir.

Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Með tilliti til þess, að langvarandi stöðvun Strætisvagna Reykjavíkur hefir mikil óþægindi og tjón í för með sér fyrir bæjarbúa, samþykkir bæjarstjórn að fela borgarstjóra og bæjarráði að athuga nú þegar í hverju það liggur, að samningar ekki hafa tekist við Félag bifvélavirkja og gera sitt til, að samningar takist hið fyrsta.
> Jafnframt skorar bæjarstjórnin á deiluaðila, að gera raunhæfar tilraunir til lausnar deilunni.

Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.
Tillögu fulltrúa Sósíalistaflokksins vísað til bæjarráðs með 8:4 atkv.
Tillaga Jóns Axels Péturssonar, er forseti úrskurðaði að væri breytingartillaga við tillögu fulltrúa Sósíalistaflokksins, var samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 16. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð bæjarráðs frá 20. júní lögð fram o gsamþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð bæjarráðs frá 24. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

X. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 29. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IX. Fundargerð bæjarráðs frá 28. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

XI. Fundargerð hafnarstjórnar frá 28. júní lögð fram.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XII. Reikningar bæjarsjóðs Reykjavíkur og bæjarstofnana lagðir fram til úrskurðar.
Samþ. með shlj. atkv., að reikningarnir skuli bornir undir atkv. í einu lagi.
Reikningur bæjarsjóðs samþ. með shlj. atkv.
Reikningar stofnana og sjóða samþ. með shlj. atkv.
Reikningur hafnarsjóðs samþ. með shlj. atkv.
Reikningarnir í heild samþ. með shlj. atkv.

Fundargerðin lesin og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.25.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
F. V. Ólafsson.
Þst. Árnason.
Jónas H. Haralz.
Jón Axel Pétursson.
Jóhanna Egilsdóttir.

Guðrún Jónasson.
Hallgr. Benediktsson.
Jóhann Hafstein.
Einar Olgeirsson.
Hannes M. Stephensen.
Stþ. Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1949, fimmtudaginn 21. júlí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum og hófst kl. 5 síðdegis. Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Guðrún Jónasson, Hallgrímur Benediktsson, Guðmundur H. Guðmundsson, Þorsteinn Árnason, Sigfús Sigurhjartarson, Jóhanna Egilsdóttir, Hannes Stephensen, Björn Bjarnason, Jóhann Hafstein, Steinþór Guðmundsson, Jón Axel Pétursson, Auður Auðuns og Sigurjón Guðmundsson.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.
Brunabótavirðingagjörðir, 51 að tölu, er bárust bæjarstjórninni með bréfi tryggingarfélagsins, dags. 15. júlí, voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 14. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 5. júlí lögð fram.
8. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 8. júlí lögð fram.
2. liður samþ. með shlj. atkv.
5. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga frá Jóni Axel Péturssyni, um að mæla með veitingaleyfisbeiðninni í 8. lið, fékk ekki nægan stuðning.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 15. júlí lögð fram.
6. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 21. júlí lögð fram.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
Jóhann Hafstein fór af fundinum kl. 7 en Lúðvík Hjálmtýsson kom í hans stað.
3. liður samþ. með shlj. atkv.

Tillaga um að vísa 5. lið til bæjarráðs til afgreiðslu var samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 6. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VIII. Kosning stjórnar Sogsvirkjunarinnar.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
Aðalmenn voru kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Gunnar Thoroddsen
Guðm. H. Guðmundsson
Einar Olgeirsson.

Varamenn voru kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Tómas Jónsson
Helgi H. Eiríksson
Björn Bjarnason.

IX. Fundargerð framfærslunefndar frá 9. júlí lögð fram.

Fundargerð lesin og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.12

Gunnar Thoroddsen.
Jóhanna Egilsd.
Auður Auðuns.
Jón Axel Pétursson.

Guðm. Ásbjörnsson.
Björn Bjarnason.
Stþ. Guðmundsson.
Guðrún Jónasson.
Þst. Árnason.
Björn Bjarnason.

Hannes M. Stephensen.
Sigfús Sigurhjartarson.
Guðm. H. Guðmundsson.
Lúðvík Hjálmtýsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1949, fimmtudaginn 4. ág., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum og hófst kl. 5 síðdegis. Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Hallgrímur Benediktsson, Sveinbjörn Hannesson, Guðmundur H. Guðmundsson, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Arnfinnur Jónsson, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Björn Bjarnason og Auður Auðuns.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 28. júlí lögð fram.
Tillaga um að fresta 10. og 53. lið var samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 22. júlí lögð fram.
Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin samþykkir að fela borgarstjóra og bæjarráði að ítreka fyrri umsókn til fjárhagsráðs um fjárfestingarleyfi fyrir eitt hundrað íbúðum til viðbótar þeim (eitt hundrað), sem leyfi er fengið fyrir. Ennfremur samþykkir bæjarstjórnin að gefa efnalitlum einstaklingum, sem fengið hafa fjárfestingarleyfi, en vegna lánsfjárskorts geta ekki byggt, kost á því að afhenda Reykjavíkurbæ leyfin, að fengnu samþykki fjárhagsráðs, og sé þá leyfishöfum jafnframt gefinn kostur á að fá íbúðir í þeim húsum, er vegna þessa yrðu byggð, með sömu kjörum og ráðgerð eru um þær eitt hundrað íbúðir, sem nú er verið að byrja að byggja.

27. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillögu Jóns Axels Péturssonar vísað til bæjarráðs með 8:6 atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 29. júlí lögð fram.
10. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 2. ágúst lögð fram.
Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir þann skipulagsuppdrátt að Aðalstræti og umhverfi þess, er gerður var í mars s.l., og legið hefir frammi lögmæltan tíma, en tekur ekki endanlega afstöðu til þess, hvort súlnagöng með gangstétt skuli vera við Austurstræti sunnanvert né heldur til götulínu við Vesturgötu, milli Aðalstrætis og væntanlegrar bogagötu.

Sigfús Sigurhjartarson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Þar sem bæjarstjórn hefir á fundi sínum 17. febr. þ.á., einróma skorað á skipulagsnefnd og skipulagsmenn bæjarins að leggja sem allra fyrst fram heildartillögur um skipulag miðbæjarins, og þar sem hún væntir þess, að orðið verði við þessari áskorun hið bráðasta, telur hún ekki tímabært að taka afstöðu til einstakra skipulagsatriða innan þessa bæjarhluta, og ákveður að fresta 4. lið fundargerðar bæjarráðs frá 2. þ.m.

Steinþór Guðmundsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin skorar á borgarstjóra að láta nú þegar ganga frá ákvörðunum um, hvaða svæði verði á næstunni tekin til íbúðarhúsabygginga. Að þeim ákvörðunum loknum, verði undirbúningi undir úthlutun bygg-ingarlóða hraðað svo, að síðari hluta vetrar ár hvert verði svo mikill fjöldi byggingarlóða tilbúinn til tafarlausrar úthlutunar, að byggingarframkvæmdir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þurfi ekki að tefjast vegna dráttar á lóðaúthlutun eða framkvæmda við gatnagerð og lagningu vatns- og frárennslisæða.

Tillaga Sigfúsar Sigurhjartarsonar felld með 8:6 atkv.
Tillaga borgarstjóra samþ. með 8:6 atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillaga um bifreiðastæði, sem bókuð er aftan við fundargerð bæjarráðs samþ. með shlj. atkv.
Tillögu Steinþórs Guðmundssonar vísað til bæjarráðs með 8:4 atkv.

V. Fundargerð hafnarstjórnar frá 28. júlí lögð fram.

VI. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 15. júlí lögð fram.

VII. Fundargerð fræðsluráðs frá 3. ágúst lögð fram.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn heimilar bæjarráði að skipa í starf umsjónarmanns við Miðbæjarskólann, að fengnum tillögum fræðsluráðs og skólastjóra.

Tillagan var samþ. með shlj. atkv.

VIII. Frestun bæjarstjórnarfunda.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
Samþ. með shlj. atkv. að fresta fundum bæjarstjórnar til 1. sept. n.k.

Fundi slitið kl. 8.55

Guðm. Ásbjörnsson.

| | |
|---|---|
| F.V. Ólafsson. | Auður Auðuns. |
| Guðrún Jónasson. | Sveinbj. Hannesson. |
| Hallgr. Benediktsson. | Stþ. Guðmundsson. |
| Guðm. H. Guðmundsson. | Jón Axel Pétursson. |
| A. Jónsson. | Jóhanna Egilsdóttir. |
| Björn Bjarnason. | Sigfús Sigurhjartarson |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1949, fimmtudaginn 1. sept., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum og hófst kl. 5 síðdegis. Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Jóhann Hafstein, Hallgrímur Benediktsson, Hannes Stephensen, Jón Axel Pétursson, Pálmi Hannesson, Björn Bjarnason, Auður Auðuns, Gísli Halldórsson, Steinþór Guðmundsson, Arnfinnur Jónsson og Jóhanna Egilsdóttir.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.
Brunabótavirðingagjörðir, 42 að tölu, er bárust bæjarstjórninni með bréfi tryggingarfélagsins, dags. 15. júlí s.l., voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 11. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð byggingarnefndar frá 25. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 5. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 11. ágúst lögð fram.
6. lið vísað aftur til bæjarráðs með shlj. atkv.
10. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 17. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð bæjarráðs frá 26. ágúst lögð fram.
Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórn samþykkir, að bæjarsjóður taki við fjárfestingarleyfum þeirra einstaklinga í Reykjavík, er eigi geta notfært sér þau vegna fjárskorts, og reisi fyrir þá íbúðir með samskonar kjörum og skilyrðum og gilda um bæjarbyggingarnar við Bústaðaveg, sbr. ályktun bæjarstjórnar 19. maí 1949, að tilskildu samþykki fjárhagsráðs. Felur bæjarstjórnin bæjarráði og borgarstjóra að semja við þá aðilja, er fjárfestingarleyfi hafa og óska eftir samvinnu við bæinn um slíkar byggingarframkvæmdir.
> Jafnframt skorar bæjarstjórn enn á ný á ríkisstjórn og Alþingi að veita íbúðarbyggingum bæjarins fjárhagslegan stuðning eins og gert er ráð fyrir í l. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa.

Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.
Tillaga borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð fræðsluráðs frá 8. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IX. Fundargerð fræðsluráðs frá 16. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

X. Fundargerð fræðsluráðs frá 29. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

XI. Fundargerð hafnarstjórnar frá 9. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

XII. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 12. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XIII. Kosning tveggja manna í yfirkjörstjórn við alþingiskosningar og tveggja varamanna.
Aðalmenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Einar B. Guðmundsson
Ragnar Ólafsson.

Varamenn, kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Steinþór Guðmundsson
Ólafur Sveinbjörnsson.

XIV. Fundargerð framfærslunefndar frá 11. ágúst lögð fram.

Fundargerð lesin og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.50.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Stþ. Guðmundsson.
Jóhann Hafstein.
Gísli Halldórsson.
Hallgr. Benediktsson.
Auður Auðuns.

Björn Bjarnason.
Jóhanna Egilsdóttir.
Jón Axel Pétursson.
Hannes M. Stephensen.
A. Jónsson.
Guðrún Jónasson.

F. V. Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1949, fimmtudaginn 15. sept., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Auður Auðuns, Hallgrímur Benediktsson, Sveinbjörn Hannesson, Einar Erlendsson, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Hannes Stephensen, Jóhanna Egilsdóttir, Björn Bjarnason og Jón Axel Pétursson.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.
Brunabótavirðingagjörðir, 38 að tölu, er bárust bæjarstjórninni með bréfi tryggingarfélagsins, dags. 6. sept., voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 8. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 2. sept. lögð fram.
Hannes M. Stephensen bar fram svohljóðandi tillögu:

Þar sem upplýst er, að lagt hefir verið rafmagn í nokkur hús á árunum 1947 og 1948, þrátt fyrir það að þau hafa verið reist í óleyfi bæjarins, telur bæjarstjórn ekki fært að halda við þá fyrri afstöðu sína, að leyfa ekki rafmagn og vatn í óleyfishús, enda augljóst, að eitt verður yfir alla að ganga í þessu efni, ef tæknilegar ástæður hindra ekki lagningu rafmagns og vatns.

Borgarstjóri bar fram svohljóðandi tillögu til rökstuddrar dagskrár:

Þar sem að undanförnu hefir að tilhlutun bæjarráðs og borgarstjóra farið fram sérstök athugun á því, hvort ekki væri réttmætt að leyfa rafmagn og vatn í þau óleyfishús, þar sem sérstakar ástæður mæla með, og þessi mál liggja fyrir til afgreiðslu á næsta fundi bæjarráðs, og þar sem tillagan að öðru leyti miðast við vafasöm sjónarmið, vísar bæjarstjórn tillögu þessari frá.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Dagskrártillaga borgarstjóra var samþ. með 8:4 atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 13. sept. lögð fram.
Sigfús Sigurhjartarson bar fram svohljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn ákveður að fela bæjarráði að endurskoða ákvæði erfðafestusamninga um Árbæjarbletti og önnur erfðafestulönd ofan Elliðaár, varðandi stærð þeirra bygginga, er reisa má á blettunum, með það fyrir augum að heimila stærri byggingar en nú tíðkast, enda verði byggingunum þannig fyrir komið, að auðvelt sé að flytja þær.

Jón Axel Pétursson bar fram svohljóðandi tillögur:

1. Bæjarstjórn samþykkir að fela borgarstjóra og bæjarráði að láta gera akfært að húsahverfi því, er stendur við svonefnt Hitaveitutorg í Grafarholtslandi.
Ennfremur að láta fara fram athugun á því, hvernig hverfi þessu, svo og Árbæjarblettunum verði bezt séð fyrir reglubundnum strætisvagnaferðum allt árið.
2. Bæjarstjórnin skorar á fjárhagsráð að veita nú þegar leyfi til þess, að einstaklingar í Reykjavík, er fengið hafa fjárfestingarleyfi, en eigi geta notfært sér þau vegna fjárskorts, megi framselja þau Reykjavíkurbæ, að því tilskyldu, að leyfishafar fái íbúð í þeim húsum, er þannig yrðu byggð.

Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillögu Sigfúsar Sigurhjartarsonar vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.
Fyrri tillögu Jóns Axels Péturssonar vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.
Síðari tillaga sama bæjarfulltrúa samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerðir fræðsluráðs frá 12. og 13. sept. lagðar fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Skipun sáttanefndar.
Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
Aðalmaður í nefndina var tilnefndur án atkvæðagreiðslu

Sigurður Á. Björnsson framfærsluftr.

Varamaður var tilnefndur án atkvæðagreiðslu

Gísli Jónasson fulltrúi.

Fundargerðin lesin og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.3o.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Guðrún Jónasson.
Hallgr. Benediktsson.
Jóhann Hafstein.
Stþ. Guðmundsson
Jón Axel Pétursson

F. V. Ólafsson.
Auður Auðuns.
Sveinbj. Hannesson.
Sigfús Sigurhj.
Hannes M. Stephensen.
Jóhanna Egilsdóttir.

Björn Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1949, fimmtudaginn 6. okt., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum og hófst kl. 5 síðdegis. - Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Einar Erlendsson, Guðrún Jónasson, Hallgrímur Benediktsson, Auður Auðuns, Þorsteinn Árnason, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Hannes Stephensen, Magnús Ástmarsson, Jóhanna Egilsdóttir, Guðmundur Kr. Guðmundsson, Björn Bjarnason og Guðmundur H. Guðmundsson.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 29. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 19. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 20. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 23. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 27. sept. lögð fram.
Steinþór Guðmundsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Með hliðsjón af því, að bæjarstjórnin samþykkti á sínum tíma að láta reisa 200 íbúðir við Bústaðaveg, og gerði þá ráð fyrir að veita væntanlegum kaupendum þeirra hagstæð lán, en hinsvegar hefir ekki fengist fjárfestingarleyfi nema fyrir 100 íbúðum, þá ákveður bæjarstjórnin nú að veita allt að 100 húsnæðislausum bæjarbúum samskonar lán og með sömu kjörum, ef þeir hafa fengið fjárfestingarleyfi en skortir fé til að ráðast í byggingarnar og ljúka þeim. Frá þessari tölu dragist þó þeir fjárfestingarleyfishafar, sem afhenda bænum leyfi sín, gegn því að fá íbúð við Bústaðaveg, enda séu þá íbúðir þeirra byggðar sem viðbót við þær 100, sem bærinn sjálfur hefir fengið fjárfestingarleyfi fyrir.

19. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillögu Steinþórs Guðmundssonar vísað til bæjarráðs með 11:3 atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 30. sept. lögð fram.
Hannes Stephensen bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Þar sem viðgerð sú, er fram átti að fara á Verkamannaskýlinu á þessu sumri hefir dregist óhæfilega lengi án afsakanlegra ástæðna, þá samþykkir bæjarstjórnin að viðgerð þessi verði hafin nú þegar, svo bætt verði úr því óforsvaranlega ástandi, er lokun skýlisins hefir valdið.
> Jafnframt beinir bæjarstjórn þeim tilmælum til borgarstjóra, að hann hlutist til um, að verkamönnum við höfnina verði séð fyrir húsnæði til bráðabirgða, meðan viðgerð skýlisins fer fram.

Samþ. með shlj. atkv. að mæla með erindinu í 8. lið.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillögu Hannesar Stephensen vísað til bæjarráðs með 8:6 atkv.

VII. Fundargerð bæjarráðs frá 4. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð fræðsluráðs frá 26. sept. lögð fram.
2. liður samþ. með shlj. atkv.
3. - - - - -
6. - - - - -
7. - - - - -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IX. Fundargerð hafnarstjórnar frá 20. sept. lögð fram og samþ. sem shlj. atkv.

X. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 9. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

XI. Fundargerð stjórnar Eftirlaunasjóðs frá 20. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

XII. Um alþingiskosningar.
a) Kjörskrárkærur.
b) Skipun kjördeilda.
c) Skipun kjörstjórna.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarráði að úrskurða kærur út af alþingiskjörskránni og að undirrita kjörskrána. Jafnframt er bæjarráði falið að ákveða kjörstað, skipa kjósendum í kjördeildir og skipa undirkjörstjórnir.

Tillaga þessi var samþ. með shlj. atkv.

XIII. Fundargerð framfærslunefndar frá 17. sept. lögð fram.

XIV. Fundargerð framfærslunefndar frá 26. sept. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

Fundargerð lesin og undirrituð.

Fundi slitið kl. 6.55.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
G. Kr. Guðmundsson.
Magnús Ástmarsson.
Stþ. Guðmundsson.
Sigfús Sigurhjartarson.
Hallgr. Benediktsson.
Guðrún Jónasson.

Björn Bjarnason.
Jóhanna Egilsdóttir.
Hannes M. Stephensen.
Þst. Árnason.
Guðm. H. Guðmundsson.
Auður Auðuns.
Einar Erlendsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1949, fimmtudaginn 20. okt., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum og hófst kl. 5 síðdegis. Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Auður Auðuns, Guðmundur H. Guðmundsson, Lúðvik Hjálmtýsson, Sigfús Sigurhjartarson, Guðbrandur Guðmundsson, Hannes Stephensen, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Gísli Halldórsson og Steinþór Guðmundsson.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 13. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 7. okt. lögð fram.
Jón Axel Pétursson og Jóhanna Egilsdóttir báru fram svo hljóðandi tillögu:

> Þar sem fyrir liggja upplýsingar um, að efnalitlir einstaklingar, er fengið hafa fjárfestingarleyfi og þegar hafið íbúðarhúsabyggingar í hinum ýmsu hverfum bæjarins, eru í fjárþrotum, svo að byggingar eru ýmist stöðvaðar eða eigendur á leið að missa þær vegna lánsfjárskorts. Þar sem ennfremur eigi er fyrirsjáanlegt, að byggðar verði á þessu ári fleiri en rúmar eitt hundrað íbúðir á vegum bæjarins í stað þeirra tvö hundruð, sem ráðgert var að yrðu byggðar, þá samþykkir bæjarstjórn:
> að gefa efnalitlum einstaklingum, sem eru að byggja yfir sig og fjölskyldur sínar og svo stendur á fyrir, er að ofan greinir, kost á nauðsynlegum lánum, og felur bæjarráði og borgarstjóra að ákveða vexti, setja reglur um greiðsluskilmála og annað, er máli skiptir, og úrskurða um lánsfjárhæð í hverju einstöku tilfelli, og fái bærinn þá jafnframt forleigurétt fyrir húsnæðislaust fólk að þeim íbúðum, er húseigandi þarf eigi sjálfur að nota fyrir sig og skyldulið sitt.

Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.
Tillögu Jóns Axels Péturssonar vísað til bæjarráðs með 7:2 atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 8. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 19. okt. lögð fram.
1. liður samþ. með shlj. atkv.
Ályktun bæjarráðs í 10. lið samþ. með shlj. atkv.
22. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð fræðsluráðs frá 17. okt. lögð fram.
2., 3., 5., 6., og 7. liður samþ. með shlj. atkv.

Fundargerð lesin og undirskrifuð.
Fundi slitið kl. 6.20.
Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Guðrún Jónasson.
Guðm. H. Guðmundsson.
Gísli Halldórsson.
Guðbrandur Guðmundsson.
Jóhanna Egilsdóttir.

F. V. Ólafsson.
Auður Auðuns.
Ludvig Hjálmtýsson.
Sigfús Sigurhjartarson.
Hannes M. Stephensen.
Stþ. Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1949, fimmtudaginn 3. nóv., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum og hófst kl. 5 síðdegis. Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Hallgrímur Benediktsson, Guðrún Jónasson, Auður Auðuns, Sigfús Sigurhjartarson, Hannes Stephensen, Jóhanna Egilsdóttir, Sigurjón Guðmundsson, Björn Bjarnason, Sveinbjörn Hannesson, Steinþór Guðmundsson, Jóhann Hafstein, Guðmundur H. Guðmundsson og Jón Axel Pétursson.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.
Brunabótavirðingagjörðir, 52 að tölu, er bárust bæjarstjórninni með tveim bréfum tryggingarfélagsins, dags. 31. okt., voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 27. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 31. okt. lögð fram.
Jón Axel Pétursson tók upp að nýju tillögu sína og Jóhönnu Egilsdóttur frá bæjarstjórnarfundi 20. okt. og flutti svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórn samþykkir að fela borgarstjóra, ásamt einum fulltrúa frá hverjum stjórnmálaflokki í bæjarstjórninni, að bera fram og rökstyðja þá kröfu við fjárhagsráð, að bæjarstjórn Reykjavíkur fái fjárfestingarleyfi fyrir eitt hundrað íbúðum til handa barnafólki, sem býr í bröggum og óhæfum íbúðum, og ungu fólki, er stofnað hefir heimili, en er á hrakhólum með húsnæði eða býr inni á venzlamönnum sínum við óviðunandi skilyrði fyrir báða aðila.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi viðbótartillögu:

> Ennfremur rökstyðji nefndin fyrir fjárhagsráði nauðsyn þess, að byggðar séu 600 íbúðir á ári í Reykjavík.

Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi viðbótartillögu:

> Ennfremur ræði greindir aðilar við fjárhagsráð um heppilegra fyrirkomulag á leyfisveitingum til íbúðarhúsabygginga í Reykjavík, með það fyrir augum, að sem mest og bezt húsnæði fáist fyrir leyfin á hverjum tíma. Leyfunum fylgi auk sements, járns og timburs, innflutningsleyfi fyrir miðstöðvarkerfum, gólfdúkum, salernum, vöskum, gleri og öðru, er til bygginganna þarf.

19. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillögu Jóns Axels Péturssonar og Jóhönnu Egilsdóttur frá bæjarstjórnarfundi 20. okt. vísað til bæjarráðs með 8:7 atkv.
Tillaga Jóns Axels Péturssonar samþ. með shlj. atkv.
Viðbótartillaga borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.
Viðbótartillaga Jóns Axels Péturssonar samþ. með shlj. atkv.
Tillögu Steinþórs Guðmundssonar frá bæjarstjórnarfundi 6. okt., er fulltrúar Sósíalistaflokksins tóku upp að nýju, var vísað til bæjarráðs með 8:4 atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 3. nóv. lögð fram.
12. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

V. Kosning niðurjöfnunarnefndar.
a) Kosning 5 aðalmanna.
Kosnir af þrem listum án atkvæðagr.:
Björn Björnsson hagfr.
Sigurbjörn Þorkelsson kaupm.
Einar Ásmundsson hrl.
Björn Kristmundsson
Haraldur Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

b) Kosning 5 varamanna.
Kosnir af þrem listum án atkvæðagreiðslu:
Einar Erlendsson húsam.
Björn Snæbjörnsson kaupm.
Guttormur Erlendsson endursk.
Zophonías Jónsson
Eyjólfur Jónsson.

c) Kosning formanns.
Tilnefndur var án atkv.gr.:
Björn Björnsson hagfr.

VI. Fundargerð framfærslunefndar frá 1. nóv. lögð fram.

Fundargerð lesin og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.20.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Sigurj. Guðmundsson.
Hannes M. Stephensen.
Stþ. Guðmundsson.
Ludvig Hjálmtýsson.
Sveinbj. Hannesson.
Auður Auðuns.

Björn Bjarnason.
Jóhanna Egilsdóttir.
Jón Axel Pétursson.
Sigfús Sigurhjartarson.
Guðm. H. Guðmundsson.
Hallgr. Benediktsson.
Guðrún Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1949, fimmtudaginn 17. nóv., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum og hófst kl. 5 síðdegis. Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Þorsteinn Arnason, Hallgrímur Benediktsson, Sigurður Sigurðsson, Jóhann Hafstein, Sigfús Sigurhjartarson, Hannes Stephensen, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Pálmi Hannesson, Steinþór Guðmundsson og Ísleifur Högnason.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 10. nóv. lögð fram.
Tillaga um að fresta 12. lið samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 4. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 8. nóv. lögð fram.

Hannes Stephensen bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin samþykkir, að forstöðumannsstarfið við Verkamannaskýlið verði auglýst til umsóknar, og þegar ráðinn verður að nýju forstöðumaður þar, þá fari sú starfsveiting fram í samráði við stjórn Verkamannafélagsins Dagsbrún.

Fulltrúar Sósíalistaflokksins báru fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi það, er nú situr, að setja lög, er feli í sér:

a) að bönkum og öðrum lánsstofnunum verði gert skylt að verja ákveðnum hluta veltufjár síns til lánveitinga vegna íbúðarhúsabygginga. Lánin séu veitt til eigi skemmri tíma en 40 ára og vextir ekki hærri en 3% p.a. Lánsupphæðin verði í hverju tilfelli allt að helmingi byggingarkostnaðar.

b) að öllum lánum, sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsum, sé komið í það horf, að þau verði ekki til skemmri tíma né með hærri vöxtum en um getur í a-lið þessarar tillögu.

Fulltrúar Alþýðuflokksins báru fram svohljóðandi tillögur:

1. Bæjarstjórnin samþykkir að fela borgarstjóra að láta fara fram athugun á því, hve alvarlegur er fjárskortur þeirra manna, er leitað hafa skriflega til bæjarins um aðstoð við byggingu íbúða af hóflegri stærð. Jafnframt verði athugað á hvern hátt unnt verði að greiða úr lánsfjárskorti þessara manna og þá einnig hvort hagkvæmt sé fyrir bæinn að tryggja sér húsnæði í húsum þessara aðila, er þeir eigi þurfa til eigin nota, fyrir það fólk, sem nú á að fara að innrétta fyrir bragga á kostnað bæjarsjóðs.

2. Bæjarstjórnin samþykkir að fela borgarstjóra og bæjarverkfræðingi að hefja nú þegar nauðsynlegan undirbúning að breikkun Lækjargötu frá Bankastræti að Hverfisgötu, þannig að unnt verði að ljúka þeim framkvæmdum á næsta vori.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi dagskrártillögu við 2. tillögu fulltrúa Alþýðuflokksins:

Þar sem sá undirbúningur, er tillagan fjallar um, er þegar hafinn, telur bæjarstjórn ekki ástæðu til að samþykkja tillöguna og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Ennfremur bar borgarstjóri fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn heimilar bæjarráði að ráða forstöðumann fyrir verkamannaskýlið við höfnina.

Jóhann Hafstein bar fram svo hljóðandi dagskrártillögu við tillögu fulltrúa Sósíalistaflokksins:

Bæjarstjórnin ályktar að fela borgarritara, hagfræðingi bæjarins, forstöðumanni endurskoðunarskrifstofu bæjarins, ásamt 4 fulltrúum tilnefndum af bæjarráði, að undirbúa tillögu til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjarstjórnar um víðtæka almenna lánastarfsemi til íbúðarhúsabygginga einstaklinga og félagssamtaka þeirra, er stefni að því að greiða fram úr hinum miklu húsnæðisvandræðum. Verði tillögur nefndarinnar lagðar fyrir bæjarstjórn svo fljótt sem verða má.

Fulltrúar Sósíalistaflokksins óskuðu bókaða svo fellda athugasemd:

Fulltrúar Sameiningarflokks alþýðusósíalistaflokksins taka fram, að þeir eru því andvígir, að bæjarstjórnin færist undan að aðstoða nauðstadda einstaklinga með lánsfjárstuðningi, meðan ekki er fyllt sú tala, sem bæjarstjórn hefir samþ. að styðja til þess að eignast íbúð í þeim húsum, sem hafin er bygging á samkvæmt veittum fjárfestingarleyfum á þessu ári.
Til þess að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning um aðstöðu til ýmsra þeirra framkvæmda, sem nefndar eru í 15. lið fundargerðar bæjarráðs frá 8. nóv., greiði þeir ekki atkvæði gegn liðnum, heldur sitji hjá við atkvæðagreiðslu um liðinn og fundargerðina í heild.

15. liður samþ. með 8 shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með 9 shlj. atkv.
Tillögu Hannesar Stephensen vísað til bæjarráðs með 8:3 atkv.
Tillaga borgarstjóra, um ráðningu forstöðumanns, samþ. með shlj. atkv.
Dagskrártillaga Jóhanns Hafstein samþ. með 13:1 atkv.
Tillögu fulltrúa Alþýðuflokksins um húsabyggingar vísað til bæjarráðs með 8:5 atkv.
Dagskrártillaga borgarstjóra við 2. tillögu fulltrúa Alþýðuflokksins samþ. með 10:2 atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 11. nóv. lögð fram.
2. liður samþ. með shlj. atkv.
8. liður, Gunnlaugur Ólafsson, samþ. með shlj. atkv.
10. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð fræðsluráðs frá 14. nóv. lögð fram.
2. liður samþ. með shlj. atkv.
4. - - - - -

VI. Kosning yfirkjörstjórnar við bæjarstjórnarkosningar 29. janúar n.k.
Aðalmenn, kosnir af tveim listum án atkv.greiðslu:

Torfi Hjartarson tollstj.
Torfi Jóhannsson verðlagsstj.
Ragnar Ólafsson lögfr.

Varamenn, kosnir af tveim listum án atkv.greiðslu:

Hörður Þórðarson sparisjóðsstj.
Páll Líndal lögfr.
Þorvaldur Þórarinsson lögfr.

Fundargerðin lesin og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.50.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Guðrún Jónasson.
Sigurður Sigurðsson.
Sigfús Sigurhjartarson.
Hannes M. Stephensen.
Jón Axel Pétursson.

F. V. Ólafsson.
Þst. Árnason.
Hallgr. Benediktsson.
Jóhann Hafstein.
Ísleifur Högnason.
Jóhanna Egilsdóttir.

Stþ. Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1949, fimmtudaginn 15. des., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum og hófst kl. 5 síðdegis. Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Auður Auðuns, Hallgrímur Benediktsson, Þorsteinn Árnason, Jóhann Hafstein, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Hannes Stephensen, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Pálmi Hannesson og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 24. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð sömu nefndar frá 8. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 18. nóv. lögð fram.
Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórnin samþykkir að greiða 20% uppbót á mánaðarlaun fastra starfsmanna bæjarins og bæjarstofnana fyrir desember 1949.

Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.
Tillaga borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 30. nóv. lögð fram.
Fulltrúar Sósíalistaflokksins báru fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að hlutast til um, að nefnd sú, er skipuð var fyrir alllöngu síðan til athugunar á hitaveitunni og nýtingu hennar, skili áliti sem allra fyrst.

Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórnin samþykkir að skora á þingmenn Reykjavíkur að flytja á yfirstandandi Alþingi fraumvarp, er tryggi rétt Reykjavíkur og annara, er náð hafa heitu vatni úr jörðu og hagnýta það í ýmsum tilgangi, þannig að eigi verði unnt með nýjum borunum á nærliggjandi svæðum að eyðileggja að nokkru eða öllu þær framkvæmdir, sem stofnsettar hafa verið.

Sigfús Sigurhjartarson bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórn skorar á Alþingi það, er nú situr, að setja lög um jarðboranir og nýtingu jarðhita, er meðal annars komi í veg fyrir að hægt sé bótalaust að taka vatn frá virkjuðu hitasvæði, með því að bora í nágrenni þess.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillögu fulltrúa Sósíalistaflokksins vísað til hitaveitunefndar með 12:2 atkv.
Tillögum Jóns Axels Péturssonar og Sigfúsar Sigurhjartarsonar vísað til bæjarráðs með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 2. des. lögð fram.
Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Bæjarstjórnin felur bæjarráði og borgarstjóra, í samráði við bæjarverkfræðing og forstjóra bæjarstofnana, að athuga, hverjar ráðstafanir sé unnt að gera nú þegar til þess að auka atvinnu vörubílstjóra.

Jón Axel Pétursson bar fram svo hljóðandi tillögu:

> Með tilliti til atvinnuþarfa vörubifreiðarstjóra í bænum, samþykkir bæjarstjórn að fela borgarstjóra og bæjarráði að athuga, hvort eigi sé unnt og hagkvæmt að auka grjótkeyrslu vegna fyrirhleðslu til varnar bæjarlandinu, til breikkunar Grandagarðs og stækkunar Örfiriseyjar, frá Faxaverksmiðjunni í norðvesturhorn eyjarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillaga borgarstjóra samþ. með shlj. atkv.
Tillögu Jóns Axels Péturssonar vísað til bæjarráðs og hafnarstjórnar með shlj. atkv.

VI. Fundargerð bæjarráðs frá 9. des. lögð fram.
Fulltrúar Alþýðuflokksins báru fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin samþykkir að fela borgarlækni að athuga og gera tillögur um það, á hvern hátt komið verði á fót starfsemi til hjálpar á heimilum, og þá alveg sérstaklega í veikindatilfellum húsmæðra.

28. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Að fenginni umsögn héraðslæknis skv. 13. lið var samþ. með shlj. atkv. að tilnefna Helgu Níelsdóttur í ljósmóðurstöðu í bænum.
Tillögu fulltrúa Alþýðuflokksins vísað til bæjarráðs með 9:2 atkv.

VII. Fundargerð bæjarráðs frá 13. des. lögð fram.
Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 19. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IX. Fundargerð sömu nefndar frá 22. nóv. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

X. Fundargerð sömu nefndar frá 13. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

XI. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 12. nóv. lögð fram.
Samþ. með shlj. atkv. að fresta 1. lið.
2. - 4. liður samþ. með shlj. atkv.

XII. Útdregið skuldabréf Laugarnessláns. Út var dregið nr. 14.

XIII. Fundargerð framfærslunefndar frá 22. nóv. lögð fram.

XIV. Fundargerð sömu nefndar frá 10. des. lögð fram.

Fundargerðin lesin og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.40.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Sigfús Sigurhjartarson.
Jóhann Hafstein.
Þst. Árnason.
Auður Auðuns.
Hallgr. Benediktsson.

Björn Bjarnason.
Jóhanna Egilsdóttir.
Jón Axel Pétursson.
Hannes M. Stephensen.
Stþ. Guðmundsson.
Guðrún Jónasson.

F. V. Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R S T J Ó R N.

Ár 1949, fimmtudaginn 29. des., var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var haldinn í Kaupþingssalnum og hófst kl. 5 síðdegis. Voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur H. Guðmundsson, Einar Erlendsson, Lúðvik Hjálmtýsson, Guðrún Jónasson, Steinþór Guðmundsson, Hannes Stephensen, Magnús Ástmarsson, Jóhanna Egilsdóttir, Pálmi Hannesson, Björn Bjarnason, Sigurður Sigurðsson, Jóhann Hafstein og Sigfús Sigurhjartarson.

Þetta gerðist:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 29. des. lögð fram. Samþ. með shlj. atkv. að taka málið á dagskrá.
Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 16. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 23. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 28. des. lögð fram.
Sigurður Sigurðsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn telur nauðsynlegt, að þegar fari fram athugun á því, hverjar bráðabirgðaaðgerðir unnt sé að framkvæma til að ráða bót á sjúkrarúmaskortinum í bænum, þangað til hið fyrirhugaða bæjarsjúkrahús geti tekið til starfa. Enda þótt ákveðið hafi verið að hraða byggingu þess svo sem verða má, er ljóst að slíkar framkvæmdir taka alltaf nokkur ár.
Því felur bæjarstjórn bæjarráði:

1. Að taka upp samninga við Landakotsspítala um að útbúið verði fyrir sjúklinga húsrými það, sem nú er lítt notað í sjúkrahúsinu.
2. Athugun verði látin fara fram á því þegar í stað, hvort tiltækilegt þyki að byggja við sjúkrahús Hvítabandsins. Reynist það mögulegt, verði rannsakað hve stór slík bygging gæti orðið, hver kostnaður hennar yrði og hve langan tíma hún tæki.
3. Að greitt verði fyrir því svo sem tök eru á, að húsrými efstu hæðar Landsspítalans fáist tekið til afnota fyrir sjúklinga.
4. Að athuga, hverjar aðrar tiltækilegar leiðir væru líklegar til bráðabirgðabóta.

Tillaga um að fresta 17. lið var samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin að öðru leyti samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Sigurðar Sigurðssonar var samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð stjórnar Eftirlaunasjóðs frá 19. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Frv. að reglugerð fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur.
Sigfús Sigurhjartarson bar fram svo hljóðandi tillögur:

1. Bæjarstjórn ákveður, að Bæjarútgerð Reykjavíkur skuli frá og með 1. jan. 1950 lúta stjórn bæjarráðs og bæjarstjórnar á sama hátt og önnur bæjarfyrirtæki.
2. Breytingartillögur.
Við 7. gr.
Í stað orðanna í upphafi annarar málsgreinar: "Það ræður framkvæmdarstjóra, einn eða fleiri, og víkur þeim frá", komi: Það ræður einn framkvæmdarstjóra og víkur honum frá.
Við 9. gr. Greinin orðist svo:
Framkvæmdarstjóri stjórnar daglegum rekstri Bæjarútgerðarinnar og kemur fyrir hennar hönd fram gagnvart öðrum, að venjulegum hætti útgerðarstjóra. Hann undirritar bréf og önnur skjöl útgerðarinnar, nema útgerðarráði sé falið það verkefni sérstaklega, en getur þó veitt öðrum starfsmönnum umboð til undirritunar venjulegra viðskiptabréfa. Hann skal hafa prókúruumboð fyrir bæjarútgerðina. Hann sér um, að haft sé nákvæmt bókhald um tekjur og gjöld Bæjarútgerðarinnar með þeim hætti, sem útgerðarráð ákveður. Hann ræður starfsmenn útgerðarinnar og víkur þeim frá störfum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. tillagan felld með 10:5 atkv.
Breytingartill. við 7. gr. felld með 10:5 atkv.
Aðrar breytingartillögur teknar aftur.
Frv. samþ. með 11:1 atkv.

VII. Fundargerð framfærslunefndar frá 16. des. lögð fram.

Fundargerðin lesin og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.

Guðm. Ásbjörnsson.

Gunnar Thoroddsen.
Guðrún Jónasson.
Sigurður Sigurðsson.
Guðm. H. Guðmundsson.
Stþ. Guðmundsson.
Magnús Ástmarsson.
Pálmi Hannesson.

Jóhann Hafstein.
Einar Erlendsson.
Ludvig Hjálmtýsson.
Sigfús Sigurhjartarson.
Hannes M. Stephensen.
Jóhanna Egilsdóttir.
Björn Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur